


skoðun 12

SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt

CrossFit








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

21. september 2011

220. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011





## Land Cruiser á pólinn

*Kasakstan heldur upp á 20 ára sjálfstæði með leiðangri á suðurskautið.*

tímamót 16

## Aftur til Íslands

*Sissel Kyrkjebø syngur á Frostrósatónleikum í Hörpu í desember.*

fólk 30



## Mæta Belgíu í kvöld

*Stelpurnar okkar mæta Belgum á Laugardalsvellinum í kvöld.*

sport 27

## veðrið í dag




**KÓLNAR LÍTILLEGA** Í dag má búast við N- og NV-áttum, víða 3-8 m/s. Úrkomulítið að mestu en fremur skýjað við S- og SA-ströndina og horfur á stöku skúrum þar. Hiti verður á bilinu 5-12°C, hlýjast syðst.

VEÐUR 4



**UPPHAFSHÖGG Á URRIÐAVELLI** Hefðbundnar sumaríþróttir eru áfram stundaðar þótt haustið sé tekið til við að mála umhverfið í fjölskrúðugum litum eins og hér á golfvellinum í Urriðaholti í Garðabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hrefnuveiðiskip verði útilokuð frá Faxaflóa

**Forsvarsmenn hvalaskoðunarfyrirtækja segja hrefnuveiðar í Faxaflóa valda fækkun dýra og vilja að veiðimenn fari annað. Framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna ehf. segir skoðunarfyrirtækin sjálf fæla hrefnurnar með stöðugu áreiti.**

**ATVINNUMÁL** „Það er ekki hlustað á okkur og hrefnuveiðarnar í Faxaflóa stöðvaðar þó að við séum grenjandi af áhyggjum,“ segir Vignir Sigursveinsson, forsvarsmaður hvalaskoðunarfyrirtækisins Eldingar í Reykjavík.

Vignir segir ljóst að hvalaskoðun og hrefnuveiðar á Faxaflóa fari mjög illa saman. Hvalaskoðun sem velti um 600 milljónum króna sé stefnt í voða með veiðum á hrefnunni sem hafi fækkað verulega. Á árunum 2002 til 2004 hafi iðulega sést tugir og jafnvel yfir hundrað hrefnur á skoðunarsvæðinu.

„Núna í sumar er undantekning ef við sjáum fleiri en tíu hrefnur á svæðinu. Það bendir allt til þess að veiðarnar séu að stórskaða okkur,“ segir Vignir og minnir á að veiðarnar út af fyrir sig séu umdeildar. „Og eru þó ekki nema 50 til 60 hrefnur sem er markaður fyrir.“

Vignir kveður rannsóknir sýna að sömu hrefnurnar komi á sömu staði ár eftir ár. „Af hverju taka þeir sem ráða þessa áhættu með hvalaskoðun frá Reykjavík – atvinnuveg sem er búinn að sanna sig?“ spyr hann.

> Ég ímynda mér að við þetta áreiti forðist dýrin að vera á þessu svæði – ef þau eru svona gáfuð eins og þetta lið vill meina að þau séu.
>
> GUNNAR BERGMANN JÓNSSON
> EIGANDI OG FRAMKVÆMDASTJÓRI HREFNUVEIÐIMANNA EHF.

Frá árinu 2009 hafa hrefnuveiðimenn haldið sig utan línu sem er um það bil tólf sjómílur frá landi. Gunnar Bergmann Jónsson, eigandi fyrirtækisins Hrefnuveiðimenn ehf., sem gerir út frá Hafnarfirði og er nánast eitt um hrefnuveiðarnar, segir dýrunum alls ekki hafa fækkað. Þau hafi einfaldlega hörfað utar á Faxaflóa undan ágangi hvalaskoðunarskipa.

„Þessi hvalaskoðunarfyrirtæki eru með samtals 32 ferðir á dag. Hrefnur eru spendýr sem þurfa að koma upp til að anda. Um leið og þau koma upp er vaðið á þau með fimm til átta hundruð hestafla mótorum. Ég ímynda mér að við þetta áreiti forðist dýrin að vera á þessu svæði – ef þau eru svona gáfuð eins og þetta lið vill meina að þau séu,“ segir Gunnar.

Vignir segir hvalaskoðunarmenn afar áhyggjufulla. „Við skiljum ekki af hverju þeir eru að veiða einmitt þarna ef það er nóg af hrefnu allt í kring um landið. Öll hrefna sem seld er á veitingahúsum og í verslunum í Reykjavík er skotin hér í Faxaflóanum. Þess vegna tökum við þátt í að mótmæla veiðunum. Ef þeir væru annars staðar þá hefðum við ekki sömu áhyggjur af því.“

Gunnar segir kostnað við veiðarnar hafa aukist eftir að sjávarútvegsráðherra hafi gert veiðimönnum að halda sig utan áðurnefndrar línu sem afmarkar svæðið sem helgað er hvalaskoðuninni. Tveggja tíma stím sé nú á miðin. Greinin megi vart við því að vera gerð útlæg frá Faxaflóa.

„En þeir ætla að keyra á þetta án allra raka og liggja á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að fá að loka Faxaflóanum alfarið fyrir næsta sumar,“ segir eigandi Hrefnuveiðimanna ehf. - gar

Fallist á rök um Icesave:

## Gögnum um þrotabú safnað

**EFNAHAGSMÁL** ESA, eftirlitsstofnun EFTA, féllst á þá röksemd íslenskra stjórnvalda að bíða eftir gögnum, sem varða þrotabú Landsbankans, áður en ákvörðun yrði tekin í Icesave-málinu.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hitti yfirstjórn ESA að máli, en Íslendingum bar að skila svari vegna Icesave fyrir 10. þessa mánaðar.

Árni Páll segir stofnunina hafa óskað talnagagna sem nú sé verið að vinna að í ráðuneytinu. Þau verði send ESA fyrir mánaðamót.

„Ég tel nýjustu fréttir um endurheimtur úr búi bankans hafa efnisleg áhrif í málinu,“ segir Árni Páll.

- kóp










## SPURNING DAGSINS



*Hafliði, sauð nokkuð upp úr?*

„Já, en mjög fagmannlega.“

Kokkar tókust hart á í keppninni um Matreiðslumann ársins um liðna helgi. Hafliði Halldórsson er forseti Klúbbs matreiðslumeistara.

Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um ástand efnahagsmála í heiminum:

# Vöxtur orðinn hægari og áhættan meiri

**WASHINGTON, FRÉTTABLAÐIÐ** Hægur hagvöxtur og erfið skuldastaða í mörgum ríkjum Vesturlanda magnar hvort annað upp. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um ástand efnahagsmála víða um heim en AGS gefur slíka skýrslu út tvisvar á ári.

Í skýrslunni segir að hægur vöxtur geri ríkjum erfiðara að ná sjálfbærum ríkisfjármálum sem auki svo aftur áhyggjur markaða af skuldastöðunni.

Enn fremur segir að hagvaxtarhorfur á Vesturlöndum hafi versnað talsvert á síðustu mánuðum og óvissa um efnahagsbata heimsins aukist.

„Heimshagkerfið er á viðkvæmu skeiði. Efnahagsbatinn hefur veikst töluvert og neikvæð áhætta aukist merkjanlega. Það er þörf á sterkum viðbrögðum frá stjórnvöldum um allan heim til að bæta horfur og draga úr áhættu,“ sagði Oliver Blanchard, aðalhagfræðingur AGS, á blaðamannafundi í höfuðstöðvum sjóðsins í Washington í gær.

AGS spáir því nú að heimshagkerfið vaxi um fjögur prósent á árinu 2011 og aftur árið 2012. Í skýrslu sjóðsins frá því í apríl var spáð 4,5 prósenta vexti bæði árin. Stærstur hluti vaxtarins kemur frá nýmarkaðsríkjum en í ár spáir AGS 6,4 prósenta hagvexti í nýmarkaðsríkjum en einungis 1,6 prósent hagvexti á Vesturlöndum.

Í skýrslu AGS segir mikilvægt að auka eftirspurn á Vesturlöndum þar sem draga þarf úr ríkisútgjöldum á næstu misserum. Einnig þurfi heimshagkerfið að laga sig að breyttum forsendum. - mþl




**OLIVER BLANCHARD** Aðalhagfræðingur AGS kynnir skýrsluna á blaðamannafundi í Washington. NORDICPHOTOS/AFP

Guðmundur og Besti:

## Sameiginlegt þingframboð

**STJÓRNMÁL Guðmundur Steingrímsson þingmaður, sem nýverið sagði sig úr Framsóknarflokknum, hyggst stofna nýjan stjórnmálaflokk í samvinnu við Besta flokkinn.**

**Meiningin er að bjóða fram lista í næstu þingkosningum. Guðmundur staðfesti þetta í viðtali við Sjónvarpið í gær.**

**Eyjan skýrði frá því að Guðmundur hafi einnig haft samráð við ýmis óháð framboð víða um land um framboð á landsvísu.**

**Ekki náðist í Guðmund þegar Fréttablaðið reyndi að ná tali af honum í gærkvöld.** - gb

Sala Iceland Foods undirbúin:

## Líklegum send trúnaðargögn

**VIÐSKIPTI** Senda á hugsanlegum kaupendum að Iceland Foods-matvörukeðjunni í Bretlandi trúnaðargögn úr rekstrinum í þessari viku. Þetta hafa Wall Street Journal hafa eftir „einstaklingi sem kunnugur er málinu“.

Þrotabú gamla Landsbankans og Glitnis eiga samtals 77 prósent í Iceland Foods á móti Malcolm Walker, forstjóra fyrirtækisins, og félögum hans. Sagt er að verðmiðinn sé 1,5 milljarðar punda, eða ríflega 270 milljarðar króna. Wall Street Journal bendir á að engin trygging sé fyrir því að salan takist við núverandi aðstæður á fjármálamörkuðum þegar erfitt er að fá lánsfé. - gar

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stunginn með hnífi

Karl um sjötugt var stunginn með hnífi í húsi í miðborginni síðdegis í fyrradag. Árásarmaðurinn, sem er nokkru yngri, var handtekinn. Sá sem var stunginn var fluttur á slysadeild en meiðsli hans voru ekki talin alvarleg.

# Rafrænt eftirlit talið spara 10 til 15 pláss

**Vonir standa til þess að fyrstu fangarnir hefji afplánun með rafrænu eftirliti í kringum 1. desember. Slíkt eftirlit og rýmkun samfélagsþjónustu sparar tíu til fimmtán fangarými á ári, segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar.**

**FANGELSISMÁL** Gera má ráð fyrir að um tíu til fimmtán fangelsisrými sparist á ári hverju með rýmkun samfélagsþjónustu og upptöku rafræns eftirlits með föngum í afplánun. Þetta segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Alþingi samþykkti nýverið frumvarp um slíkt eftirlit og taka lögin gildi um næstu mánaðamót.

„Upptaka rafræns eftirlits er góð og eðlileg framþróun í fullnustukerfinu,“ segir Páll. „Er þar um að ræða mikilvægt úrræði til að losun fanga úr fangelsi verði stigskipt og markviss. Með góðri hegðan getur því fangi hafið afplánun í lokuðu fangelsi, flust í opið fangelsi, þaðan á áfangaheimili Verndar og loks lokið afplánun með rafrænu eftirliti.“

Spurður um hvað fangi þurfi að uppfylla til að afplána undir rafrænu eftirliti segir Páll þau skilyrði vera lögbundin.

„Meðal þeirra atriða sem nefna má til að fangi teljist hæfur til að sæta rafrænu eftirliti, er að hann hafi fastan samastað sem samþykktur er af Fangelsismálastofnun, stundi vinnu, nám, meðferð eða önnur verkefni sem Fangelsismálastofnun samþykkir og eigi ekki ólokið málum hjá lögreglu, ákæruvaldi eða dómstólum.“

Inntur eftir hvaða form verði á eftirlitinu útskýrir Páll að notast verði við farsíma með staðsetningarbúnaði auk þess sem hugbúnaður hringi óreglulega í fangann þar sem staðsetning, og það að fangi sé með símann, verði staðreynd.

„Þá verður vissulega mannlegt óreglubundið eftirlit á heimili og vinnustað fangans. Mikið er í húfi fyrir fangana þar sem brot á reglum varða flutning í lokað fangelsi.“

Kostnaður við rafræna eftirlitið liggur ekki endanlega fyrir en hagkvæmasta útfærsla sem jafnframt uppfyllir öryggiskröfur verður valin, að sögn Páls.




**AFPLÁNUN** Fangar sem uppfylla tiltekin skilyrði geta brátt stytt afplánunartíma sinn innan fangelsisveggjanna eftir að rafrænt eftirlit verður tekið í gagnið.

> Mikið er í húfi fyrir fangana þar sem brot á reglum varða flutning í lokað fangelsi
>
> **PÁLL E. WINKEL**
> FORSTJÓRI FANGELSISMÁLASTOFNUNAR

Fangelsismálastofnun fær 26 milljónir króna til að koma þessu verkefni af stað auk þess að rýmka samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræði úr sex mánuðum í níu mánuði.

Páll segir vonir standa til þess að fyrsti fanginn geti hafið afplánun með rafrænu eftirliti í kringum 1. desember næstkomandi.

Hann segir einungis fanga sem hafa verið dæmdir í tólf mánaða fangelsisrefsingu eða meira, og hafi í alla staði staðið sig vel og skapað sér traust, geta lokið afplánun með þessum hætti.

jss@frettabladid.is

Jóhanna um hryðjuverkalög:

## Málshöfðun verði skoðuð

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir auknar líkur á því að skaðabótamál verði höfðað á hendur Bretum fyrir að hafa beitt hryðjuverkalögum á Ísland.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Að loknum ríkisstjórnarfundi í gærmorgun, þar sem rædd var skýrsla um beinan kostnað Íslands af beitingu hryðjuverkalaganna, sagði hún fulla ástæðu fyrir því að stjórnvöld og Alþingi meti í sameiningu hvort höfða eigi mál. Þetta kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins í gær.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vildi heldur ekki útiloka að af málshöfðun verði. - gb

Segja biðlund sína búna:

## Kvótalaus skip lönduðu í gær

**SJÁVARÚTVEGUR Nokkrir smábátar útgerða sem eru í Samtökum íslenskra fiskimanna héldu til veiða í gær þrátt yfir að hafa ekki útgefnar aflaheimildir. Meðal annars var róið frá Hólmavík, Kópavogi og Sandgerði. Fulltrúar Fiskistofu fylgdust með þegar afla úr einum bátanna var landað í Kópavogi.**

**Í tilkynningu frá SÍF segir að samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða megi allir veiða sem hafi almenn veiðileyfi.**

**„Hvergi er í þeim lögum gerð krafa um að skip ráði yfir aflamarki,“ segir SÍF, sem kveðst vilja málið fyrir dómstóla og munu standa þétt við bakið á eigendum áðurnefndra báta komi til þess að þeir verði sviptir veiðileyfum vegna veiðanna í gær.** -gar





**LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS**

**Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.**

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984


Fréttir af neikvæðu áliti erlendra aðila á fjárfestingum ekki nýmæli segir ráðherra:

# Setja fram stefnu á næstu vikum

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld ætla að leggja fram tillögu að stefnu íslenskra stjórnvalda vegna fjárfestinga erlendra aðila hér á landi á næstunni. Stefnan verður í formi þingsályktunartillögu sem lögð verður fram á Alþingi á næstu vikum, segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á mánudag fær ekkert annað vestrænt ríki jafn slæma einkunn vegna erlendra fjárfestinga og Ísland hjá tryggingarfyrirtækinu Aon.

Þetta eru ekki nýjar fréttir, enda í samræmi við það sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) hefur sagt síðasta áratuginn, segir Katrín. Hún bendir á að Fjárfestingastofa, undirstofnun iðnaðarráðuneytisins, hafi fengið endurskoðunarfyrirtækið PWC í Belgíu til að gera úttekt á stöðunni á Íslandi. Þar hafi verið gerðar athugasemdir við að aldrei hafi verið mótuð stefna um erlendar fjárfestingar hér á landi. Nú stendur það til bóta, segir Katrín.

„Við viljum að Alþingi standi að baki stefnumörkun um erlenda fjárfestingu. Hún snýst um á hvaða sviði hún á að vera, á hvað eigi að leggja áherslu við kynningu á Íslandi, hvernig lagaumhverfið eigi að vera og hvernig eigi að taka á móti fjárfestingum í mismunandi atvinnugreinum,“ segir hún.

„Við erum að vinna í mikilvægum skrefum til að gera Ísland meira aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta. Nýleg lög um ívilnanir voru fyrsta skrefið og nú erum við að taka það næsta,“ segir Katrín, sem ritar grein um málið í Fréttablaðið í dag. - bj / sjá síðu 12



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR** Iðnaðarráðherra segir unnið að því að gera Ísland meira aðlaðandi fyrir erlenda fjárfesta.




Fiton/SÍA

| | Afsláttardagar |
|---|---|
| IKEA | 20.–21. september |
| Iceland Express (af fargjaldi) | 22. september |
| A4 verslanir | 20.–23. september |
| Tékk Kristall, Laugavegi | 20.–26. september |
| Fasteignasalinn (af sölulaunum) | 20.–26. september |
| Efnalaugin Björg, Álfabakka | 20.–26. september |
| Spássían (af áskrift) | 20.–26. september |
| Árbæjarapótek | 20.–26. september |
| Pfaff | 24. september |
| Saints | 23. september |
| Útilíf | 23. september |
| Karen Millen | 23. september |
| Warehouse | 23. september |
| Top Shop | 23. september |
| Evans | 23. september |
| Dorothy Perkins, Smáralind | 23. september |
| Day, Kringlunni | 23. september |
| Next, Kringlunni | 23.–25. september |
| NAUTHÓLL | 21. september |
| Kristý, Borgarnesi | 23. september |
| Neyðarþjónustan, Laugavegi | 21.–26. september |
| Sævar Karl | 23.–24. september |
| BT | 21.–26. september |

# Eru konur 90% menn?

Kynbundinn launamunur hjá VR mælist nú ríflega 10% sem er óásættanlegt með öllu. VR vill enn og aftur vekja þjóðina til vitundar um þetta misrétti og hefur fengið öflug fyrirtæki í verslun og þjónustu til liðs við sig.

**Hafið er átak þar sem fyrirtækin gefa konum 10% afslátt ofangreinda daga á tímabilinu 20.–26. september**

Fyrirtæki í verslun og þjónustu eru hvött til að lýsa stuðningi við átakið og bjóða konum þennan 10% táknræna afslátt á þessu tímabili og um leið fullvissa sig um að jafnrétti ríki innan þeirra eigin veggja.

**VR skorar á íslensk fyrirtæki að leiðrétta launamun kynjanna.**

Virðing
Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

## GENGIÐ 20.09.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,39 | 116,95 |
| Sterlingspund | 182,81 | 183,69 |
| Evra | 159,30 | 160,20 |
| Dönsk króna | 21,389 | 21,515 |
| Norsk króna | 20,482 | 20,602 |
| Sænsk króna | 17,420 | 17,522 |
| Japanskt jen | 1,5200 | 1,5288 |
| SDR | 182,82 | 183,90 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 215,1035

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkisstjórnin vill náttúru og menningarminjar á heimsminjaskrá UNESCO:

# Torfajökulssvæðið á heimsminjaskrá

**UMHVERFISMÁL** Ríkisstjórn hefur samþykkt að óska eftir því að Torfajökulssvæðið verði tilnefnt til heimsminjaskrár UNESCO, menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Óvíst er hvort af því verður, en nokkur ár tekur fyrir stofnunina að meta gildi svæðisins.

Um samvinnuverkefni umhverfisráðuneytisins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins er að ræða. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra gegnir báðum embættum í fjarveru Katrínar Jakobsdóttur og hún lagði tillöguna fyrir ríkisstjórn í gær. „Ísland leggur svæðið í heild sinni fram sem mögulegt svæði á heimsminjaskrá. Um það ríkti sátt í ríkisstjórninni.“

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að Torfajökulssvæðið sé einstakt, bæði á landsvísu og heimsvísu. Eldstöðin þar er megineldstöð, með stærsta líparítsvæði landsins og innan öskju hennar er stærsta háhitasvæði landsins.

Torfajökulseldstöðin var friðlýst að hluta árið 1979, en þá varð Friðland að Fjallabaki til. Svandís segir það vera hjartað í svæðinu, en nú liggi umtalsvert svæði undir.

„Ef til þess kæmi að svæðið færi á heimsminjaskrá tekur við langt ferli. Á grundvelli þess þarf að vinna verndaráætlun sem tryggir fræðslu, rannsóknir og aðgengi að svæðinu, eftir reglum sem gilda um heimsminjaskrána.“ **- kóp**



**BRENNISTEINSALDA** Á Torfajökulssvæðinu er að finna stærsta háhitasvæði landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Niðurstaða um stjórnlagaráð:

# 75% vilja málið í þjóðaratkvæði

**KÖNNUN** Tveir af hverjum þremur landsmönnum, 75,3%, vilja að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um frumvarp stjórnlagaráðs til stjórnarskrár, samkvæmt könnun MMR. Um 24,7% þeirra sem afstöðu tóku voru því andvíg.

Þegar þeir sem vildu málið í þjóðaratkvæðagreiðslu voru spurðir nánar kom í ljós að 63,3% vildu að atkvæðagreiðslan fái að ráða úrslitum um afgreiðslu frumvarpsins, en 36,7 prósent vildu að atkvæðagreiðslan yrði einungis leiðbeinandi fyrir Alþingi. **- bj**



**GENGU Í HJÓNABAND** Þetta par beið ekki boðanna þegar leyndarkvöðinni hafði verið aflétt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lygakvöð afnumin:

# Herlífið gekk sinn vanagang

**BANDARÍKIN, AP** Innan Bandaríkjahers kipptu sér fáir upp við að samkynhneigðum hermönnum væri á hádegi í gær loksins leyft að tala opinskátt um kynhneigð sína, þrátt fyrir margra ára deilur um afnám lygakvaðar þeirra.

„Frá og með deginum í dag þurfa bandarískir föðurlandsvinir í hernum ekki lengur að ljúga um sjálfa sig til þess að geta þjónað landinu sem þeir unna,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti, sem afnam bannið.

Yfirstjórn Bandaríkjahers segist sannfærð um að afnám kvaðarinnar muni ekki grafa undan getu hersins til að heyja stríð. **- gb**

## LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að Andrés Magnússon væri formaður Samtaka verslunar og þjónustu, hann er framkvæmdastjóri samtakanna. Margrét Kristmannsdóttir er formaður SVÞ.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að hestar væru ekki lengur notaðir við leitir og smölun í Skaftárhreppi. Hið rétta er að þeir eru ekki lengur notaðir á Skaftártunguafrétti en á Síðumannaafrétti í Skaftárhreppi eru hestar notaðir.

# Strandveiðimenn læri rétta meðferð á afla

**Matís segir í úttekt mörgu ábótavant í meðferð afla strandveiðibáta. Fiskur sé veiddur nálægt landi og meira af hringormi í honum en öðrum fiski. Einn höfunda úttektarinnar vill banna sjómönnum að fara íslausir á haf út.**

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við skynjuðum það á bryggjunni þegar við vorum að gera þessar mælingar að vilji er til að gera rétt, en oft skortir þekkinguna. Menn átta sig kannski ekki á því en margir hafa gott af smá kennslu í réttri aflameðferð og örverufræði,“ segir Jónas R. Viðarsson, fagstjóri Matís.

Stofnunin birti í síðustu viku úttekt sem sýnir að veiðar strandveiðibáta fara fram yfir heitasta árstímann á sumrin þegar fiskur er í slæmu ástandi af náttúrulegum ástæðum. Bátarnir halda sig gjarnan nærri landi þar sem fiskur er smár, meira er um orm í honum og liturinn á roðinu dekkri. Aflanum er jafnan landað óslægðum og meðhöndlun hans með þeim hætti að illa er farið með hráefnið.

Í úttektinni er sérstök athygli vakin á því að kælingu afla hjá nokkuð stórum hluta strandveiðiflotans sem og dagróðrabáta í aflamarki er ábótavant. Aflinn sem seldur var í beinum viðskiptum var verr kældur en sá sem seldur var á mörkuðunum.

Jónas bendir á að beint samhengi sé á milli kælingar og gæða afla strandveiðibátanna.

„Við þekkjum það að fiskurinn er ekki besta hráefnið af náttúrulegum ástæðum á þessum árstíma. Fiskurinn er að ná sér eftir hrygningu og er að fita sig aftur. Sjávarhitastig er mjög hátt, allt að fjórtán gráður. Hráefnið sem fæst við slíkar aðstæður er öðruvísi en á öðrum árstímum. Margir þeirra sem vinna eigin afla, sérstaklega þeir sem eru að frysta eða salta, draga úr umsvifum sínum á þessum árstíma og stoppa jafnvel alveg. En þeir sem eru að flytja út ferskt þurfa að reiða sig á þann afla sem býðst hverju sinni,“ segir Jónas en bendir á að fyrirkomulag veiðanna hvetji til að menn fari á sjó hvernig sem viðrar þá fjóra daga vikunnar sem leyfilegt er að fara út.

„Í skýrslunni mælum við með því að skylda menn á námskeið áður en þeir fá veiðileyfi. Við vorum með þrettán námskeið víðs vegar um landið í vor. En mætingin hefði getað orðið betri ef menn hefðu verið skyldaðir til að mæta,“ segir Jónas.

jonab@frettabladid.is



**AFLANUM LANDAÐ** Hluti strandveiðibáta fer á haf út án íss til að kæla aflann þótt sól sé sjaldan jafnhátt á lofti. Banna verður mönnum að fara íslausir út, segir fagstjóri hjá Matís. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ekki horfa á skussana

„Árangurinn er í sjálfu sér góður. Heildarúttekt skýrslunnar sýnir að þessi afli er sambærilegur – og síst verr meðhöndlaður – og afli dagróðrabáta. En auðvitað má alltaf betur gera,“ segir Jón Bjarnason, land-búnaðar- og sjávarútvegsráðherra. Hann lítur á úttektina sem lið í því að bæta gæði strandveiðiaflans og leggur áherslu á að ekki eigi að einblína á gagnrýnina og þá fáu skussa sem þar eru dregnir fram. Horfa eigi á það jákvæða sem skýrslan sýni. „Það er undirstrikað að alveg frá því að fiskur er dreginn um borð og þar til hann er fluttur á markað, að hvert einasta handtak skiptir máli,“ segir hann og fagnar hugmyndum þess efnis að það þurfi að fara á námskeið sem vilji sækja um leyfi til að gera út á strandveiðibátum.



JÓN BJARNASON

Lánshæfismat Ítalíu lækkað:

# Fimmta landið til að fara neðar

**EFNAHAGSMÁL** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, brást reiður við í gær eftir að matsfyrirtækið Standard & Poor‘s lækkaði lánshæfi landsins. Hann sagði matið af pólitískum toga og það endurspegli ekki raunverulega stöðu ítalska ríkisins.

Lánshæfið var lækkað úr A plús í A í fyrrakvöld á þeim forsendum að ólíklegt sé að Ítölum takist að draga úr ríkisútgjöldum og efla hagvöxt. Þá eru hömlur á erlenda fjárfesta á Ítalíu ekki til að bæta stöðuna. Ítalía er þriðja stærsta evrulandið og fimmta evruríkið til að horfa upp á lækkun lánshæfismats. **- jab**

Rabbani myrtur í Afganistan:

# Féll í sjálfsvígsárás í Kabúl

**AFGANISTAN, AP** Burhanuddin Rabbani, fyrrverandi forseti Afganistans, var myrtur í Kabúl í gær. Árásarmaðurinn þóttist vera samningsfulltrúi talibana en var með sprengju falda í vefjarhetti sínum.



**BURHANUDDIN RABBANI**

Rabbani var einn helsti leiðtogi andspyrnuhreyfingarinnar, sem barðist gegn hernámi Sovétríkjanna og varð forseti Afganistans árið 1992, þegar Sovétmenn höfðu verið hraktir burt.

Honum var síðan steypt af stóli árið 1996 af talibanahreyfingunni, en afhenti forsetaembættið Hamid Karzai til bráðabirgða árið 2001 þegar talibönum hafði verið steypt af stóli. Hann hefur undanfarið verið milligöngumaður milli talibana og stjórnar Karzais. **- gb**






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veður-fréttamaður

**KÓLNAR** Í dag og á morgun verður hæglætisveður, í dag gæti dropað við suðurströndina en á morgun léttir til sunnanlands en þá eru horfur á súld norðan til. Á föstudaginn kemur lægð upp að landinu, þá hvessir er líður á daginn, einkum allra syðst. Veður fer heldur kólnandi.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 19° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 24° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 16° |
| París | 22° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Finndu okkur
á fasbókinni

Nýtt tákn um gæði



# FÁÐU ÞÉR VÉLSLEÐA EF ALDRIFINN FORD KUGA DUGIR ÞÉR EKKI.



3YDDU Í 5P4RN4Ð. K0MDU Í 3R1M30RG. K4UPTU ALDR1F1NN OG 5P4RN3YT1NN SP0RTJ3PP4, F0RD KUG4 í D4G.

Verð frá 2.420.000 kr.
**Veldu Ford Fiesta**



**Veldu Ford Focus**
Verð frá 3.350.000 kr.
Fáanlegur langbakur

Verð frá 3.670.000 kr.
**Veldu Ford C-Max**



**Veldu Ford Mondeo**
Verð frá 4.340.000 kr.
Fáanlegur langbakur

Nýr sportjeppi
**Veldu Ford Kuga AWD**



Aldrifinn Ford Kuga dísil 2,0 TDCi, 140 hestöfl með 320 Nm togkraft. 6 gíra beinskiptur. Notar aðeins 5,1 ltr. dísil á hundraðið í langkeyrslu. 5 dyra og fallegur. Koltvísýringur CO2 159 g/km. Fáanlegur með sjálfskiptingu.

Verð frá 5.690.000 kr.

Kynntu þér vandlega framlengda verksmiðjuábyrgð Ford.

*Vertu í hópi þeirra bestu*
*Veldu Ford í dag*

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is*
*og þú ert kominn af stað*

Opið milli 9 og 17 í dag

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Ford á Íslandi.

**KJÖRKASSINN**



*Óttast þú að ný bankakreppa sé að fara að skella á?*

| | |
|---|---|
| Já | 62,5 |
| Nei | 37,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú hættu stafa af landnámi nýrra skordýrategunda á Íslandi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum sýna andstöðu sína við hugmyndir ráðherra um vegabætur:

# Vestfirðingar vilja ekki sjá fjallvegina

**SAMGÖNGUR** „Við íbúar höfum margsinnis hafnað leiðunum um Hjallaháls og Ódrjúgsháls og það eina sem kemur til greina hjá okkur eru láglendisvegir. Það eru bæði hagkvæmari kostir til langs tíma litið og öruggari." Þetta sagði Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, í samtali við Fréttablaðið eftir íbúafund á Patreksfirði þar sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ræddi um bætur á þjóðveginum um Austur-Barðastrandasýslu.



ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR

Deilan stendur um veginn um Gufudalssveit, en ráðherra ákvað fyrir skömmu að vegirnir yfir hálsana fyrrnefndu héldu sér.

Húsfyllir var á fundinum í gær, en áður en langt var liðið á hann gengu flestir íbúarnir á dyr í mótmælaskyni við áformin.

„Samgöngur hafa staðið svæðinu fyrir þrifum í mörg ár," segir Ásthildur. „Nú er svo komið að Patreksfjörður, Bíldudalur og Tálknafjörður eru einu byggðakjarnarnir á landinu sem eru ekki með bundið slitlag alla leið að hringveginum."

Hún bætir því við að þó að uppgangstímar væru á svæðinu, skóðuðu vegamálin bæði heimili og fyrirtæki og ekki verði lengur við slíkt unað.

Ögmundur sagði í samtali við Fréttablaðið að hann væri sammála íbúum svæðisins og vildi bæta samgöngur á svæðinu, sem væru „algerlega óviðunandi".

Hann segist hafa lagt hálsaleiðina til þar sem hún hafi verið ódýrust og fljótlegust, en nú verði málin metin á ný þar sem greinilega væri ekki sátt um þær hugmyndir.

„Þess vegna hef ég lagt til að kannaðir verði frekar möguleikar á láglendisvegum, meðal annars á göngum undir Hjallaháls."

Ögmundur segir að tilraunaboranir fari fram næsta vor.

„Við hljótum annars að hlusta á raddir fólksins og laga okkur að þeim eftir því sem kostur er."

- þj


# Gott úrval notaðra bíla!

Kynntu þér úrvalið á www.askja.is



Mercedes-Benz C 4MATIC
árg. 2008, ekinn 41 þús. km
2996cc, bensín, sjálfsk.
- Sóllúga
- Leður
- Lítið ekinn

Verð kr. 6.590.000



Audi A6
árg. 2008, ekinn 78 þús. km
1984cc, bensín, sjálfsk.
- Álfelgur
- Skyggðar rúður

Verð kr. 3.890.000



Mercedes-Benz E 4MATIC
árg. 2007, ekinn 37 þús. km
2987cc, dísel, sjálfsk.
- Álfelgur
- Hlaðinn aukabúnaði
- Lítið ekinn

Verð kr. 7.990.000



Volkswagen Passat
árg. 2007, ekinn 36 þús. km
2000cc, dísel, sjálfsk.
- Toppbogar
- Framdrif
- Lítið ekinn

Verð kr. 3.490.000



Audi A3
árg. 2007, ekinn 40 þús. km
1595cc, bensín, beinsk.
- Álfelgur
- Framdrif
- Lítið ekinn

Verð kr. 2.390.000



Lexus RX 400
árg. 2007, ekinn 62 þús. km
3300cc, bensín, sjálfsk.
- Hybrid (tvinnbifreið)
- Leður

Verð kr. 5.790.000



Volkswagen Caddy
árg. 2006, ekinn 69 þús. km
1390cc, bensín, beinsk.
- Vel með farinn
- Framdrif

Verð kr. 1.190.000

Opið virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 12-16

ASKJA
Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2100 · askja.is


# Eigandi Stjörnugríss gagnrýnir beiðni SVÞ

**Eigandi Stjörnugríss segir kvörtun SVÞ til Samkeppniseftirlitsins ekki á rökum reista. Markaðshlutdeild Stjörnueggja er 30 til 35 prósent, en ekki um 70 líkt og SVÞ halda fram. Samkeppniseftirlitið er með mál Stjörnugríss til umfjöllunar.**

**SAMKEPPNI** Samkeppniseftirlitið hefur verið með beiðni Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) um rannsókn á fákeppni á kjöt- og eggjamarkaði til umfjöllunar síðastliðna mánuði. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri stofnunarinnar, segir erindinu verða svarað innan tíðar.



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) sendu kvörtun til Samkeppniseftirlitsins í júlí síðastliðnum þar sem farið er fram á opinbera rannsókn á eignarhaldi svínakjöts- og eggjaframleiðenda í landinu. Í bréfi SVÞ kemur fram að Stjörnugrís og Stjörnuegg séu með um 70 prósenta markaðshlutdeild á svínakjöts- og eggjamarkaði í landinu og megi hækkun á smásöluverði meðal annars útskýrast af því. Krosseignatengsl á markaðnum séu mikil og fullt tilefni sé til að rannsaka þau.



GEIR GUNNAR GEIRSSON

Geir Gunnar Geirsson, eigandi Stjörnugríss, segir álit SVÞ lykta af hagsmunapólitík. Markaðshlutdeild fyrirtækisins á svínakjötsmarkaði sé á bilinu 50 til 60 prósent, en ekki 70 líkt og SVÞ fullyrðir. Fullyrðingar um að svínakjöt frá framleiðendum hafi hækkað um 42 prósent á síðustu 15 mánuðum séu teknar úr samhengi.

„Þessi tilraun til að tortryggja allar hækkanir stanslaust, að velja sér einhvern verðpunkt til dagsins í dag, er algjörlega samhengislaus. Það hefur verið erfitt í þessum geira undanfarin ár, bæði vegna gjaldþrota og offramleiðslu, og það verður að taka tillit til þess," segir Geir og bætir við að verð á svínakjöti hafi farið lækkandi undanfarin ár. Því sé nauðsynlegt að hækka verðið núna í ljósi verðhækkunar á korni, olíu og fleiru.



**STJÖRNUGRÍS** Samkeppniseftirlitið er nú með beiðni SVÞ um rannsókn á fákeppni á svínakjöts- og eggjamarkaði til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Samkeppniseftirlitið hefur rannsakað Stjörnugrís út og inn undanfarin tvö ár og ef við værum að gera eitthvað sem varðar við lög væri búið að taka á því."

Samkeppniseftirlitið ógilti kaup Stjörnugríss á eignum Rekstrarfélagsins Brautar og LS2 hinn 21. júlí síðastliðinn eftir að í ljós kom að kaupin á svínabúunum myndu meðal annars styrkja markaðsráðandi stöðu félagsins í slátrun á svínum og styrkja stöðu fyrirtækisins gagnvart fóðurseljendum og dagvöruverslunum. Ógildingin er til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins síðan í febrúar síðastliðnum, kemur fram að markaðshlutdeild Stjörnueggja, sem eru í eigu foreldra Geirs, sé 30 til 35 prósent, en ekki um 70 prósent líkt og Samtök verslunar og þjónustu halda fram.

sunna@frettabladid.is

**Smásöluverð á svínakjöti (meðalverð)**

| Tímabil | Vara | Verð (kr.kg.) |
|---|---|---|
| Ágúst 2008 | Kótelettur | 1.422 |
| Ágúst 2009 | Kótelettur | 1.028 |
| Ágúst 2010 | Kótelettur | 1.042 |
| Ágúst 2011 | Kótelettur | 1.116 |
| Ágúst 2008 | Læri | 797 |
| Ágúst 2009 | Læri | 848 |
| Ágúst 2010 | Læri | 883 |
| Ágúst 2011 | Læri | 949 |

*Heimild: Hagstofan*

Sjö vísindamenn ákærðir fyrir að vara ekki við stórum jarðskjálfta:

# Sagðir bera ábyrgð á manntjóni

**ÍTALÍA, AP** Jarðskjálftafræðingar um heim allan fylgjast grannt með réttarhöldum á Ítalíu yfir sjö starfsbræðrum sínum, sem ákærðir hafa verið fyrir manndráp vegna þess að þeir vöruðu ekki í tæka tíð við jarðskjálftanum stóra árið 2009, sem varð 300 manns að bana.

Sakborningarnir sjö eru sakaðir um að hafa gefið „ónákvæmar, ófullnægjandi og misvísandi upplýsingar" um það hvort smærri skjálftar, sem íbúar í bænum L'Aquila fundu fyrir hálfu ári fyrir stóra skjálftann, hefðu átt að vera nægt tilefni til að gefa út viðvaranir.

Jarðskjálftinn, sem varð 6. apríl 2009 og mældist 6,3 stig, lagði bæinn L'Aquila á Ítalíu að stórum hluta í rúst. Þrjú hundruð manns létu lífið og þúsundir manna þurftu að hafast við mánuðum saman í tjaldbúðum eða öðru bráðabirgðahúsnæði.

Saksóknarar beindu athyglinni einkum að minnisblaði, sem skrifað var 31. mars að loknum fundi í neyðarvarnanefnd landsins, þar sem sérfræðingarnir komust að þeirri niðurstöðu að litlar líkur væru á stórum skjálfta, þótt ekki væri hægt að útiloka hann.

Meira en fimm þúsund vísindamenn frá ýmsum löndum hafa undirritað yfirlýsingu til stuðnings sakborningunum sjö og segja réttarhöldin fordæmislausa árás á vísindin.



**VIÐ UPPHAF RÉTTARHALDANNA** Þúsundir vísindamanna hafa mótmælt þessum réttarhöldum. NORDICPHOTOS/AFP

- gb

www.volkswagen.is




Volkswagen Polo er til afhendingar strax

## Láttu sparnaðinn koma í ljós

Nýr og flottur Volkswagen Polo hjálpar þér að spara og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við 100 km akstur losar Polo 1.2 TDI aðeins frá 99 grömmum af $CO_2$ og eyðir aðeins 3,8 lítrum af eldsneyti. Komdu og prófaðu nýjan, stærri, betur búinn Polo. Betri fyrir þig og betri fyrir umhverfið.

**Polo* kostar aðeins frá**

**2.390.000 kr.**

* Miðað við Volkswagen Polo 1.2 bensín
Aukabúnaður á mynd: 18" álfelgur, þokuljós og litaðar rúður

Das Auto.

**Reynslan er góð!**

HEKLA

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Hvað heitir ný tegund hrossaflugu sem farin er að sjást á höfuðborgarsvæðinu?*

*2. Hvað heitir nýr forstjóri Iceland Express?*

*3. Hvaða leikmaður ÍBV var rekinn af velli í leik við KR á mánudag?*

**SVÖR**

*1. Folafluga. 2. Birgir Jónsson. 3. Brynjar Gauti Guðjónsson*

Talinn brotlegur með því að bjóða fría netáskrift um 3G-pung gegn bindingu:

# Síminn sektaður um sextíu milljónir

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið (SE) hefur lagt sextíu milljóna króna sekt á Símann fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Samkvæmt niðurstöðu SE gerðist Síminn sekur um undirverðlagningu með því að bjóða upp á 3G-netlykil og ókeypis netáskrift í þrjá mánuði gegn því að fólk mundi binda sig í viðskiptum við fyrirtækið í hálft ár.

Nova kvartaði til SE vegna málsins. SE tók bráðabirgðaákvörðun í júlí 2009 og bannaði Símanum að bjóða tilboðið.

Í tilkynningu sem Síminn sendi frá sér í gær kemur fram að fyrirtækið muni kæra niðurstöðuna til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Þar segir að Síminn fallist ekki á að félagið hafi verið í markaðsráðandi stöðu á þessum tíma. Hlutdeild félagsins í 3G-þjónustu með netlykli hafi aðeins verið 35 til 40 prósent á meðan hlutdeild kærandans Nova hafi verið 45 til 50 prósent. Niðurstaðan sé að því leyti óvenjuleg. Þar fyrir utan hafi tilboðið ekki falið í sér undirverðlagningu heldur byggst á eðlilegum viðskiptaforsendum. - sh



**EKKI FYRSTA BROTIÐ** Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, brást við samkeppnislagabrotum fyrirtækisins með því að senda alla starfsmenn þess á námskeið í samkeppnisrétti. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fjórðungur Íslendinga lasinn:

# Aldrei fleiri sagst veikir

**KÖNNUN** Tæpur fjórðungur þjóðarinnar fann fyrir veikindum í síðustu viku, samkvæmt samfélagsmælingum Capacent. Það eru mestu veikindi frá því að mælingar hófust í maí í fyrra.

Alls sögðust 23 prósent þátttakenda hafa fundið fyrir hausverk, flensu eða kvefi. Veikindin voru mun algengari meðal kvenna. Á sama tíma í fyrra sögðust sautján prósent hafa fundið fyrir veikindum af þessu tagi. Capacent hefur frá því í maí 2010 gert mælingar af þessu tagi. - sh


Í átt að aukinni hollustu – börnunum komið á bragðið

MENNTAVÍSINDASVIÐ



**Örnámskeið fyrir foreldra**
Í kvöld, miðvikudaginn 21. september kl. 20–22
Menntavísindasviði við Stakkahlíð, stofa H-207
(Gengið inn Háteigsvegsmegin)

Dr. Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Menntavísindasvið, fjallar um matarvenjur, matvendni og næringarþörf barna. Hún ráðleggur um heilsusamlegt fæðuval fyrir fjölskyldur og spannar allan aldur barna, með áherslu á þroskaferlið og matarsmekkinn á mismunandi aldursskeiðum.

**Næsta námskeið:**
28. sept. » Hvers konar menntun í skólum stuðlar að sjálfbæru samfélagi?

Sjá nánar á **mennta.hi.is**

**Allir velkomnir og ókeypis aðgangur**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ
1911–2011



**Við veitum konum 10% afslátt af lögfræðiþjónustu í september**



Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir hdl.
Ingi B. Poulsen hdl.
Kristján Ólafsson hrl.
Helga Sigrún Harðardóttir lögfr.

**Látum launamun kynjanna heyra sögunni til**

FAKTUM LÖGMENN
Laugavegi 59 – 101 Reykjavík S:552 2420 – www.faktum.is



Sendu SMS á 0 kr. í dag!

Ef þú ert með GSM hjá Símanum sendir þú SMS á 0 kr. á miðvikudögum í september. Magnaður miðvikudagur!



Síminn

Gildir einungis fyrir sms sendingar í íslenska gsm síma


# Réttarúrræði tryggð í umhverfismálum

**Fullgilding Árósarsamningsins tryggir réttarúrræði almennings í málefnum umhverfis og náttúru. Samtök almennings geta kært mál til úrskurðarnefndar. Þátttaka almennings í ákvarðantöku og aðgangur að upplýsingum sett í lög.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hverju breytir fullgilding Árósarsamningsins?

Árósarsamningurinn hlaut fullgildingu eftir samþykkt Alþingis nú í september. Lýkur þar með löngu ferli baráttu náttúruverndarsinna, en samningurinn, sem er alþjóðlegur samningur, var gerður í Árósum í Danmörku í júní 1998. Íslendingar voru meðal þeirra 38 þjóða sem undirrituðu samninginn þá. Ísland varð síðast norrænu ríkjanna til að fullgilda samninginn, en hann öðlaðist gildi í október 2001.

Samningnum er ætlað að tryggja aðgang almennings að upplýsingum, þátttöku hans í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.Til að tryggja hið síðasta verður komið á fót nýrri sjö manna úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem tekur við af kærunefndum í skipulags- og byggingarmálum og hollustu- og mengunarmálum. Innan verksviðs nefndarinnar verða einnig öll ný mál sem falla innan ramma samningsins.

Formaður úrskurðarnefndarinnar skal skipaður að undangenginni auglýsingu og skal hann hafa starfið að aðalstarfi. Hann er skipaður til fimm ára og þarf að uppfylla starfgengisskilyrði héraðsdómara, líkt og varaformaður, en ráðherra skipar hann að tillögu formanns nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn og skulu þeir tilnefndir af Hæstarétti.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að í þessu sé stærsta breytingin fólgin. Margt af því sem í samningnum felist hafi þegar komið fram, til dæmis í reglum um mat á umhverfisáhrifum. Það öðlist þó lögfestingu með fullgildingu samningsins.

„Úrskurðarnefndin gerir samtökum almennings kleift að leita réttarúrræða. Með því að fara með málin fyrir nefndina verður hægt að fá úr því skorið hvort rétt hafi verið unnið að hálfu stjórnvalda.“

Upphaflega frumvarpið gerði ráð fyrir því að einstaklingar gætu farið fyrir nefndina, en það var síðan takmarkað við samtök almennings. Árni segir það einungis tíðkast í Portúgal. Þó hann mæli ekki gegn því, tryggi ákvæðið um nefndina aðkomu almennings.

„Eins og málamiðlunin varð þá er þetta opið fyrir samtök sem hafa 30 félaga eða fleiri og eru með reikningshald sem er endurskoðað af félagslegum endurskoðendum,“ segir Árni. kolbeinn@frettabladid.is



**STÍFLAN VIÐ KÁRAHNJÚKA** Kárahnjúkavirkjun var umdeild framkvæmd. Hefði Árósarsamningurinn verið fullgildur þá hefðu samtök almennings getað kært framkvæmdina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Samningurinn tryggir einnig upplýsingar almennings í umhverfismálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Margra ára baráttumál í höfn

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir að með fullgildingu Árósarsamningsins sé þriðja stoðin felld inn í íslenska löggjöf, þann hluta sem varðar réttláta málsmeðferð. Með samningnum sé opnað á kæruleiðir fyrir almenning gagnvart skipulagsákvörðunum er varði umhverfi og náttúru.

„Það sem einkennir samninginn er að þarna er tvinnað saman náttúruvernd og tilteknum mannréttindum. Þeir sem láta sig náttúruna varða hafa þarna leið til þess og þetta tryggir réttindi almennings til að hafa afstöðu til náttúrunnar.“



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

Svandís segir gamalt baráttumál í höfn með fullgildingu samningsins. „Þetta tók sinn tíma. Stjórnvöld hafa ekki verið tilbúin til að stíga skrefið til fulls en nú er það komið.“

Óþekktir tölvuþrjótar brutust inn í tölvur stærsta hergagnaframleiðanda Japans:

# Leituðu gagna um vopnakerfi

**JAPAN, AP** Varnarmálaráðherra Japans fullyrðir að engar viðkvæmar upplýsingar hafi komist í hendur tölvuþrjóta sem brutust inn í tölvukerfi stærsta hergagnaframleiðanda Japans.

Japanska dagblaðið Nikkei Business ljóstraði upp um innbrot hjá Mitsubishi Heavy Industries (MHI), sem er undirverktaki japanskra hermálayfirvalda. Forsvarsmönnum japanskra stjórnvalda mun ekki hafa verið skemmt yfir því að frétta af innbrotinu í fjölmiðlum.

Tölvuveirur fundust á yfir 80 netþjónum og tölvum fyrirtækisins í síðasta mánuði. Talið er að markmið tölvuþrjótanna hafi verið að afla upplýsinga um flugskeyti, kafbáta og búnað sem MHI framleiðir fyrir japönsk kjarnorkuver.

Þetta er í fyrsta skipti sem fréttist af innbrotum í tölvukerfi japanskra vopnaframleiðenda.

Hvorki stjórnendur fyrirtækisins né japönsk stjórnvöld hafa tjáð sig um hverjir gætu hafa staðið fyrir innbrotunum. Fullyrt var í japönsku dagblaði að forritin sem notuð voru hafi verið skrifuð á kínversku. Kínversk stjórnvöld hafa verið sökuð um að standa fyrir tölvuárásum á ríki og fyrirtæki. - bj



**FLUGSKEYTI** Tölvuþrjótarnir eru meðal annars sagðir hafa leitað eftir upplýsingum um flugskeyti. NORDICPHOTOS/AFP

# FORSALA



**Fifa12**
Helsta breytingin í Fifa þetta árið er "Impact engine", en þessi nýja leikjavél gerir alla árekstra og samstuð leikmann mun raunverulegri en áður. Einnig er varnarleikurinn orðinn raunverulegri og krefst meira af spilurum. Ofan á þetta allt leggst stóraukin gervigreind og grafík sem ekkert jafnast á við.

Útgáfudagur 29.sept.




Kaupauki að verðmæti kr. 3.500,- fylgir leikjum sem keyptir eru í forsölu.

Fullt verð 11.499



## FIFA MÓT

Allir sem kaupa leikinn í forsölu geta tekið þátt í FIFA móti Skífunnar þann. 28. sept. Leikurinn er afhentur 28. sept kl. 21.00. Dominos gefur keppendum og öðrum gestum pizzur og gos meðan á móti stendur.

**Frábærir vinningar**
- PS3 vél,
- Árskort í bíó
- Gjafakort



## KAUPAUKAR

Allir sem kaupa FIFA 12 í forsölu fá
- Bíómiða frá Smárabíó
- Pizzuveislu frá Dominos
- Viðbót frá FIFA

Á meðan birgðir endast




## FORSÖLULEIKIR




S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS


MT-stofan SJÚKRAÞJÁLFUN

Ásdís Árnadóttir sjúkraþjálfari hefur hafið störf hjá MT-stofunni, Síðumúla 37

Tímapantanir í síma: 568-3660

ÓKEYPIS KYNNINGAR-TÍMAR!

Komdu í hóp með þeim sem ná árangri.
Kynningartímar fimmtudaginn 22. september.

Reykjavík: Ármúli 11, 3. hæð.
Fullorðnir kl. 20:00 | Ungt fólk 16–25 ára kl. 19:00

Akureyri: Greifinn, 2. hæð.
Fullorðnir kl. 20:00 | Ungt fólk 13–20 ára kl. 18:00

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN
Ármúla 11, 108 Reykjavík
Sími: 555 7080 ı Fax 555 7081
www.dale.is


# FRÉTTASKÝRING: Stórfelld fíkniefnaframleiðsla í Afganistan



**GNÓTT AF FÍKNIEFNUM** Liðsmaður afganska hersins tekur mynd af kollega sínum við valmúaakur í leiðangri um Helmand-hérað með bandarískri hersveit. Valmúi er ein helsta landbúnaðarafurðin í Afganistan og hermenn hafa ekki einu sinni fyrir því að eyðileggja akrana nema í undantekningartilfellum. NORDICPHOTOS/AFP

# Rislág barátta við sífellt blómlegri ópíumiðnað

**Talið er að uppreisnin í Afganistan sé að langmestu leyti fjármögnuð með fíkniefnasölu. Þorri alls heróíns í heimi á uppruna sinn í landinu. Þrátt fyrir þetta eykst valmúarækt í landinu nánast dag frá degi. Bændur geta enda ekkert ræktað sem gefur nándar nærri því jafnmikið í aðra hönd.**

Þegar við komum til Afganistans í júlílok voru einungis nokkrar vikur frá einum mesta fíkniefnafundi í sögu stríðsrekstrarins í landinu. Það voru reyndar ekki eiginleg fíkniefni sem fundust, heldur valmúafræ. Og það ekkert smáræði, heldur heil 150 tonn. Það er þó ekki nema rétt um tíu prósent af því sem sáð er í helsta valmúaræktarhéraði landsins á ári hverju.

Í samtölum við háttsetta yfirmenn úr hernum og starfsmenn fíkniefnadeildar bandarísku alríkislögreglunnar sem ekki vildu láta nafns síns getið fengum við innsýn í baráttuna við dópið og spillinguna sem í kringum það þrífst – og komumst að því að alls ekki öllum finnst nægur kraftur í þeirri baráttu.

## Vandamál Afgana – ekki hersins

Ekki er vitað með vissu hversu mikið af ópíumi og afleiddum efnum, til dæmis heróíni, er framleitt úr afgönskum valmúa. Hins vegar er talið að starfsemin velti minnst jafnvirði fjörutíu milljarða íslenskra króna á ári hverju.

Þetta eru gríðarlegir fjármunir á afganskan mælikvarða, og þegar horft er til þess að drjúgur hluti er talinn renna með einum eða öðrum hætti til fjármögnunar uppreisnarherja talibana og Haqqani-samtakanna mætti ætla að alþjóðaherliðið legði talsverða áherslu á að koma böndum yfir starfsemina.

Svo virðist þó ekki vera. Opinberlega er nefnilega litið á valmúarækt og ópíumframleiðslu sem vandamál heimamanna, ekki alþjóðaherliðsins. Ef hersveitir rekast á stórar plantekrur, hauga af fræjum eða stafla af heróínpakkningum þá er það tilkynnt til innlendra yfirvalda og í sumum tilfellum sér herinn um að eyða því, en lengra nær aðkoma hans ekki.

Hvað gæti skýrt þessa linkind í garð fíkniefnaframleiðenda? Í stuttu máli er það afstaða æðstráðenda að baráttan við valmúabændurna hafi lítið upp á sig að svo komnu máli. Eigi að svipta þá lifibrauðinu í einu vetfangi þurfi eitthvað annað að standa þeim til boða – annars konar búskapur að vera raunhæfur möguleiki – eigi inngripið ekki að verða til þess að bændurnir fyllist andúð í garð yfirvalda og snúist á sveif með uppreisnaröflunum. Þá væri til lítils unnið.

Til þess að þetta sé möguleiki þurfi innviðir samfélagsins hins vegar að vera í betra lagi, bændur þurfi til dæmis að geta ekið framleiðslu sinni eftir sæmilegum vegum og komið þeim á markaði sem nú séu ekki til.

## Fíkniefnalögreglan vill hert tök

Í herbúðum bandarísku fíkniefnalögreglunnar horfir málið öðruvísi við. Fá verkefni séu í raun brýnni til að vinna bug á ástandinu í landinu en að hefta fíkniefnaframleiðsluna.

Þegar rýnt er í tölfræði skyldi engan undra að málið sé fíkniefnalögreglumönnum ofarlega í huga, enda er talið að um níutíu prósent alls ópíums og heróíns í veröldinni megi rekja til Afganistans og þar af er langstærstur hluti fram-


Er auðveldara að eiga fatlað barn nú en áður?
Reynsla foreldra fatlaðra barna af stuðningi árin 1974–2008

MENNTAVÍSINDASVIÐ



Í kvöld, miðvikudaginn 21. september kl. 20–22 í stofu H-204 í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð

Dóra S. Bjarnason prófessor við Menntavísindasvið kynnir rannsókn sína á reynslu foreldra fatlaðra barna af stuðningi árin 1974–2008 og Kristín Björnsdóttir lektor ræðir niðurstöðurnar og leggur mat á gildi þeirra fyrir fjölskyldurnar, fagfólk og stefnumótendur.

Allir velkomnir

HÁSKÓLI ÍSLANDS MENNTAVÍSINDASVIÐ 1911–2011

SealSkinz

Ertu klár í bleytuna!



SealSkinz® hanskar, sokkar og húfur halda þér algjörlega þurrum

Frábært í reiðtúrinn, skokkið, sjósportið, fjallaferðina og alla útivist.

Við opnum í hádeginu kl. 12



20% afsláttur af öllum vörum

G&G Gúmmíbátar & Gallar Sjósport

Súðavogi 42 • 571 1020 • www.sjosport.is

leiddur í suðurhéraðinu Helmand. Afgangurinn er að mestu framleiddur í Suðaustur-Asíu og lítilræði í Suður-Ameríku.

En þótt fíkniefnadeild bandarísku alríkislögreglunnar FBI láti málið sig miklu varða, og hafi fjölgað liði sínu í Afganistan úr þrettán manns á árinu 2008 í um hundrað, eru það ekki Bandaríkin sem helst verða fyrir barðinu á heróínframleiðslunni þar ytra.

Hátt í 85 prósent framleiðslunnar eru nefnilega flutt til Evrópu, einkum í gegnum Rússland að því er talið er. Heróínfíkn er víða vandamál í álfunni, en þó sérstaklega í Austur-Evrópu, Bretlandi, Þýskalandi og Skandinavíu.

### Íranar láta vopn fyrir ópíum

Næstmest af afgönsku framleiðslunni, yfir tíu prósent hennar, fer til Írans. Þar er talið að um þrjár milljónir manna, eða fjögur prósent þjóðarinnar, glími við ópíumfíkn.

Megninu af framleiðslunni er smyglað úr landi yfir írönsku landamærin og hvergi í heiminum er lagt hald á eins mikið af ópíumi og heróíni og einmitt í Íran. Þrátt fyrir það gengur erfiðlega að afla upplýsinga um það hvað sé gert þar til að sporna við smygli og neyslu og þá í hverju þær aðgerðir felast. Hins vegar þykir mönnum liggja ljóst fyrir að ópíum sé selt þangað í stórum stíl í skiptum fyrir vopn fyrir uppreisnarmenn.

Þetta skilur ekki mikið eftir fyrir önnur ríki heimsins, til dæmis Bandaríkin, sem þó eru með langfjölmennasta erlenda fíkninefnalögregluliðið í landinu. Ekki nema tvö til þrjú prósent af framleiðslunni enda á bandarískri grundu.

### Alþjóðleg glæpasamtök með ítök

Vegna þess að afgönsk stjórnvöld vilja ekki hætta á að gera valmúabændur í landinu sér endanlega fráhverfa hefur athygli fíkniefnalögreglunnar helst beinst að hærra settum mönnum í fíkniefnakeðjunni.

Nokkrir slíkir hafa verið handsamaðir en það virðist ekki hafa haft áhrif á framleiðsluna, sem hefur aukist stöðugt frá innrásinni í landið 2001.

Alþjóðleg glæpasamtök eru sögð hafa talsverð ítök í Afganistan og stýri jafnvel fíkniefnaframleiðslu í landinu að miklu leyti. Þótt færst hafi í vöxt á undanförnum árum að heróín og morfín sé unnið úr ópíuminu í þróuðum verksmiðjum í Afganistan er allra stærstu verksmiðjurnar ekki að finna þar, heldur í Tyrklandi.

Sömuleiðis þykir ljóst að fíkniefnabarónarnir hafi mikil tengsl inn í gerspillta afganska stjórnsýsluna – allt upp í efstu lög hennar. Þannig hefur sjálfur forsetinn, Hamid Karzai, reglulega verið bendlaður við fíkniefnaheiminn og ríkisstjórn hans sögð stýra framleiðslunni í þær áttir sem hentar hverju sinni. Hann hefur vitaskuld neitað öllum slíkum orðrómi þráfaldlega. Raddirnar hafa bara magnast eftir morðið á bróður hans, Ahmed Wali Karzai, sem sömuleiðis hafði ítrekað verið sakaður um tengsl við undirheimana.

Þessi spillingartengsl geta valdið vandræðum. Þannig eiga hagsmunir fíkniefnalögreglunnar og alþjóðaherliðsins það til að rekast á, þegar til stendur að handtaka menn sem yfirstjórn hersins telur að gætu skipt máli fyrir framgang verkefnisins þar ytra.

### Þrjátíu kíló af heróíni

Baráttan gengur hægt og dópskammtarnir sem lagt er hald á eru sjaldan stórir. Þegar við funduðum með fíkniefnalögreglumönnunum sögðu þeir okkur þó nokkuð hróðugir frá því að þeir hefðu degi fyrr lagt hald á býsna stóra sendingu af hreinu heróíni. Í henni voru þrjátíu kíló.

## Hvert fer afganska ópíumið?




Um níutíu prósent alls ópíums og heróíns í heiminum á uppruna sinn í Afganistan. Hér má sjá hvað verður um afurðina, gróflega áætlað. NORDICPHOTOS/AFP




4. hluti
AFGANISTAN

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.



Íbúðalán
—
Fræðslu- og kynningarfundur

Verðtryggð eða óverðtryggð íbúðalán, hvort skal velja?

Dagskrá:
* Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, fer yfir það sem vert er að hafa í huga við fjármögnun íbúðakaupa og ber saman óverðtryggð og verðtryggð lán.
* Árni Gunnarsson, rekstrar- og útibússtjóri, kynnir ný íbúðalán Arion banka.

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 22. september kl. 17.30 í Arion banka, Borgartúni 19.

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is.

arionbanki.is – 444 7000
Arion banki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Niðurstöður lestrarprófa verða kynntar betur fyrir foreldrum og nemendum í Reykjavík.

## Vald upplýsinga

Menntaráð Reykjavíkur samþykkti í síðustu viku tillögu minnihlutans um að skólastjórum í grunnskólum borgarinnar verði falið að sjá til þess að niðurstöður lesskimunarprófs sem lagt er fyrir í 2. bekk verði kynntar fyrir nemendum og foreldrum.

Lesskimunarprófið hefur verið lagt fyrir í tíu ár. Það er fyrst og fremst notað til að finna þá nemendur sem þurfa á sérkennslu í lestri að halda. Það er gríðarlega mikilvægt, enda er góð lestrarkunnátta undirstaðan fyrir nánast allt annað nám í grunnskólanum. Flest bendir til að niðurstöðurnar hafi nýtzt vel í þessum tilgangi og skólarnir bregðist nú fyrr og betur við lestrarörðugleikum en fyrir áratug. Þá hefur prófið aldrei komið betur út en síðastliðið vor; 71% nemenda teljast geta lesið sér til gagns við lok sjö ára bekkjar. Þannig hefur lesskimunin reynzt árangursríkt tæki fyrir kennara og skólastjórnendur.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Flestum kemur hins vegar líklega á óvart að í einhverjum skólum hafi ekki þótt ástæða til að kynna niðurstöðurnar rækilega fyrir nemendum og foreldrum. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir í Fréttablaðinu í gær að kynningin hafi verið sett í sjálfsvald skólastjórnenda og verið mjög misjöfn milli skóla.

Kjartan leggur áherzlu á það sjónarmið að foreldrar fái ekki aðeins að vita hvort barnið þeirra þarf sérstaka aðstoð við lesturinn, heldur líka ef það er á mörkum þess að þurfa aðstoð – eða stendur sig vel. Sömuleiðis sé holt að foreldrar fái að sjá hvernig skóli barna þeirra standi sig í samanburði við aðra. „Þá hafa foreldrafélög öflug gögn í höndunum ef ræða þarf við kennara eða skólastjóra," segir Kjartan.

Þetta er réttmætt sjónarmið. Niðurstöður úr síðustu lesskimun sýna gríðarlegan mun á milli grunnskóla og mikil frávik frá meðaltalinu. Í tveimur skólum getur hver einasti nemandi lesið sér til gagns og enginn þarf sérstaka aðstoð. Í einum skóla geta hins vegar aðeins 44% sjö ára nemendanna lesið sér til gagns, en helmingurinn þarf að fá aðstoð við að ná tökum á lestrinum.

Hingað til hafa skólarnir ekki verið nafngreindir í niðurstöðunum. En það er sjálfsögð krafa að foreldrar barna í hverjum skóla hafi að minnsta kosti samanburð á útkomu skólans við meðaltalið í Reykjavík, auk upplýsinga um frammistöðu eigin barns.

Feimnin við að bera saman árangur skóla er meðal annars til komin vegna ólíkra félagslegra aðstæðna í hverfunum þar sem þeir starfa. Að sjálfsögðu er miklu líklegra að í hverfi þar sem menntun foreldra er lítil, tekjur í lægri kantinum og jafnvel margir nemendur með annað móðurmál en íslenzku, þurfi margir á aðstoð að halda. Í hverfasamanburði sem hefur verið birtur kemur þetta raunar skýrt fram. En ef enginn samanburður er fyrir hendi, á milli skóla eða ára, hafa foreldrar heldur engan grunn að standa á ef þeir vilja vita hvort lestrarkennslan er árangursrík eða ekki. Og að sjálfsögðu skiptir kennslan máli. Það sýnir til dæmis niðurstaðan frá vorinu 2005, sem var sú lakasta á áratugnum enda kennaraverkfall haustið áður.

Upplýsingum fylgir vald. Til þessa hafa stjórnendur og starfsmenn skólanna haft betri aðgang að upplýsingunum en foreldrar. Nú fá foreldrar væntanlega gögn í hendur svo hægt sé að ræða málin af meiri þekkingu og á betri jafnréttisgrundvelli.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sérkennileg könnun

Fyrirtækið MMR birti í gær niðurstöðu skoðanakönnunar þar sem spurt var um hvert hlutverk þjóðaratkvæðagreiðslu ætti að vera í tengslum við afgreiðslu á nýrri stjórnarskrá. Rannsóknarspurningin gengur sem sagt út frá því að slík atkvæðagreiðsla fari fram, þótt ekkert sé ákveðið þar um. Einn valmöguleikinn var eftirfarandi: „Haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla sem verði látin ráða úrslitum um afgreiðslu stjórnarskrárfrumvarpsins." Þetta er skrítinn valkostur. Samþykki menn hann, eru menn að samþykkja stjórnarskrárbrot því samkvæmt stjórnarskrá getur aðeins Alþingi breytt stjórnarskránni. Og til þess þarf tvö þing með kosningum á milli.



### Hvað með sjálfstæði þings?

Vel má vera að höfundar þessarar skringilegu könnunar hugsi sem svo að Alþingi samþykki að fara eftir afstöðu slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Það vekur hins vegar upp spurningar um sjálfstæði þingsins og sannfæringu þingmanna. Er það ekki stjórnarskrárbrot að binda hendur þeirra með slíkum hætti? Hvað með þá sem greiddu atkvæði gegn þeirri leið; yrðu hendur þeirra engu að síður bundnar?



### Brjótum ekki stjórnarskrá

Traust almennings á Alþingi er vissulega lítið og því ekki óeðlilegt að öllum möguleikum um málið sé velt upp. Þeir sem tala fyrir því að Alþingi verði sniðgengið eða hendur þingmanna bundnar, við afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár, verða hins vegar að svara því hvort leiðin að nýrri stjórnarskrá eigi að hefjast með broti á þeirri gömlu. Það er alveg sama hvað okkur finnst að ætti að gerast, hversu mikið sem við viljum að þjóðin fái síðasta orðið; stjórnarskráin mælir fyrir um annað.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Tímabær stefnumótun


Erlendar fjárfestingar



Katrín Júlíusdóttir

iðnaðarráðherra


Ístjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að stuðla skuli að beinum erlendum fjárfestingum. Úti um allan heim leggja ríki áherslu á að laða til sín beina erlenda fjárfestingu og hvergi er slík fjárfesting jafn mikilvæg og í litlum opnum hagkerfum eins og því íslenska. Þess vegna er sérstaklega vont til þess að vita að í kjölfar efnahagshrunsins eru fjárfestingar hér í sögulegu lágmarki.

### Aldrei verið mótuð stefna

Iðnaðarráðuneytið og Fjárfestingarstofa fengu árið 2009 PriceWaterhouseCoopers í Belgíu til að gera úttekt á beinum erlendum fjárfestingum á Íslandi. Sannast sagna voru niðurstöðurnar sláandi. Hér á landi hefur aldrei verið mótuð heildstæð stefna gagnvart beinum erlendum fjárfestingum né uppbyggileg umræða farið fram um eðli þeirra, mikilvægi eða áherslur í markaðssókn gagnvart erlendum fjárfestum. Enda er það eitt helsta einkenni beinnar erlendrar fjárfestingar hér hvað hún hefur verið einhæf og takmörkuð. Á þessu verður að ráða bót.

Þegar rýnt er í skýrslur OECD sl. áratug kemur einnig í ljós að Ísland hefur árum saman verið með einna mestar takmarkanir og hömlur á erlendum fjárfestingum.

### Heildstæð opinber stefna um erlendar fjárfestingar

Í tíð núverandi ríkisstjórnar var stigið það risaskref að innleiða rammalöggjöf um ívilnanir vegna nýfjárfestinga hér á landi. Sú löggjöf bætir ekki aðeins samkeppnisstöðu okkar heldur auðveldar alla kynningu á Íslandi sem fjárfestingarkosti.

Í skýrslu starfshóps sem ég skipaði um tillögugerð varðandi beina erlenda fjárfestingu kemur fram að nauðsynlegt er að skýra og einfalda lagaramma þannig að ljóst sé hvað sé heimilt og hvað ekki. Fjarlægja þarf þau matskenndu og óljósu atriði sem skapa óvissu um stöðu fjárfestinga. Þá þarf að móta heildstæða stefnu, skilgreina áherslusvið og vinna þannig enn markvissar að því að laða hingað beinar erlendar fjárfestingar.

Í samvinnu iðnaðarráðuneytis og efnahags- og viðskiptaráðuneytis er nú unnið að þingsályktun um stefnumótun um beinar erlendar fjárfestingar og endurskoðun lagaramma og reglna til að bæta samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði. Í ljósi vaxandi umræðu og áhuga á erlendum fjárfestingum vænti ég víðtækrar samstöðu í þjóðfélaginu um þetta löngu tímabæra verkefni.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Landsmenn vilja kjósa

ESB-aðild



Helgi Magnússon
formaður Samtaka iðnaðarins

Tveir af hverjum þremur landsmönnum vilja að Ísland ljúki aðildarviðræðum við Evrópusambandið þannig að unnt verði að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Þetta kom fram í marktækri skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birtist þann 12. september. Þessi niðurstaða er þvert á það sem ýmsir ákafir andstæðingar aðildarviðræðna hafa haldið fram í ræðu og riti. Algengt er að þeir hafi leyft sér að fullyrða að „þjóðin og þingið“ séu á móti aðildarviðræðum og því sé við hæfi að slíta þeim hið fyrsta.

Slíkur málflutningur fellur um sjálfan sig ef marka má þessa skoðanakönnun. Samkvæmt henni vilja landsmenn ljúka samningum með sem bestri niðurstöðu fyrir okkur og kjósa svo um málið í heild.

**Vandi Grikkja er agaleysi**

Philippe de Buck, framkvæmdastjóri BUSINESSEUROPE, heimsótti Ísland um miðjan mánuðinn. Margt merkilegt kom fram í máli hans um stöðu ESB og evrunnar. Meðal annars að vandi Grikklands er stór fyrir Grikki – en ekki á mælikvarða Evrópu í heild. Vandi Grikkja er ekki vegna evrunnar eða ESB. Hann er vegna agaleysis þeirra sjálfra. Það er eitt af því sem við Íslendingar verðum að átta okkur á. Við munum ekki leysa agavandamálin í íslensku efnahagslífi með inngöngu í ESB. Það er á ábyrgð okkar sjálfra að taka fyrst til heima. Trúlega hrýs einhverjum hugur við því. Ef við Íslendingar göngum í ESB og tökum upp evru verður núverandi vandi á evrusvæðinu væntanlega löngu leystur enda nokkur ár til stefnu.

Andstæðingar ESB á Íslandi hafa fagnað heils hugar þeim erfiðleikum sem steðja að í sumum löndum ESB um þessar mundir. Þeir virðast meta það þannig að erfiðleikarnir muni hræða Íslendinga frá því að ljúka samningaferlinu og leggja niðurstöðuna í dóm kjósenda með þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrrgreind skoðanakönnun sýnir að landsmenn virðast vera á öðru máli. Vert er að hafa í huga að það hefur verið órói um allan hinn vestræna heim. Menn mega ekki gleyma því sem gengið hefur á í Bandaríkjunum þar sem pólitísk átök urðu til þess að sjálft stórveldið var fellt niður um flokk hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum sem fram að því hafði verið talið nær óhugsandi.

**Króna og höft til framtíðar?**

Það eru alltaf vandamál í hagkerfum heimsins. Það verður aldrei friður og ró á fjármálamörkuðum iðnríkjanna. Menn munu áfram taka á viðfangsefnunum og leysa þau. Þeir sem reyna að segja okkur að ekki sé rétt að semja um aðild að ESB nema allt sé með ró og spekt á öllum vígstöðvum vita sem er að það jafngildir því að ljúka aldrei samningum.

Ef Íslendingar velja að hætta við að ná hagstæðum samningum við ESB þá þurfa þeir að gera sér ljóst að með slíkri ákvörðun væri verið að ákveða að standa utan við Evrópusamstarfið næstu árin eða áratugina. Við þurfum að svara því hvort framtíðarsýnin sé sú að notast við íslenska krónu og þá væntanlega gjaldeyrishöft af einhverju tagi til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Fátt bendir til þess að krónan muni standa ein og óvarin eftir þær tilraunir sem hafa verið gerðar með hana. Tilraunir sem tókust ekki vel. Veik staða krónunnar átti sinn þátt í hruninu árið 2008. Eða trúa menn því að krónan geti dugað okkur til frambúðar – óvarin?

Ætla má að valið sé um íslenska krónu og væntanlega gjaldeyrishöft eða að efla samstarf við aðrar þjóðir í gjaldmiðlamálum og horfa til alþjóðlegra viðskipta og alþjóðlegs samstarfs í auknum mæli. Gleymum því ekki að Íslendingar hafa óhræddir efnt til samstarfs við stórþjóðir heimsins á vettvangi NATO, Sameinuðu þjóðanna, Norðurlandaráðs, EFTA og EES svo eitthvað sé nefnt.

Ástæða er til að vara við þjóðernishyggju sem stafar af þröngsýni, þekkingarleysi og vantrausti á nútímann og framtíðina. Smáþjóðir hafa áður gengið í ESB og una þar hag sínum vel eins og Lúxemborg, sem hefur verið með frá upphafi, og Malta sem gekk inn fyrir nokkrum árum.

Ég tel að við eigum að ljúka umsóknarferlinu en vil þó taka fram að ég skil áhyggjur þeirra sem óttast um hagsmuni starfsgreina sinna.

Enda tel ég einsýnt að við samþykkjum ekki aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu nema að Íslendingar nái sem bestum og hagstæðustum samningum fyrir einstakar atvinnugreinar, neytendur og samfélagið allt.

**Stefna SI er skýr**

Í þessum anda er stefna Samtaka iðnaðarins sem t.d. kemur fram í ályktun Iðnþings frá í mars sl. Stefnan var áréttuð í tilkynningu frá samtökunum þann 18. ágúst. Þar sagði m.a.: „Ísland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að umsóknarferlinu sé haldið áfram af fullum heilindum og í náinni samvinnu við atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila.“

Ennfremur: „Samtök iðnaðarins telja engar líkur til að samningur, þar sem veigamiklum hagsmunum verður fórnað, verði samþykktur í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Af þessum sökum er mikilvægt að ljúka ferlinu með það að markmiði að tryggja hagsmuni þjóðarinnar með sem hagstæðustum samningum til langs tíma.“

**Forsjárhyggju hafnað**

Þann 25. ágúst sl. birti Egill Ólafsson, blaðamaður á Morgunblaðinu, ágætan pistil í blaði sínu og sagði m.a.: „Ég vil fá að taka ákvörðun um hvort við göngum í ESB eða ekki.

Ég vil ekki láta Bjarna Benediktsson og Sigmund Davíð Gunnlaugsson ákveða þetta fyrir mig. Ég vil fá að sjá samninginn og meta hann sjálfur en ekki láta Jóhönnu Sigurðardóttur, Össur Skarphéðinsson, Unni Brá Konráðsdóttur eða Ásmund Einar Daðason segja mér hvernig hann komi til með að líta út. Ég tel mig, eftir 20 ára vinnu við að mynda mér skoðun á þessu máli, hafa jafn mikið vit á þessu máli og þau.“

Ég tek undir þessi viðhorf og vil fá að leggja mat á þetta gríðarstóra hagsmunamál sjálfur án þess að láta stjórnmálamenn segja mér fyrir verkum.

Það örlar reyndar á því hjá ýmsum stjórnmálamönnum – núverandi og fyrrverandi – að það þurfi að hafa vit fyrir landsmönnum því þetta sé svo flókið mál að ekki sé óhætt að setja það í hendurnar á þjóðinni enda geti hún þá farið sér að voða. Það þurfi að hafa vit fyrir fólkinu.

Ég hafna forsjárhyggju af því tagi.

ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

### Einkunnir eiga að vera jafngildar

Próf sem metin eru af einhverjum utanaðkomandi geta verið góð viðbót. Þau mega hins vegar ekki fá meira vægi en allt annað sem nemendur gera. Slík breyting myndi hvorki leiða til réttlætis né gæða. Miðflokkurinn vill „nútíma stúdentspróf“ til þess að stemma stigu við uppsveiflu í einkunnum. Menntamálaráðherra segir Miðflokkinn vera að hugsa á réttri braut og getur þess að verið sé að skoða málið.

Þetta hljómar ekki illa. Einkunnir geta skorið úr um hver kemst að í eftirsóttu háskólanámi. Þess vegna eiga þær að vera jafngildar. Á tímum vaxandi samkeppni milli framhaldsskólanna getur það einnig verið eðlilegt að ríkið reyni á ýmsan hátt að auka eftirlitið með því að gæðum námsins sé viðhaldið.

dn.se/ledare

Úr leiðara Dagens Nyheter

### Danmörk styðji palestínskt ríki

Meðal Evrópusambandslandanna eru bæði nánir vinir Ísraels og lönd sem hafa mikinn skilning á aukinni örvæntingu Palestínumanna. Í mörgum löndum eru skiptar skoðanir á málinu - alveg eins og í Danmörku. Nái Evrópusambandið ekki samstöðu um stuðning við diplómatískt skref verður Danmörk að vera meðal þeirra landa sem lýsa yfir fullum stuðningi við hreyfinguna í átt að viðurkenningu. Önnur norræn lönd, Frakkland og Bretland eru væntanlega meðal þessara landa.

politiken.debat/dk

Úr leiðara Politiken

skattur.is

Til forráðamanna hlutafélaga, einkahlutafélaga og annarra skattskyldra lögaðila um skil á skattframtali 2011

Framtalsfrestur félaga er liðinn

Minnt er á að í október fer fram álagning opinberra gjalda lögaðila 2011 vegna rekstrarársins 2010.



Þrátt fyrir að framtalsfrestur sé runninn út eru þau félög sem enn eiga eftir að skila skattframtali 2011 ásamt ársreikningi hvött til að gera það hið allra fyrsta.

Skattframtali á alltaf að skila, jafnvel þó að engin eiginleg atvinnustarfsemi eða rekstur hafi verið til staðar hjá félaginu á árinu 2010.

Félög eiga jafnframt að skila ársreikningi til Ársreikningaskrár.

Hægt er að skila skattframtali og ársreikningi rafrænt á www.skattur.is.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Sími 442 1000 - Opið kl. 9:30-15:30

# Saga samfélags en ekki einstaklinga

Menntamál

Leifur Reynisson
kennari og sagnfræðingur



Þessi grein er framhald á fyrri umfjöllun minni um gagnrýni Jafnréttisstofu vegna námsbóka í sögu. Í síðustu grein sýndi ég fram á að bækur mínar, Sögueyjan, eru skrifaðar í anda aðalnámskrár en hér mun ég leitast við að bregðast við einstökum þáttum gagnrýninnar. Í kennsluleiðbeiningum Sögueyjunnar er gerð grein fyrir fyrsta hefti með eftirfarandi hætti en sú lýsing á einnig við næstu hefti á eftir að því undanskildu að þar er ekki fjallað um miðaldir: „Í bókinni er leitast við að draga upp megineinkenni og átakalínur í samfélaginu á hverjum tíma fyrir sig. Efnið er fléttað saman með þeim hætti að nemendur fái tilfinningu fyrir framvindu sögunnar um leið og þeir átti sig á samhengi tiltekinna samfélagsþátta. Aðalatriðið er að veita skýra innsýn í samfélag miðalda þar sem nemendur geta áttað sig á lífsskilyrðum almennings og ólíku hlutskipti landsmanna varðandi auð og völd. Einstakir atburðir, ártöl og mannanöfn, skipta því tiltölulega litlu máli einir og sér. Hér er sú leið valin að skilgreina einstaka þætti sögunnar og setja þá í samhengi við samfélagslega þróun.“

Ég komst auðvitað ekki hjá því að nefna áberandi gerendur sögunnar á nafn og þar er einkum um karla að ræða en þeir höfðu langtum betri tækifæri til að gera sig gildandi í karlasamfélagi fyrri alda en konur. Af þeim sökum nefni ég karlmenn á borð við Snorra Sturluson og Jón Sigurðsson. Þar til viðbótar nafngreindi ég fólk í svokölluðum kveikjusögum sem eru sviðsettar frásagnir í upphafi hvers kafla en hlutverk þeirra er að draga meginefni kaflans saman í sterka myndræna frásögn sem gefur nemendum forsmekkinn að umfjöllun kaflans. Má nefna sem dæmi frásögnina af Grundarbardaga. Bardaginn sjálfur skiptir ekki meginmáli heldur sú staðreynd að þar fóru tveir valdamenn, annar íslenskur en hinn útlendur, saman til skattheimtu og þóttu harðdrægir í aðgerðum sínum. Það var í þágu frásagnarinnar að nafngreina þá en megintilgangur kveikjunnar var að draga saman með myndrænum hætti hvernig valdamenn hegðuðu sér og að innlent vald var ekki endilega hagstæðara Íslendingum en erlent. Í þessu samhengi skipti nafn Helgu á Grund litlu máli og kemur það mér sannast sagna í opna skjöldu að vera sakaður um þöggun með því að nefna hana ekki á nafn. Í annarri kveikju segi ég frá drápi Snorra Sturlusonar en henni er ætlað að varpa ljósi á ofbeldi og valdabaráttu höfðingja á Sturlungaöld. Þar sá ég ástæðu til að vísa beint í Sturlungu til að gefa nemendum sýnishorn af tilþrifaríkum miðaldafrásögnum. Í þessari stuttu tilvitnun eru nafngreindir fimm karlmenn sem skipta engu sérstöku máli í sjálfu sér en ekki hefði farið vel á því að fella nöfn þeirra niður.

Sú niðurstaða skýrslunnar að konur séu mun færri en karlar í atriðisorðaskrá fyrstu tveggja binda Sögueyjunnar er hárrétt, en ástæðan er hreint ekki sú að ég hafi viljað halda konum utan sögunnar. Þar eru fyrst og fremst skráð nöfn þekktra einstaklinga úr opinberu lífi og það er ekki auðvelt að finna slíkar konur fyrr en undir lok 19. aldar. Konur eru því mun sýnilegri í þriðja bindi Sögueyjunnar, sem nær frá lokum 19. aldar fram til dagsins í dag, en í fyrri bindum verksins.

Þar með er auðvitað ekki sagt að sú saga sem greint er frá í Sögueyju 1 og 2 hafi ekkert með konur að gera. Frásögn bókanna er að miklu leyti lýsing á kjörum íslenskrar alþýðu enda er margoft talað um Íslendinga, landsmenn, mannlíf o.s.frv. Ég lít svo á að konur jafnt sem karlar falli undir þau hugtök og því sé að verulegu leyti um heildarsögu þeirra að ræða. Myndefni bókarinnar styrkir ennfremur þann skilning að um sé að ræða sögu beggja kynja.

> Því fylgir ábyrgð og töluvert vald að reka opinbera stofnun sem Jafnréttisstofu og því hlýtur maður að gera þá kröfu að vandað sé til rannsókna á vegum hennar. Á það ekki síst við þegar viðkomandi stofnun kýs að blása í herlúðra í fjölmiðlum.

Þá fjalla ég um tiltekna hópa í kafla sem gerir einkum grein fyrir uppbyggingu samfélagsins með tilliti til auðs, valda og tækifæra. Þar fjalla ég sérstaklega um hlut kvenna enda var staða þeirra nokkuð þröngt skilgreind fyrr á tíð. Leyfði ég mér að setja þann kaflahluta í atriðisorðaskrá undir hugtakinu „konur“ svo að nemendur ættu auðveldara með að finna umfjöllun sem ætti sérstaklega við um þær. Ekki vegna þess að ég líti niður á konur eins og marka má af gagnrýni skýrslunnar heldur til að gera nemendum kleift að fletta upp á lýsingu á stöðu kvenna á miðöldum. Viðkomandi færsla í atriðisorðaskrá var sett inn þar sem mér er staða kvenna hugleikin og á ég ekki von á öðru en svo sé einnig um kennara og nemendur.

Því fylgir ábyrgð og töluvert vald að reka opinbera stofnun sem Jafnréttisstofu og því hlýtur maður að gera þá kröfu að vandað sé til rannsókna á vegum hennar. Á það ekki hvað síst við þegar viðkomandi stofnun kýs að blása í herlúðra í fjölmiðlum. Fyrir mér byggist jafnrétti í söguritun ekki á því að nafngreina fólk heldur að lýsa sem best aðstæðum almennings og gildir þá einu hvort um karlmenn eða kvenmenn sé að ræða. Samkvæmt skýrslu Jafnréttisstofu liggur jafnréttið í því að nafngreina þekkt fólk en það er fjarri mínum jafnréttishugmyndum.

Að þessu sögðu vil ég geta þess að þrátt fyrir að alvarlegir annmarkar séu á skýrslu Jafnréttisstofu hefur hún vakið mig betur til vitundar um nauðsyn þess að gera konur sem sýnilegastar í söguritun þó oft sé þar erfitt um vik. Það er t.d. sjálfsagt að segja „landnámshjónin Ingólfur og Hallveig“ í stað þess að nafngreina Ingólf einan. Þess má geta að bækur mínar verða teknar til endurskoðunar eins og aðrar bækur sem Námsgagnastofnun hefur að undanförnu gefið út fyrir miðstig í samfélagsfræði í þeim tilgangi að kanna hvort á einhvern hátt megi rétta hlut kynjanna án þess að breyta okkar bestu vitneskju um söguna. En það er mikilvægt að hafa í huga að í yfirlitsritum um sögu landsins er takmarkað rými til umfjöllunar um nafngreindar persónur. Slíkt er frekar hægt í bókum sem taka fyrir afmörkuð efni eða tímabil. Er sjálfsagt að draga hlut kvenna betur fram í dagsljósið með þeim hætti auk þess sem auka mætti við ítarefni sögubókanna.

Ég lagði mikinn metnað í ritun Sögueyjunnar og hafði það að leiðarljósi að skrifa sögu þjóðar en ekki einstaklinga. Mér þykir sárt að horfa upp á bækur mínar dæmdar með þeim hætti sem gert er í skýrslu Jafnréttisstofu og í sumum fjölmiðlum. Mér þætti vænt um ef þeir sem um bækur mínar fjalla litu á efnið á málefnalegan hátt og miði frekar við innihald og anda bókanna en talningu á mannanöfnum. Þá gagnrýni sem til þessa hefur fram komið tel ég ómaklega og úr öllu samhengi við efni Sögueyjubókanna.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-2342

Aðeins 4,4 lítrar á hundraðið
– og sjö ára ábyrgð!
Kia cee'd LX beinskiptur, 1,6 dísil 115 hö.
Afborgun aðeins 35.490 kr. á mánuði*
* Afborgun á mánuði miðast við 30% útborgun eða uppítökubíl og verðtryggt lán í íslenskum krónum til 84 mánaða, árleg hlutfallstala kostnaðar 10,1%. Miðað við bíl sem kostar 3.090.000 kr. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Kia cee´d kostar frá 2.890.000 kr.
Eigum bíla til afgreiðslu strax!




7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.
Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook
KIA
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.
ASKJA
www.kia.is

# Afnema óverðtryggð lán verðtrygginguna?

Fjármál
Hilmar Ögmundsson
hagfræðingur BSRB

Á Íslandi hefur lengi verið litið svo á að húsnæðisöryggi sé einn af hornsteinum samfélagsins. Það að eiga öruggt húsaskjól á ekki að falla undir forréttindi heldur sjálfsögð mannréttindi. Efnahagsþrengingar síðustu missera hafa hins vegar valdið því að húsnæðisöryggi Íslendinga er í dag ógnað.

BSRB hefur áður talað fyrir því að auka verði valkosti þegar kemur að því að velja sér búsetuform. Fram til þessa hefur aðeins tvennt staðið til boða – annars vegar séreignarstefna með verðtryggðum lánum frá fjármálastofnunum og hins vegar ófullkominn leigumarkaður. Frá efnahagshruni hefur það bersýnilega komið í ljós hversu ófullkomin bæði búsetuformin eru. Höfuðstólar verðtryggðra lána hafa tekið stökk upp á við og leiguverð á þeim fáu leiguíbúðum sem á markaðnum eru hefur hækkað upp úr öllu valdi.

BSRB ítrekar þá afstöðu sína að koma verði á sanngjörnum leigumarkaði þar sem leiga verður gerð að raunverulegum langtíma búsetukosti þar sem fólki verður tryggt sanngjarnt leiguverð, t.d. með aðkomu sérstakrar nefndar sem hefur úrskurðarvald um slík málefni. Ennfremur vill BSRB að lántakendum verði boðið upp á fleiri valkosti kjósi fólk að fara þá leið að eignast sitt eigið húsnæði. Íbúðalánasjóður stefnir að því að bjóða upp á óverðtryggð húsnæðislán á næsta ári og nú þegar hafa sumir bankanna gert slíkt hið sama. Arion banki mun í vikunni bjóða viðskiptavinum sínum óverðtryggð íbúðalán sem nema allt að 60% veðhlutfalli fasteignar, með föstum 6,45% vöxtum til fimm ára. Að auki stendur fólki til boða viðbótarlán sem nema frá 60% til 80% veðhlutfalli fasteignar. Þau lán bera 7,55% fasta vexti í fimm ár og eru til allt að 25 ára.

Auknum valmöguleikum sem þessum ber auðvitað að fagna og því verður forvitnilegt að sjá hvernig Íbúðalánasjóður mun útfæra sín óverðtryggðu lán. Á hinum nýju lánum Arion banka mun endurskoðun vaxta fara fram á fimm ára fresti og „taka mið af markaðsvöxtum sem í gildi eru á hverjum tíma“ eins og segir í tilkynningu bankans. Þannig getur lánveitandinn í raun velt ófyrirséðum kostnaði á lántakenda við þessa endurskoðun í formi nýrra og hugsanlega mun hærri vaxta alls sjö sinnum á lánstímanum sé miðað við lán til 40 ára.

Höfuðtilgangur óverðtryggðra lána hlýtur að vera að gera lántakanda algerlega ljóst hvað hann er að fara að borga mikið hverju sinni. Þetta er framkvæmanlegt með fastvaxtaláni þar sem lántakandi sér nákvæmlega hversu mikið hann er að fara að greiða á lánstímanum. Þar hafa sveiflur í verðbólgu ekki óvænt áhrif sem geta riðlað öllum forsendum í fjármálum heimilanna líkt og raunin er með verðtryggðu lánin. Sveiflur í verðbólgu valda því að ómögulegt er að segja til um það hversu mikið greiða þarf af verðtryggðu láni um næstu mánaðamót, hvað þá eftir 20, 30 eða 40 ár.

Þeirri kenningu hefur verið haldið á lofti að þrátt fyrir möguleikann á óverðtryggðum lánum muni stór hluti íslenskra heimila frekar halda sig við hin verðtryggðu lán þar sem þau séu svo kunnug því formi. BSRB hafnar þeirri kenningu alfarið jafnvel þótt ljóst sé að vextir af óverðtryggðum lánum verði hærri en af verðtryggðum lánum. Fastir vextir færa okkur a.m.k. vissu um hversu há næsta greiðsla láns verður og sömuleiðis sú síðasta. Fyrir þessa vissu eru heimilin eflaust til í að taka á sig hærri vaxtaprósentu því þá vita þau hið minnsta hvað þau eru að fara út í og hversu miklu þau ætla að ráðstafa í húsnæðiskaup í framtíðinni. Í hinu verðtryggða umhverfi samtímans er óvissan aftur á móti alger enda nokkuð ljóst að laun fylgja ekki verðbólguþróun og ómögulegt er að segja til um stöðu höfuðstóls og upphæðir afborgana þegar fram líður.

Nú þegar hefur ríkið gefið út skuldabréf – m.ö.o. tekið lán – á 6,5% föstum vöxtum til 20 ára. Sú aðgerð gefur sterklega til kynna að slíkt sé raunverulegur kostur. Þetta er jafnframt kostur sem ætti ekki bara að standa ríkissjóði til boða heldur almenningi í landinu líka. Það sem er þó mikilvægast er að tryggt verði að fjármálastofnanir geti ekki endurskoðað vexti einhliða að ákveðnum árafjölda liðnum. Á meðan fjármálastofnun getur sjö sinnum á 40 ára lánstíma endurskoðað vextina er í raun ekki verið að fjarlægja verðtrygginguna að fullu. Þannig er lántakanda áfram haldið í óvissu um hvað hann sé í raun að fara að greiða af láninu. Á meðan óhindruð endurskoðun fjármálastofnana fer fram með reglulegu millibili er ekki verið að bjóða upp á raunveruleg fastvaxtalán heldur áframhaldandi óvissu fyrir heimilin í landinu.

AF NETINU

### Hlutur endurskoðendanna

Einn hlutur er furðu sjaldan nefndur varðandi hrunið – það er þáttur endurskoðendanna. Þeir störfuðu undir fínum nöfunum eins og PwC, Deloitte og KPMG – og skrifuðu upp á skýrslur sem voru úr öllum tengslum við raunveruleikann. Endurskoðendur eiga að stíga á hemlana ef rekstur fyrirtækja er að fara út yfir viðurkennd mörk. Það gerðu þeir ekki hérna – þvert á móti, þeir mökkuðu með.

silfuregils.eyjan.is

Egill Helgason



Íslenskir dagar í Færeyjum
2. – 4. desember 2011

**Dagana 3. – 5. október** verða staddir hér á landi innkaupastjórar frá Bónus, Miklagarði og Mylnan.

Þeim íslensku bændum, framleiðendum og innflytjendum sem áhuga hafa á viðskiptum við Færeyjar er boðið að hafa samband við Jóhannes Jónsson í síma 894 1777 eða á netfangið johannes@bonus.fo.

mylnan
Þrjár fyrsta flokks þægindaverslanir

BÓNUS
Fimm lágvöruverðsverslanir

MIKLAGARÐUR
Ein hágæða matvöruverslun miðsvæðis í Þórshöfn

# tímamót

timamot@frettabladid.is



64 **STEPHEN KING** rithöfundur er 64 ára í dag.
*„Ég er bókmenntalegt jafngildi Big Mac hamborgara og franskra kartaflna."*

## Merkisatburðir

1919 Reykjanesviti skemmist allnokkuð í jarðskjálfta.
1936 Franska herskipið L'Audacieux kemur til Reykjavíkur og kafa menn á þess vegum niður að flaki Pourquoi-pas?, sem lá á níu metra dýpi við skerið Hnokka innst í Faxaflóa.
1963 Eiríkur Kristófersson, fyrrverandi skipherra á skipum Landhelgisgæslunnar, er sæmdur æðstu orðu Breta, sem erlendir menn geta fengið, fyrir framgöngu sína við björgun breskra sjómanna.
1964 Malta fær sjálfstæði frá Bretlandi.
1985 Í Þjóðleikhúsinu er flutt óperan Grímudansleikur eftir Verdi. Kristján Jóhannsson syngur aðalhlutverkið og er í gagnrýni Morgunblaðsins sagður syngja stórkostlega.
1998 Fyrsti friðardagurinn er haldinn (Peaceday).

ARCTIC TRUCKS: BREYTIR LAND CRUISER-JEPPA FYRIR FERÐ Á SUÐURPÓLINN

# Kemur Kasakstan á pólinn

„Við vorum að prufukeyra þennan Cruiser um helgina, fórum upp á Langjökul með kaupandanum sem var mjög ánægður," segir Gísli Jónsson, tækni- og þróunarstjóri Arctic Trucks. Fyrirtækið hefur breytt Land Cruiser 150 jeppa í sannkallaðan ofurbíl sem fara mun á suðurpólinn í vetur. „Leiðangurinn er farinn í tilefni af því að Kasakstan fagnar 20 ára sjálfstæðisafmæli. Ætlunin er því að fara á suðurpólinn nú þegar hundrað ár eru liðin frá því að Amundsen og Scott komust þangað fyrstir manna."

Bíllinn var pantaður í maí og byrjað var að vinna í honum í júní. „Þetta hefur verið stöðug vinna síðan enda farnar í bílinn 1.300 vinnustundir," upplýsir Gísli. En af hverju er notaður Land Cruiser-jeppi en ekki Hilux-jeppi eins og tíðkast hefur í slíkum leiðöngrum? „Þeir báðu um bíl sem gæti farið á suðurskautið en væri þægilegri en Hilux-bílarnir sem þeir voru með. Þeir vildu bíl sem fjaðraði betur, færi betur með farþega og hefði meira pláss fyrir mannskapinn. Við þróuðum hugmyndina áfram í samráði við kaupandann og enduðum á Land Cruiser 150 en við höfðum nýlega breytt slíkum bíl fyrir hjálparsveit í Kópavogi," svarar Gísli en farið var enn lengra í breytingunni á bílnum nú. „Við smíðuðum í hann nýja fjöðrun að framan og aftan sem eru svolítil tímamót fyrir okkur á Íslandi. Með nýju fjöðruninni er hægt að aka mjög hratt yfir óslétt land. Við settum í hann milligír, sterkari millikassa, 350 lítra eldsneytistanka, tvær tankadælur, 220 volta rafkerfi til að hlaða tölvubúnað, sprungugrind að framan, festingar fyrir krana að framan og spil sem hægt er að hafa að framan og aftan. Síðan fer í hann radar og loftnet fyrir gervihnattasamskipti," telur Gísli upp.

Áætlað er að leiðangurinn standi í þrjár vikur. Tveir menn á vegum Arctic Trucks verða með í för. „Það verða þeir Eyjólfur Már Teitsson, sem verður ökumaður og vélvirki, og Peter Ric-Hansen, læknir úr danska hernum," segir Gísli og telur mikilvægt að hafa læknismenntað fólk með í för. „Á suðurpólnum er enga hjálp að fá og ekki hægt að hringja í þyrlu. Umhverfið er erfitt og reynir mjög á mannskapinn en marga daga getur tekið að komast undir læknishendur."

Arctic Trucks hefur nokkra reynslu af suðurskautsferðum. „Við höfum verið þar samfleytt síðustu þrjá vetur," segir Gísli en fyrirtækið byggir nú fjórða sex hjóla Hilux-inn sem notaður verður í öðrum leiðangri á pólnum í vetur. Arctic Trucks tekur þátt í þremur leiðöngrum þangað í vetur. „Við lifum á þessum erlendu verkefnum enda hvarf íslenski markaðurinn nánast alveg í hruninu og er ekkert á leiðinni upp aftur," segir Gísli. Fyrirtækið selur Land Cruiser-ofurjeppann á 150 þúsund evrur fyrir utan skatta og gjöld, sem gera um 24 milljónir króna. solveig@frettabladid.is




**MIKIÐ BREYTTUR** Gísli Jónsson við Land Cruiser 150 sem Arctic Trucks hefur breytt í sannkallaðan ofurjeppa. Kaupandi frá Kasakstan kaupir bílinn á 24 milljónir króna fyrir utan skatta og gjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

---



*Okkar fallega og elskaða eiginkona, mamma, amma, tengdamamma, systir og vinkona,*

**Erna Borgþórsdóttir**

andaðist heima hjá þeim sem hún elskaði mest mánudaginn 12. september. Hún verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. september kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarsjóð Karítas www.karitas.is.

**Óskar Alvarsson**
**Rannveig Óskarsdóttir** **Jóhann T. Maríusson**
**Borgþór Alex Óskarsson**
**Margrét Birta Óskarsdóttir**
**Arnór, Huginn, Þór og Elísabet Jóhannsbörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristrún Guðmundsdóttir**
sjúkraliði,

andaðist í faðmi fjölskyldu sinnar á heimili sínu föstudaginn 16. september.
Útför hennar fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 22. september kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Þóra Einarsdóttir**
**Guðmundur Einarsson**
**Sigurjón Einarsson**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Geirs Óskarssonar**
bifvélavirkja, Stífluseli 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við hjúkrunarfólkinu hjá Heimahlynningu og líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Einnig þökkum við Lögreglukórnum fyrir fallegan söng og Umferðardeild lögreglunnar fyrir sýndan virðingarvott.

**Bjarndís Jónsdóttir**
**Hrefna Geirsdóttir** **Birgir Pétursson**
**Magnea Júlía Geirsdóttir** **Einar Már Gunnlaugsson**
**Jón Bjarni Geirsson** **Ragna Jóhanna Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Þökkum af alhug öllum þeim sem heiðruðu minningu okkar elskulegu*

**Arnþrúðar Margrétar Jóhannesdóttur**
sjúkraliða,
Arahólum 4, áður Kópavogsbraut 107,

sem lést 28. júní sl. og sýndu okkur og fjölskyldunni allri, samúð og hlýju við fráfall hennar.

**Sigurður Gunnlaugsson**
**Aðalbjörg Sigurðardóttir** **Gísli Eiríksson**
**Gíslunn Arngrímsdóttir**
**Hulda Sigurðardóttir** **Haraldur Þorsteinsson**
**Sigurlaug Sigurðardóttir** **Emil Valgarðsson**
**Margrét Sigurðardóttir** **Eyþór Rafn Þórhallsson**
**ömmu- og langömmubörnin.**

---



*Elsku hjartans móðir okkar, unnusta, dóttir, systir, mágkona, amma mín og stjúpmóðir,*

**Hjördís Linda Jónsdóttir**
Drápuhlíð 34,

lést í faðmi ástvina sinna á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, föstudaginn 16. september.

**Diljá Rún Jónsdóttir og Bjarki Snær Jónsson**
**Ólafur Jóhann Högnason**
**Jón Grettisson** **Herdís Valdimarsdóttir**
**Valdimar Jónsson** **Ragnheiður Hansen**
**Áslaug Filippa Jónsdóttir** **Dagbjartur Þórðarson**
**Fjölnir Jarl Hauksson ömmumoli**
**Ólafur Kári Ólafsson, Ísold Anja Ólafsdóttir**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Guðmundur Árnason**
kennari,
Holtagerði 14, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi aðfaranótt mánudagsins 19. september. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 26. september kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Salóme Gunnlaugsdóttir**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Þóra Gunnsteinsdóttir**
áður Holtagerði 7,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, laugardaginn 17. september. Jarðað verður frá Fossvogskirkju, föstudaginn 23. september kl. 11.00.

**Geir Magnússon** **Kristín Björnsdóttir**
**Helgi Magnússon** **Guðlaug Guðjónsdóttir**
**Jóhannes Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**Næringarfræðingurinn Dr. Chris Mohr** heldur opinn fyrirlestur um næringu í Andrews-leikhúsinu á Ásbrú í kvöld klukkan 20. Mohr er sérfræðingur í að útskýra flókna næringarfræði á einföldu mannamáli. Fyrirlesturinn er haldinn í tilefni af Þjálfarabúðum Heilsuskóla Keilis.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**Sigurjón Magnússon, bankastarfsmaður á tvær ævintýralegar ferðir til Afríku að baki.**

## Á bátsskel innan um fíla og flóðhesta



FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Ég fór í tvær vinnuferðir til Afríku þegar ég starfaði hjá bresku fjárfestingarfyrirtæki á góðæristímanum," byrjar Sigurjón Magnússon bankastarfsmaður þegar hann er beðinn um ferðasögu. „Önnur ferðin var til Sambíu til að skoða koparnámur. Inn á milli var svo boðið upp á ævintýri. Ég gisti til dæmis í litlum kofa þar sem allt var kvikt af skordýrum, eins og víðar í Afríku. Kofinn var í smá þyrpingu í stórum þjóðgarði. Í vikunni áður hafði fílahjörð farið þar um og hlébarðar gera sig þar stundum heimakomna, því var kannski ekki skrítið að utan við hvern kofa stóð varðmaður með byssu alla nóttina. Við fórum í nætursafarí með ljóskastara á bílnum til að skoða dýralífið sem var mjög áhugavert. Einnig var ég við veiðar í Sambesífljóti hálfan dag á litlum báti. Þar voru krókódílar á sveimi og fílar og flóðhestar að svamla."

Í hinni Afríkuferðinni fór Sigurjón til sex landa á fimm dögum og ferðaðist í einkaþotu á milli þeirra en fékk alls staðar fylgd heimamanna. Löndin voru Miðbaugs-Gínea, Angóla, Suður-Afríka, Mósambík, Kongó og Kenía. „Ég var einmitt á hóteli í Mósambík þegar ég frétti að Glitnir hefði hrunið," segir Sigurjón. „Það er eftirminnilegt." *gun@frettabladid.is*




**Hugsaðu vel um fæturna**

Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?

Teg: Arisona. Verð: 12.885,-

BIRKENSTOCK

Misty skor Laugavegi 178

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Umhverfisvænn FERNOX MAKES WATER WORK frostlögur fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni – umhverfisvænt
- Léttir dælingu

Heildsöludreifing • Skemmuvegur 10 • Sími 567 1330 • www.hringas.is

Hringás

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki



Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Amerísk gæðavara



Eirberg

Anita active

**Íþrótta-brjóstahaldarar**

- Einstakur stuðningur
- Góð öndun
- Allt að 78% minni hreyfing á brjóstum
- Verðlaunuð hönnun

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

praxis
... þegar þú vilt þægindi



Verð 6.500 kr.





Opið mánudaga til föstudaga frá kl 11 - 17 lokað á laugardögum

Verð 9.500 kr.
Litir: svart ,hvítt .blá/grátt

**Bonito ehf. Praxis,**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 - www.praxis.is**

Flottir kjólar..



**Verð 13.900 kr.**
**Litur; svart, brúnt, grátt....**

Nýkomið:
Hollensku buxurnar á 6.900 kr.
Peysur á 6.900 kr.
Gallapils á 5.900 kr.
Ermapeysur á 5.900 kr.

Kíkið á heimasíðuna okkar www.rita.is

Ríta

Bæjarlind 6 S. 554 7030
Eddufelli 2 S. 557 1730
**Sendum í póstkröfu**

ÍSLENSKT KISUNAMMI
Harðfisktöflur sem kisur elska
VINSÆL VARA




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

**Nýr göngu- og hjólastígur** var opnaður í Laugardal í vikunni. Var það lokapunktur hjólatúrs sem farinn var frá Ráðhúsi Reykjavíkur á staði þar sem gerðar hafa verið endurbætur á hjólastígum. Túrinn var liður í Samgönguviku sem stendur yfir.



# Stórkostleg landkynning

**Öll helstu alþjóðlegu tímarit samkynhneigðra beina sjónum að Íslandi um þessar mundir. Landinu er lýst sem ákjósanlegum áfangastað fyrir hinsegin fólk og athygli vakin á náttúru og fjölbreyttri afþreyingu.**

Ísland er í sviðsljósinu í öllum helstu alþjóðlegu tímaritum samkynhneigðra um þessar mundir, Divu, Curve og L-MAG meðal annarra. Athygli er vakin á landinu sem hentugum áfangastað fyrir hinsegin ferðafólk sökum góðrar stöðu í réttindabaráttu og höfuðborgin og náttúran hafin upp til skýjanna.

„Þetta er auðvitað alveg stórkostleg landkynning, burtséð frá okkar markhópi, sem á án efa eftir að opna ýmsar dyr og skila sér í auknum tekjum til ferðamannaiðnaðarins. Enda sýna rannsóknir að hinsegin fólk ferðast mikið og er reiðbúið að eyða töluverðu,“ hefur Eva María Þórarinsdóttir Lange hjá ferðaskrifstofunni Pink Iceland að segja um þá athygli sem vakin er á Íslandi í fyrrnefndum miðlum. Hún fullyrðir að aldrei hafi verið fjallað jafn mikið og ítarlega um landið á þessum vettvangi.

Segja má að Pink Iceland hafi stuðlað rækilega að þessari athygli þar sem Eva María og sambýliskona hennar og meðeigandi, Birna Hrönn Björnsdóttir, kynntu Ísland sem vænlegan áfangastað á ráðstefnu IGLTA, alþjóðlegra ferðamannasamstaka hinsegin fólks, í Bandaríkjunum fyrr á árinu. Stór hópur fjölmiðlamanna var á staðnum og varð yfir sig hrifinn af því sem Íslendingarnir höfðu til málanna að leggja.

„Við fengum ofsalega góð viðbrögð. Fólk fagnaði ákaft þessum möguleika, meðal annars í ljósi þess að samtökin hafa í gegnum tíðina einblínt svolítið á suðrænar slóðir,“ segir Eva María og getur þess að í kjölfarið hafi ritstjórar og blaðamenn stærstu miðlanna gert sér sérstaka ferð til landsins. „Þeir áttu ekki til orð af hrifningu yfir náttúrunni, litríku borgarlífi og menningu og voru undrandi yfir að heyra hversu hratt réttindabaráttan hefur gengið fyrir sig. Margir ætla að koma aftur að ári á Hinsegin daga.“

Eva María segir ávinninginn af þessari gríðarlegu umfjöllun þegar farinn að skila sér. „Fyrirspurnum og bókunum hefur snarfjölgað hjá Pink Iceland. Þessi markhópur virðist ekki vera bundinn við sumarið eins og níutíu prósent ferðamanna þannig að við ætlum að lengja þetta klassíska tímabil; bjóða upp á hópferðir til Vestfjarða í vetur í samstarfi við Markaðsstofu Vestfjarða ofan á borgarferðir sem hafa notið vinsælda. Enda er íslensk náttúra og verður alltaf helsta aðdráttaraflið.“

*roald@frettabladid.is*



„Þetta er auðvitað alveg stórkostleg landkynning,“ segir Eva María Þórarinsdóttir Lange, hjá ferðaskrifstofunni Pink Iceland, um þá athygli sem er vakin á Íslandi í helstu fjölmiðlum samkynhneigðra. Hér er hún ásamt sambýliskonu sinni og meðeiganda, Birnu Hrönn Björnsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Viðtal við Evu Maríu og Birnu birtist meðal annars í tímaritinu Curve.

Hótel þar sem börn eru ekki velkomin njóta aukinna vinsælda. Danska ferðaskrifstofan Spies hefur boðið upp á slíka áfangastaði við mikinn fögnuð. Þessi hótel eru oft þau dýrustu á sólarströndum Kanarí, Tyrklands, Grikklands og Taílands.

www.turisti.is















# Æfingakerfi sem gagnast fólki í daglegu lífi

**Þjálfarar hjá CrossFit Iceland í World Class, Kringlunni, segjast hlakka til vetrarins en ný námskeið hefjast á fjögurra vikna fresti allt árið. Þeir segja CrossFit-þjálfun skila fólki betur undirbúnu út í lífið andlega og líkamlega, þar sem auðveldara sé að takast á við öll dagleg störf.**

CrossFit-æfingarnar koma fólki í þannig form að allar daglegar áskoranir í lífinu verða auðveldari, hvort sem það er að flytja sófa eða bara að fara út í búð og andlegi þátturinn styrkist ekki síður á þessu námskeiði en hinn líkamlegi. Líkamsræktarheimurinn er að breytast með þessu – þetta nýtist fólki úti í hinu daglega lífi,“ segir Steinar Þór Ólafsson, CrossFit-þjálfari í World Class í Kringlunni.

Undir þetta tekur Guðrún Selma Steinarsdóttir CrossFit-þjálfari. „Æfingakerfið gerir það að verkum að maður verður allur einhvern veginn tilbúinn til að takast á við nýja hluti á hverjum degi. Þá er lagt mikið upp úr því að þetta sé skemmtilegt og fjölbreytt en æfingarnar eru þannig að allir geta verið á sínum hraða.“ Fjölbreytni CrossFit-kerfisins felst í því að æfingarnar eru allt frá sundi, hjólreiðum og hlaupi til ólympískra lyftinga, fimleika- og leikfimiæfinga.

World Class er með eina sex kennara sem allir eru með CrossFit-kennararéttindi en Steinar Þór segir sérstöðu World Class meðal annars vera þá að þeir sem sækja CrossFit-námskeiðin njóti þess að geta sótt aðra tíma í einum níu stöðvum í jóga, hot-jóga. „Í því kemur það mörgum vel að World Class er stór keðja sem býður upp á aðstöðu um alla borg.“

Tveir þjálfarar eru að jafnaði í hverjum tíma en farið er í gegnum upphitun, æfingar og teygjur ásamt fræðslu um mataræði

> **„Alls eru fimm grunnnámskeið í gangi í einu í CrossFit og svo eitt framhaldsnámskeið.**

og þjálfun. Vel er haldið utan um þátttakendur. Grunnnámskeiðin sem eru í gangi eru fimm hverju sinni auk eins framhaldsnámskeiðs og þau höfð á mismunandi tíma þannig að allir eiga möguleika á að komast.

„Alls eru fimm grunnnámskeið í gangi í einu í CrossFit og svo eitt framhaldsnámskeið og á þeim er alltaf ný æfing þannig að fólk getur mætt á hverjum degi án þess að lenda í því að vera að gera sömu æfinguna,“ segir Guðrún.

Steinar segir spennandi tíma vera fram undan fyrir framhaldsskólanema. „Það er afar algengt að krakkar flosni upp úr sínum íþróttum þegar menntaskólinn tekur við. Stífar æfingar í fótbolta og fimleikum eiga kannski ekki upp á pallborðið þegar þau vilja fara að sinna félagslífinu líka. Það hefur því miður ekki verið mikið í boði fyrir þennan aldurshóp sem hentar honum. Leikfimitímar innihalda breiðan aldurshóp og námskeiðin oft einhvers konar „komdu þér í form“ námskeið. Í CrossFit geta krakkarnir mætt þrisvar í viku, fengið hreyfingu, keppt við aðra eða sjálfa sig og haft gaman af.“



Guðrún Selma Steinarsdóttir, Mark Johnson, Arndís Ágústsdóttir, Fanney Sigurgeirsdóttir og Steinar Þór Ólafsson, CrossFit-þjálfarar í World Class. MYND/VALLI



## FÓLK Í MISMUNANDI FORMI

**Hjá CrossFit Iceland** æfir fjölbreyttur hópur fólks á öllum aldri, í misjafnlega góðu líkamlegu formi. Þrátt fyrir það að fólk sé statt á mismunandi stað hvað getu varðar geta allir tekið þátt í æfingu dagsins og haft jafn gaman af. Crossfit kemur fólki í þannig líkamlegt form að það getur tekist á við þær áskoranir sem lífið býður upp á. CrossFit Iceland nýtir allt umhverfið sem æfingasvæði, bæði úti og inni og engin æfing er eins.

## FJÖLBREYTT ÆFINGAKERFI

**CrossFit er** skemmtilegt æfingakerfi fyrir alla sem byggir á fjölbreyttum, hnitmiðuðum og kraftmiklum æfingum. Hver æfing er ný áskorun og veitir líkamlega og andlega vellíðan sem fylgir því að sigrast á sjálfum sér.

**CrossFit Iceland** er staðsett í World Class, Kringlunni, og stendur fyrir grunnnámskeiðum á fjögurra vikna fresti allt árið. Nauðsynlegt er að fara á grunnnámskeið til að læra æfingarnar rétt, þekkja sín takmörk og fá góða tilfinningu fyrir Crossfit. Boðið er upp á sérstaka tíma fyrir framhaldsskólanemendur.




CROSSFIT

NÝ NÁMSKEIÐ Á 4 VIKNA FRESTI

Mánudagar / miðvikudagar / föstudagar kl. 07:00
Mánudagar / miðvikudagar / föstudagar kl. 11:00
Mánudagar / miðvikudagar / föstudagar kl. 16:15
Þriðjudagar / fimmtudagar kl. 06:10 og laugardagar kl. 10:00
Þriðjudagar / fimmtudagar kl. 17:15 og laugardagar kl. 11:00

CrossFit framhaldsskólar - mánudagar / miðvikudagar / föstudagar kl. 15:00

World Class CrossFit Iceland

NÆSTU NÁMSKEIÐ HEFJAST:
3. OKTÓBER

World Class Laugum Reykjavík • Kringlunni Reykjavík • HR Reykjavík • Spönginni Grafarvogi
Dalshrauni Hafnarfirði • Ögurhvarfi Kópavogi • Turninum Kópavogi • Lágafellslaug Mosfellsbæ • Sundlaug Seltjarnarness
Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness

World Class Iceland
- HEILSURÆKT FYRIR ÞIG -



CrossFit BC býður bæði upp á námskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Enda segir Annie Mist mikilvægt að byrjendur læri að gera æfingarnar rétt. MYND/ANTON



Aðstaðan er eins og best verður á kosið. Þar á meðal tveir fullkomnir æfingasalir.

# Allir geta náð góðum árangri

**Annie Mist Þórisdóttir, heimsmeistari í CrossFit, miðlar af reynslu sinni á eigin stöð, CrossFit BC við Suðurlandsbraut.**

Annie Mist Þórisdóttir vakti heimsathygli á árinu þegar hún landaði fyrst Evróputitli og síðan heimsmeistaratitli í CrossFit. Annie Mist á og rekur, ásamt Elvari Þóri Karlssyni og fleirum, eigin CrossFit stöð, Crossfit BC við Suðurlandsbraut 4a þar sem þessi einstaka afrekskona miðlar af reynslu sinni.

„Við Elvar Þór ákváðum að opna stöðina í fyrra. Ég hafði þá náð öðru sæti í heimsmeistarakeppninni í CrossFit og var í kjölfarið fengin til að kenna CrossFit um allan heim. Elvar tók líka þátt úti og viðaði að sér reynslu og okkur fannst bara liggja beint við að opna eigin stöð í framhaldinu,“ segir Annie Mist.

Áður en lengra er haldið kemst Annie Mist ekki hjá því að þurfa að útskýra aðeins nánar út á hvað CrossFit gengur. „Þetta er æfingakerfi sem fólk stundar til að komast í sem best form. Flestir eiga að geta stundað þær æfingar sem liggja til grundvallar og eru þær lagaðar að getu hvers og eins þar til viðkomandi nær góðum tökum á þeim,“ útskýrir hún og segir aldur og líkamlegt ástand enga fyrirstöðu. „Allir geta náð langt í CrossFit. Fólk keppir í þessu fram eftir öllum aldri, jafnvel upp í sjötugt. Sjálfri tókst mér að plata foreldra mína út í CrossFit og hef verið að þjálfa þau með góðum árangri,“ bendir hún brosandi á og bætir við að námskeiðin taki mið af því að fólk sé misvel á sig komið. „Við erum með byrjendanámskeið þar sem fólk lærir að gera æfingarnar rétt og tökum fáa á hvert námskeið í einu til að viðhalda gæðum. Fjöldi á grunnnámskeiði fer aldrei yfir tólf í venjulegum tímum en fari fjöldinn yfir tuttugu er öðrum þjálfara bætt við til að halda yfirsýn,“ segir hún.



Annie Mist, heimsmeistari í CrossFit.

Að sögn Annie Mist er aðstaðan á stöðinni eins og best verður á kosið; tveir æfingasalir búnir öllum helstu tækjum og tólum undir sama þaki og Boot Camp. „Aðsóknin hefur verið mjög góð frá upphafi og allt ætlaði svo um koll að keyra þegar ég sigraði úti,“ upplýsir hún og segir stöðina eiginlega hafa sprengt húsnæðið utan af sér í kjölfarið.

„Við sjáum því fram á að flytja í stærra og enn þá betra húsnæði í janúar á næsta ári og þangað ætlum við að fá erlenda, nafntogaða þjálfara til liðs við okkur,“ upplýsir Annie Mist en fæst þó ekki til að gefa frekari deili á stöðinni. „Hins vegar get ég lofað að hún verður sú flottasta á landinu.“

Nánari upplýsingar um stöðina fást á www.crossfitbc.is.“

# Uppfyllir öll skilyrði íþróttar

**Á undanförnum árum hefur verið deilt um hvort CrossFit teljist vera íþrótt eða ekki.**

*Er CrossFit íþrótt?*
Á Íslandi og erlendis hefur verið keppt í CrossFit í nokkur ár. Fyrsta Íslandsmótið var haldið í lok apríl 2011 og eins og alþjóð veit varð Annie Mist Þórisdóttir heimsmeistari í CrossFit í sumar. Að undanförnu hefur sú einkennilega umræða átt sér stað hvort CrossFit sé íþrótt eða ekki. Í þessum pistli mun ég segja stuttlega frá því hvernig CrossFit-keppni fer fram, velta fyrir mér skilgreiningunni á íþrótt og greina að lokum eiginleika CrossFit með tilliti til eiginleika íþróttar.



Leifur Geir Hafsteinsson CrossFit Sport

*Hvernig er keppt í CrossFit?*
Skapari CrossFit, Greg Glassman, hannaði CrossFit sem íþrótt hreystinnar (e. the sport of fitness). Hann skilgreindi hreysti (fitness) sem það að geta staðið sig vel í hvers konar líkamlegum áskorunum sem fyrir mann eru lagðar og hraustasta einstaklinginn sem þann sem best innir af hendi fjöldann allan af ólíkum líkamlegum áskorunum. Það er á þessum grunni sem keppt er í CrossFit.

Í CrossFit-keppnum er sigurvegarinn sá sem best leysir fjölbreyttar og margslungnar líkamlegar áskoranir keppninnar. Keppnisgreinarnar, kallaðar WOD, eru oftast samsettar úr tveimur eða fleiri ólíkum æfingum eða þrautum. Eitt af því skemmtilegra við CrossFit-keppni er að keppendur mæta til leiks ómeðvitaðir um það hvað bíður þeirra. Allar mögulegar líkamlegar áskoranir eru leyfilegar, hlutverk keppendanna er einfaldlega að vera eins vel undirbúnir og mögulegt er til að takast á við hið óvænta.

*Hvað er íþrótt?*
Áður en hægt er að svara því hvort CrossFit teljist íþrótt eða ekki, er nauðsynlegt að velta því fyrir sér hvað felst í hugtakinu íþrótt. Orðabækur af ýmsum toga virðast nokkuð sammála um að íþrótt þurfi að fela í sér einhvers konar keppni, fara fram samkvæmt regluverki, fela í sér líkamlega áreynslu eða færni, og hafa til að bera hlutlæga og vel skilgreinda mælikvarða til að greina á milli keppenda eða liða.

*Uppfyllir CrossFit skilyrði íþróttar?*
Tökum þetta fyrir lið fyrir lið.

*Er keppt í CrossFit?*
Já, það fer ekki á milli mála.

*Fer CrossFit-keppni fram samkvæmt reglum og stöðlum?*
Vissulega gerir hún það. Fyrir hverja CrossFit-keppni er skilgreint hvernig framkvæma skal hverja æfingu, keppendum er gerð rækileg grein fyrir þessum stöðlum og þeir eru dæmdir eftir framkvæmd þeirra. Staðlarnir geta verið breytilegir milli keppna, enda eru WOD-in ólík milli keppna. Keppandi fær stig fyrir hvert WOD samkvæmt fyrirfram ákveðnum reglum, og sá keppandi sem kemur best út úr WOD-um keppninnar sigrar.



Í CrossFit er keppt í ólíkum greinum, þar á meðal hjólreiðum, ólympískum lyftingum og sundi. MYND/SVANUR ÞÓR KARLSSON

*Felur CrossFit keppni í sér líkamlega áreynslu eða færni?*
Ég er nú hræddur um það! Þeir sem reynt hafa munu seint þræta fyrir það.

*Eru hlutlægir mælikvarðar á frammistöðu til staðar?*
Að sjálfsögðu. Algengustu mælikvarðar á frammistöðu í CrossFit eru sá tími sem það tekur að framkvæma WOD, þyngd lóðs, fjöldi endurtekninga, umferða eða stiga, og vegalengd. Allt eru þetta algengir mælikvarðar úr öðrum rótgrónum íþróttum.

*Lokaorð:*
Það er því afdráttarlaus niðurstaða að CrossFit uppfyllir öll skilyrði íþróttar. Það er ósk okkar sem stöndum að CrossFit að íþróttin okkar verði viðurkennd sem slík og fái í framtíðinni að blómstra undir merkjum ÍSÍ. En þangað til munu CrossFit-arar keppa grimmt úti um allar trissur í þeirri stórskemmtilegu íþrótt sem CrossFit óneitanlega er.

*Leifur Geir Hafsteinsson,*
*eigandi og yfirþjálfari CrossFit Sport*
*leifurgeir@crossfitsport.is*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462. | **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

## CROSSFIT FYRIR ALLA

**Til eru** ýmsar útgáfur af CrossFit utan hins hefðbundna æfingakerfis, sem hafa verið settar saman með sérþarfir ólíkra hópa í huga. Þannig eru til sérhannaðar útgáfur af CrossFit fyrir börn, barnshafandi konur, eldri borgara, fótboltamenn og hermenn svo dæmi séu tekin. Þá hafa ýmsir skólar í Bandaríkjunum og Kanada tekið upp á því að kenna nemendum sínum CrossFit í velferðarskyni.



## NOTAÐI LÖGREGLUMENN Í SANTA CRUZ Í TILRAUNASKYNI

**Bandarísku hjónin** Greg og Lauren Glassman eru upphafsmenn CrossFit. Greg Glassman starfaði um árabil sem íþróttakennari við bandarískan menntaskóla áður en þau hjónin hönnuðu æfingakerfið sem liggur til grundvallar CrossFit. Kerfið prófaði hann fyrst um miðjan tíunda áratuginn þegar hann var ráðinn til að þjálfa lögregluliðið í Santa Cruz. Það mæltist samstundis vel fyrir og náði á fáeinum árum mikilli útbreiðslu um allan heim.





## SÉRFRÆÐINGAR JÁKVÆÐIR

**Ritstjórar PureHealthMD,** sem starfa meðal annars fyrir Discovery Health Channel, hafa í gegnum tíðina farið fögrum orðum um CrossFit. Þeir segja þetta æfingakerfi meðal annars stuðla að almennri hreysti á skemmri tíma heldur en margar þeirra æfinga sem eru um þessar mundir iðkaðar á líkamsræktarstöðvum í sama tilgangi. Í raun skili CrossFit betri árangri en flest önnur æfingakerfi, sem sjáist í stórauknu úthaldi og mun sterkari vöðvum svo fátt eitt sé nefnt. Þá telja þeir líka mikinn kost að ekki þurfi á fokdýrum tækjum að halda til þess að geta iðkað CrossFit með góðum árangri.

## LÍFVERÐIR DROTTNINGAR Í CROSSFIT

**CrossFit er** kennt við tæplega 2.000 líkamsræktarstöðvar um allan heim. Þá ástunda víða slökkviliðs-, lögreglumenn og herir CrossFit í heilsubótarskyni. Má þar nefna konunglegu dönsku lífvarðasveitina og kanadíska herinn.






**Ferðaklúbburinn 4x4** stefnir á haustlitaferð í Þórsmörk/Bása laugardaginn 24. september. Lokað verður fyrir skráningar í kvöld. www.f4x4.is







BMW i8 og i3. Smábíllinn i3 og sportbíllinn i8 frá BMW eru rafknúnir hugmyndabílar en hugsaðir til fjöldaframleiðslu. Talið er að þeir muni lítið breytast þegar framleiðsla þeirra hefst 2013 og 2014. i3 er fjögurra manna með 170 hestafla rafmótor og drægi upp á 120 til 160 km. i8 er tengiltvinnbíll en rafmótor og túrbínubensínvél skila 350 hestöflum.

# Draumur og veruleiki

**IAA bílasýningin í Frankfurt í Þýskalandi stendur nú sem hæst. Sýningin, sem haldin er annað hvert ár, er líklega stærsta og fjölbreyttasta bílasýning heims. Fjöldi hugmyndabíla er frumsýndur á sýningunni.**

Bílasýningin í Frankfurt, sem hófst 15. september síðastliðinn og stendur fram á sunnudaginn 25. september, á sér ærið langa sögu. Sú fyrsta var haldin árið 1897 þar sem átta bílar voru til sýnis. Sýningin í ár er sú 64. í röðinni og fjöldi sýnenda um 900. Árið 2009 mættu um 850 þúsund gestir og búist er við að sú tala verði enn hærri í ár.

Til Frankfurt mæta bílaframleiðendur heims með allt það besta og nýjasta sem þeir hafa upp á að bjóða. Fyrir tveimur árum voru til dæmis heimsfrumsýnd 206 módel. Úr slíkum fjölda er erfitt að velja það merkilegasta. Hér til hliðar má þó sjá brot af framboðinu, bæði flotta bíla ætlaða á almennan markað og frumlega hugmyndabíla sem sumir hverjir verða aldrei annað en draumur bílahönnuðanna.

*- sg*



Bugatti L'Or Blanc. Lakkið á þessum Bugatti sem aðeins er framleiddur í einu eintaki er sérstætt og er niðurstaða samvinnuverkefnis milli Bugatti og konunglegu postulínsverksmiðjunnar í Berlín.



Audi Urban. Þessi frumlegi hugmyndabíll vegur aðeins 480 kíló. Hann er búinn tveimur rafmagnsvélum sem afkasta 20 hestöflum og 47 Nm togi og fer um 70 km á hleðslunni. Audi Urban fer úr núll í hundrað km/klst á 17 sekúndum en það er einnig hámarkshraðinn.



Volkswagen NILS. Rafmagnsbíllinn er ætlaður einum farþega. Hann er búinn til úr áli og vegur aðeins 460 kg. Hann er útbúinn rafmagnsmótor sem skilar 33 hestöflum. Hann kemst 65 km á hleðslunni en hámarkshraðinn er um 130 km/klst. Bíllinn fer úr núll í hundrað á 11 sekúndum.



Kia GT. Hugmyndabíllinn frá Kia er afturhjóladrifinn með 389 hestöfl. Ekki er talið líklegt að lokaútgáfa bílsins verði jafn framúrstefnuleg og þessi.


Rafstilling ehf



Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Nýtt námskeið hefst 21. september 2011

Panelveggir
og innréttingar



á hagstæðu verði.
Gerum tilboð í heildarlausnir fyrir verslanir og fyrirtæki
Breidd: 1200/2400 mm
Lengd: 2400/1200 mm
Plastkassar og krómhillur og hengi



Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-10-1087

Reiknaðu með okkur

Nýrri bíll gæti borgað sig

Hefur þú hugleitt að það gæti verið hagstæðara að skipta yfir í nýrri bíl? Notaðu reiknivélarnar á **ergo.is** til að bera saman mismunandi bílategundir. Nýttu þér svo niðurstöðurnar í leitinni að draumabílnum. Reiknaðu með okkur á **ergo.is**

Dæmi #1 › Samanburður miðað við 1 ár › Akstur 15.000 km

| Fólksbíll A | Fólksbíll B |
|---|---|
| **Eyðsla** 1.185 l/ár | **Eyðsla** 855 l/ár |
| **Eldsneytiskostnaður** 267.810 kr. | **Eldsneytiskostnaður** 197.505 kr. |
| **Útblástur $CO_2$** 2,9 tonn | **Útblástur $CO_2$** 2,3 tonn |
| **Bifreiðagjald** 27.260 kr. | **Bifreiðagjald** 18.140 kr. |

Mismunur á kostnaði: **79.425 kr.**

ergo

Ergo › fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka › Suðurlandsbraut 14 › sími 440 4400 › www.ergo.is › ergo@ergo.is

TOYOTA SELFOSSI



CHEVROLET Silverado 2500 4wd ltz, nýskr 5/ 2007, ek 106 Þ.KM, dise.ásett Verð 5.490.000. Rnr.139089. Fluttur inn nýr af IB - plast í palli - einn eigandi uppað 100.000 km - grátt leður - 20 „ felgur og nýleg heilsársdekk - prófílbeisli - sóllúga - bakkskynjarar o.f.l dekk ek ca 6.000



TOYOTA Land cruiser 200 vx navi & lúga. nýskr 1/2008, ek aðeins 37 Þ.KM, sjálfsk. Verð 10.490.000. Rnr.274081. A.T.H er á staðnum. ljóst leður - beisli - bakkmyndavel o.f.l



TOYOTA Land cruiser 120 vx dísel. nýskr 2/2008, ek 56 Þ.KM, dísel, sjálfsk. ásett Verð 7.350.000. Rnr.290001. A.T.H er á staðnum



TOYOTA Land cruiser 120 gx 33". nýskr 11/ 2007, ek 68 Þ.KM, dísel, sjálfsk. Verð 6.990.000. Rnr.290073. a.t.h er á staðnum



TOYOTA Aygo h/b. nýskr 4/2008, ek 39 Þ.KM,, 5 gírar.ásett Verð 1.450.000. Rnr.290116. möguleiki á 90& láni. A.T.H er á staðnum

TOYOTA SELFOSSI



TOYOTA Avensis w/g sol. nýskr 2/2004, ek 160 Þ.KM, bensín, sjálfsk. ásett Verð 1.390.000. Rnr.115843. A.T.h er á staðnum



POLARIS Sportsman 4x4 850 vsk hjól. nýskr 10/2009, ek 5 Þ.KM, bensín, sjálfsk. ásett Verð 2.190.000. Rnr.114947.Spil, dráttarkúla, hiti í handföngum, handahlífar o.fl. Nýupptekinn mótor hjá umboði vegna gallla. A.T.H er á staðnum



FORD F150 4x4. Árgerð 2004, ek 116 Þ.KM, bensín, sjálfsk. ásett Verð 2.190.000. Rnr.138531. ljóst leður - topplúga - ljóst leður - a.t.h er á staðnum



TOYOTA Land cruiser 200 vx navi & lúga. nýskr 6/2010, ek 36 Þ.KM, dísel, sjálfsk. Ásett verð 16.900.000. Rnr.139916. bakkmyndavél - grátt leður - 20" krómfelgur - beisli - AUX - sóllúga - xenon aðalljós - 7 manna - fluttur inn af Toyota. A.t.h er á staðnum

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000 / 664 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

BÍLAHÖLLIN H/F BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5 www.bilahollin.is



M.Benz E 200 Kompressor Elegance, 11/2006 Ekinn 71þús. Ssk, Leður, Glerþak, Bakkskynjarar ofl. Ásett Verð 4.390.000.- Möguleiki á allt að 90% láni.



M.Benz A 150 Avantgarde, 07/2006 Ekinn 59þús. Ssk, Álfelgur, Ný dekk. Fallegt eintak. Ásett Verð 2.680.000.- Skoðar skipti á ódýrari.



Honda CR-V Executive, 03/2008 Ekinn 60þús. Ssk, Dráttarkrókur, Leður ofl . Ásett Verð 4.290.000.- Möguleiki á skiptum á ódýrari.



Hyundai Santa Fe II 2.2 Diesel 4x4, 07/2007 Ekinn 78þús. Ssk, Dráttarkrókur, Góð dekk. Ásett Verð 3.490.000.- Möguleiki á allt að 90% láni.



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.



Lexus RX400 Hybrid Luxury, 2008 Ekinn 18þús. Ssk, Leður, Dráttarkrókur, Litað gler ofl. Ásett Verð 8.490.000.- Gullfallegur bill.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

BÍLALIND.IS



CHEVROLET CORVETTE C5 Árgerð 2002, ekinn 27 Þ.KM, sjálfskiptur Verð 4.390.000. #283407

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu ESTEREL CARAMATIC fellihýsi 2001 með hörðum hliðum. Markísa, 80w sólarsella, ísskápur, salerni og grjótagrind. Flott og vel með farið hýsi. Verð 1.590 þús. Upsett á staðnum.



Til sölu Coleman Redwood, 9,5 fet. 2000 árg. Sólarsella, gasísskápur, nýlegt fortjald með dúk, markísa, og hljóðlát. Trauma miðstöð. Flott fellihýsi sem lítur vel út. Nýskoðað 2013. Ásett verð 1.050 þús, September tilboð 750 þús. Á staðnum.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



FORD Focus trend. Árgerð 2006, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.204529.



BMW 1 118i h/b e87. Árgerð 2008, ekinn 21 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.160.000. Rnr.102294.



TOYOTA Rav4. Árgerð 2007, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Hátt lán getur fylgt Rnr.204520.



DETHLEFFS Beduin emotion 595 s. Árgerð 2007, Hlaðið búnaði. Verð 4.990.000. Rnr.101239.



VW Golf basicline 16v. Árgerð 1998, ekinn 164, 5 gíra, nýskoðaður, mikið yfirfarinn Verð 490.000. uppl í síma 820-3883

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



LAND ROVER Discovery 3 s. Árgerð 2008, ekinn 84 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Ásett verð 6.190þ. TILBOÐSVERÐ 5.490.000. Rnr.217220.



HYUNDAI Getz gls. Árgerð 2009, ekinn 46 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Ásett verð 1.790þ. TILBOÐSVERÐ 1.490.000. Rnr.215832.



HYUNDAI I 10 gls. Árgerð 2009, ekinn 71 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.330.000. Rnr.217142



SUBARU Legacy sport wagon. Árgerð 2008, ekinn 81 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.Ásett verð 2.980þ TILBOÐSVERÐ 2.390.000 Rnr.111076.



MMC Pajero instyle '35. Árgerð 2007, ekinn 94 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.111340.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

HEIMSBÍLAR



LINCOLN Navigator elite long. Árgerð 2008, ekinn 71 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.leður,lúga,DVD—Einn með ÖLLU!!! Verð 8.900.000. TILBOÐ 7.900.000 stgr. Rnr.143046. Bíllinn er á staðnum S: 567-4000



VOLVO S80 turbo 20v. Árgerð 2005, ekinn 107 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Leður,álfelgur ofl. Verð 2.690.000. TILBOÐ 2.290.000 stgr Rnr.331481.



JAGUAR Xj8. Árgerð 1998, ekinn 111 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. leður,lúga,álfelgur sumar og heilsársdekk. Verð 1.890.000.TILBOÐ 1.490.000 stgr. Rnr.330151. Skoðar skipti á ódýrari.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

City Runner



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer.3 skynjarar. Örfá stk eftir. Tilboð núna með birgðir endast. 14.900 krónur. Áður 25.900. City Runner S: 567 1040 Laugarvegur 168



**TILBOÐ Í NOKKRA DAGA !**
Flottar stórar 50cc bensín vespur í rauðu og svörtu og bláu á 12" og 13" dekkjum. Box aftan á og þjófavörn fylgja frítt með. VERÐ NÚNA: 199.000. Þú sparar 79.000. City Runner S: 567 1040 Laugarvegur 168



Vorum að fá nýja sendingu af okkar vinsælu Ál-römpum, fyrir flestar tegundir bíla. Taka allt að 150kg. Verð 37,500 kr. Tilboð núna 14.900 kr.

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 14 til 17 mánudaga til föstudaga.**

HÖFÐAHÖLLIN
Tangabryggja 14-16, 110 Rvk. S. 567 4840 www.hofdahollin.is



MMC PAJERO SPORT GLS 3000 Árgerð 2006. Ekinn 124 Þ.KM Verð kr. 1.550.000.



HYUNDAI I 30 Árgerð 2009. Ekinn 44 Þ.KM Verð kr. 2.390.000.



JEEP WRANGLER Árgerð 1989. Ekinn 106 Þ.MÍLUR Verð kr. 690.000.

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

## Til sölu

# Olíusíur

**Eigum olíusíur frá K&N og AcDelco í flestar gerðir bíla frá USA á frábæru verði**

ACDelco K&N



**Opnunartími verslunar:**
Alla virka daga frá kl. 8-18.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélanetsalan



Nordsten NS 1030 árg. 1997. Verð: 500þ.kr. Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá. Sendu á bifreidar@bifreidar.is

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**http://www.bifreidar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Jeep Grand Cherokee Laredo NEW Árgerð 2011, ekinn 26þ.km, ssk. Nýja gerðin af Grand Cherokee og er á staðnum! Verð 7.990.000kr. Raðn. 131301. Sjá nánar á www.stora.is



Subaru Forester X Árgerð 2010, ekinn 24þ.km, ssk. Góður bíll sem er á staðnum til sýnis. Verð 3.990.000kr. Skipti skoðuð. Raðn. 152317. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

## Bílar til sölu



**benz E 280 cdi 1.590.þ**
Til sölu Mersedes Benz E 280 CDI Avantgerde árg 07/2004 ssk. einn með öllu, hann er ek. 510.þ km. og fæst á 1.590.þ stgr. topp viðhald Uppl. í síma 896-5290



Ford Explorer '96 sk'12. Nýleg 33" óslitin dekk. Verð aðeins 290 þús kr. uppl. í 695 5559



Til sölu Subaru Forester árg '03. Ek. 51 þús. Á nýjum heilsárs dekkjum. Einn eigandi. Verð 1.300 þús. Uppl. í s. 553 3067



Skoda Oktavia '06, Disel, ssk. Ný skoðaður. Ek. 197 þ. Listaverð 1950 þús. Vegna flutnings 1490 þús. S. 662 2247



Toyota Land Cruiser 100 Disel 10/98. Leður, krókur, filmur. Topp bíll. Verð 1950 þús. Uppl. 893 4443.



Til sölu LEXUS álfelgur 18" 4stk,undan RX jeppa,felgurær fylgja. Verð 150.000. Valdi 660 4303



**Gullmoli**
Renault Megan ekinn aðeins 64 þús. Árg. 2002, 5 gíra, nýskoðaður, ný tímareim, vetrardekk fylgja. Verð aðeins 700þ. staðgr. 843 0909.



Til sölu VW Passat árg. 2002 ek. ca. 97 þús. verð 890 þús. Möguleg er að yfirtaka lán sem stendur í 400 þús. afb. á mánuði ca. 19 þús. Billinn er nýskoðaður og hefur verið vel við haldið, vetrardekk á felgum fylgja. Uppl. Í síma 771-9203.



Renault Kangoo 1.4 2003, ekinn 114 þús. Verð: 500 þúsund. Upplýsingar í síma 896 2819.

Subaru Legacy '98. Sk, 2012 þarfnast smá lagfæringa. Verð ca. 250þús. Uppl. í 866 2350.

Nánast ónotuð negld vetrardekk á felgum af Cherokee til sölu. Uppl. í 697 7551.

## 500-999 þús.



**4x4 spargrís!**
Daihatsuterios1,316v4x4árg'98 ek.150 þús,ný tímareim,skoðaður 2012, vetraredekk,jepplingur í toppstandi og eyðir engu! TILBOÐ 350 ÞÚS stgr! s.841 8955

## Bílar óskast

**Bíll óskast**
**á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vinnuvélar



LIPRIR OG VEL BÚNIR BÍLKRANAR OG VÖRUBÍLAR Í HVERS KYNS HÍFINGARVINNU. DS-LAUSNIR ehf 561-8373 www.dslausnir.is




## Bátar

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Aukahlutir í bíla




## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Corsa '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 eða 699 6069.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Gluggar, hurðir, sólpallar/þök og allt húsaviðhald. Parket og smíðar, Uppl. í s. 896 9819.

Sprautulökkun, spautum innréttingar, innihurðir, húsgögn og fl. Gná ehf, Uppl. s. 894 7200.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Garðyrkja







## Tölvur




## Nudd

Brasilian whole body massage. S. 698 8834, Mona.

Whole body massage. S. 849 5247.

NEW!!! EXCELLENT RELAXING WHOLE BODY MASSAGE IN DOWNTOWN! THE BEST SERVICE! S.8665039

THE BEST !! LUXURY, MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME 24/7. 8698602 Annuschka

**THE NEW !! .S.**
Whole Body masage in Reykjavik Any time 8236377

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:661 8272 eða 693 0348.

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Til sölu







**Gólfhitaeinangrun**
Fyrir gólfhitalögun 30 fm, afsláttur 85.000 kr. Uppl. í s. 845 0454.

## Til sölu

TOYOTA INDUSTRIAL EQUIPMENT
BT



# Toyota rafmagns- og dísellyftarar

**Fjögurra hjóla rafmagns- og dísel-lyftarar með 2500 kg til 3000 kg lyftigetu á lager, árgerð 2011.**

Í tilefni af Sjávarútvegssýningunni verður opið hús hjá okkur á Dalvegi 6-8 frá fimmtudegi til laugardags.

Sýningartæki á staðnum, allir velkomnir að kíkja við.

Á opnunartíma Sjávarútvegssýningarinnar geta gestir haft samband í síma 898 3523 og við sækjum þá sem þess óska.

**Léttar veitingar í boði.**




**KRAFTVÉLAR**
Umboðsaðili fyrir Toyota lyftara á Íslandi

Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is

## Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Ýmislegt



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893 3503 eða 845 8588.

## Fasteignir




miðv. 21.sept. **frá kl. 17:00-18:00**

# Sólvallagata 70

(gengið inn bakatil) **101 Reykjavík**

Nýlega endurnýjuð að flestu leiti
3ja herbergja
15,2 millj áhvílandi gr.b. 68þ p/mán
Mjög auðveld kaup

Verð: **17,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# OPIN HÚS Í DAG.

**Hagamelur 45. 3ja herbergja útsýnisíbúð á frábærum stað. Opið hús í dag kl. 17:30 – 18:30.**



Nýkomin mjög falleg mikið endurnýjuð 84 fm endaíbúð í suður (gluggar á 3.vegu) á 4.hæð á fráb. stað í hjarta Vesturbæjar. Örstutt í sund, búðir, skólana og fl. Mikið endurnýjuð íbúð m.a. bað, eldhús, rafmagn, gler og fl. Suður svalir, glæsilegt útsýni. Laus fljótlega. **Skuldlaus. Verð 23,8 m. Haukur (á bjöllu) sýnir í dag milli kl. 17,30 – 18,30. Nánari uppl. veitir Ingólfur 896-5222.**

**Goðatún 32 – Garðabæ. Uppgert einbýli á einni hæð. Lítil útborgun. Opið hús í dag. Kl. 18 – 19.**



Mikið endurn. 179 fm einb. á einni hæð með auka studio íbúð í bílskúr. Nýl. eldhús, böð, parket, utanhúsklæðning og fl. 3-4 sv.herb. Ræktuð lóð. Góð staðsetn. miðsvæðis í Garðabæ. **Áhv. íbúðarlán ca 33,3 m. Verð 38 m./tilboð. Nánari uppl. veitir Ingólfur 896-5222**

VALHÖLL FASTEIGNASALA
**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði í neðri hluta Þverár. Eingöngu fluguveiði frá 14. sept. - 30. sept. Uppl. í síma 848 2304.

## Atvinna

**Tryggingaráðgjafi vill ráða vanan aðila í úthringistarf.**
**Mjög góð föst laun í boði fyrir góðan starfskraft.**
Upplýsingar í síma 8970948 og 8250006.

## Tilkynningar

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt**

Íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt verða haldin á höfuðborgarsvæðinu 5. - 9. desember nk. Próf verða einnig haldin á eftirtöldum stöðum: Akureyri 1. desember, Ísafirði 2. desember og Egilsstöðum 12. desember.

Skráning í prófin fer fram með rafrænum hætti á vef Námsmatsstofnunar, www.namsmat.is til og með 10. nóvember. Gjald fyrir þátttöku í prófi er 7.000 krónur sem greiða skal í síðasta lagi 10. nóvember inn á reikning Námsmatsstofnunar, sjá upplýsingar þar að lútandi á vef stofnunarinnar.

Sjá nánar á vefnum www.namsmat.is. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 550 2400.

*Innanríkisráðuneytinu,*
*16. september 2011*

## Húsgögn



**Hringborðstofusett á heildsöluverði**
Erum með til sölu ný og glæsileg hringborðstofusett, 1,5m í þvermál með átta stólum, verð aðeins 275.000 kr. Settin er hægt að skoða hér http://listinn.is/husgogn.htm og í Listanum, Akralind 7, virka daga frá kl. 10-17, sími: 564-4666 / 866-6101.

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Íbúð á besta stað. 110 ferm. hæð 101 R. sunnanv. Bergstaðastr. 3 saml. stofur, svefnherb. + geymsla. Í toppstandi. Gott hús og umhverfi. Leiga 190 þús./mán. Uppl. 8222894.

Lítið herbergi til leigu í Vesturbæ Rvk í kjallara, eldunaraðstaða. Sími 845 0454.

AKUREYRI-Rúmgóð 102 fm björt 4ra herb. endaíbúð í Kjalarsíðu til leigu. Endaíbúð í snyrtilegu fjölbýli á efstu hæð, sér inngangur af svölum. Þvottahús í íbúð. Stutt í alla þjónustu, leikskóli við hliðina. Sími 6646991.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Þægileg skólaherbergi allt innifalið. Uppl. í síma 821 4848 eða 578 4848 eða 869 2618.

## Húsnæði óskast

Erlent fyrirtæki vantar íbúðir m. húsg. 2-3 herb. Leigut. 3-12 mán. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

**Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.**

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.copenhagenapartments.dk eða apartments.cph@gmail.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## Sumarbústaðir

Sumarhús í Flóahreppi, 10 min frá Selfossi. S. 899 5863 www.starplus.is

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu lager og skrifst. húsnæði efst við Laugaveg.**
**134m² lager og skrifst.húsnæði efst við Laugaveg. Lagerhluti er 70 fm. - 2 lokuð skrifstofurými og kaffihorn.**
**Hentar vel lítilli heildverslun eða sérvöruverslun.**
**Uppl. Helgi 897-7086 og Ólafur 824-6703**

Iðnaðar-, lager og geymsluhúsnæði í Hafnarf til leigu. Bjóðum einnig vetrargeymslu fyrir hjólhýsi Uppl 6601060

Hundaþjálfarar óska eftir opnu rými/sal m/snyrtiaðstöðu til leigu frá 1.október. Æskileg stærð 100-130fm. Greiðslugeta pr. mán. 140þús m/vsk. Uppl. s: 848-5552/Hanna

## Geymsluhúsnæði

Upphitað geymsluhúsnæði í Garði. Tekur gleymslu minni fellihýsa og tjaldvagna. Uppl. í síma 865 1166.

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík, fellih, tjaldv, bílar ofl. ATH!gott verð!! Ennþá nokkur pláss laus. S. 698 8010 & 770-5144.

Tökum að okkur geymslu á felli-hjól-pallhýsum-tjaldvögnum (Garður) suðurnes gsm: 8671282

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
UPPHITAÐ,hreint og lyktarlaust. Myndir á Facebook og Google undir: Húsvagnageymslan Eyrarbakka. S: 564-6501.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Upphituð ferðavagna-geymsla í Borgarf.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 612 6130 , solbakki.311@gmail.com

## Atvinna í boði

Pizzeria Rizzo

**Pizza bakara vantar/ Pizza baker needed**
**Vantar vanan pizzubakara sem fyrst.**
**áhugasamir hafi samband við Billy á Grensásvegi 10, milli kl 11-18 í dag og á morgun.**
**rizzo@rizzo.is**

Pizzeria Rizzo

**Rizzo Express í Bæjarlind**
**Vantar starfsfólk í hlutastarf við afgreiðslu.**
**Íslensku kunnátta skilyrði.**
**Áhugasamir skili umsókn í Bæjarlind 2 201 kóp.**

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar / Garðabæ**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum og Garðabæ. Vinnutími önnur vika fyrir hádegi og hin eftir hádegi og önnur hver helgi.**
**Íslensku kunnátta skilyrði.**
**Framtíðarstarf.**
**Áhugasamir geta sent umsókn á linda@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)**

Vantar Iðnaðarmenn og handlagna menn í byggingariðnað, Vinna við framleiðslu og uppsetningu á ál og glereiningum. Skelin sími 578 6300 eða skelinehf@skelinehf.is

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf. Uppl. á netfang milano@internet.is

**Ræstingar - Selfoss**
Ræstingaþjónustan auglýsir eftir starfsfólki til framtíðarstarfa við ræstingar á Selfossi. Íslensku- eða góð enskukunnátta og hreint sakavottorð skilyrði fyrir ráðningu. Umsóknir berist á umsokn@rth.is

## Atvinna óskast

Húsasmiðameistari óskar eftir vinnu, helst erlendis. Upplýsingar sendist á gaur793@hotmail.com eða í síma 695 6005 Árni.

## Viðskiptatækifæri

Langar þig að opna vefverslun? Bjóðum vefverslunarkerfi sniðið að ísl. aðstæðum á frábæru verði. www.korfukerfi.net

## Einkamál

**Konur í ævintýraleit**
Nú er mikið um nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.



# ADHD

## VITUNDARVIKA 18. - 25. SEPTEMBER

## STÚLKUR GREINAST YFIRLEITT 5 ÁRUM SEINNA EN STRÁKAR

Flestar stúlkur eru ekki eins virkar og drengir, því hafa ADHD einkenni þeirra oft minna truflandi áhrif á umhverfið. Þær eiga hinsvegar oft í erfiðleikum með samskipti, gera of mikið úr hlutum, lesa vitlaust í aðstæður, sveiflast auðveldlega í skapi og einangra sig félagslega. Mikilvægt er að allir sem umgangast stúlkur með ADHD hafi skilning á þeim erfiðleikum sem þær þurfa að kljást við.

## STUÐNINGUR SKAPAR SIGURVEGARA

KRÓNAN

SELUR ADHD ENDURSKINSMERKIN

**Styrkjum gott málefni með kaupum á endurskinsmerkjum með skemmtilegum teikningum eftir Hugleik Dagsson. Allt söluandvirði merkjanna, 1.000 kr. rennur óskipt til ADHD samtakanna á Íslandi.**



ADHD samtökin **Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, sími 581-1110 www.adhd.is**

ATHYGLI JÁ TAKK

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** góna, **6.** mannþyrping, **8.** ískur, **9.** kverk, **11.** samanburðart., **12.** helgitákn, **14.** beikon, **16.** í röð, **17.** mánuður, **18.** ennþá, **20.** átt, **21.** skjótur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** knattleiksknött, **3.** tvíhljóði, **4.** fargið, **5.** tálbeita, **7.** slípaður, **10.** eldsneyti, **13.** er, **15.** ávöxtur, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gapa, **6.** ös, **8.** urg, **9.** kok, **11.** en, **12.** kross, **14.** flesk, **16.** hi, **17.** maí, **18.** enn, **20.** nv, **21.** snar.
**LÓÐRÉTT: 1.** pökk, **3.** au, **4.** pressan, **5.** agn, **7.** sorfinn, **10.** kol, **13.** sem, **15.** kíví, **16.** hes, **19.** na.






# Ó, ó, í hættulegum heimi

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Ég átti leið framhjá kirkju einni mikilli í Granada um daginn. Ég var léttur í bragði enda sól í heiði og mannlífið með líflegasta móti þarna á torginu. Síðan sá ég nokkuð sem blés skýi fyrir þetta sólskinsskap mitt.

**KONA** nokkur, í pressuðu dressi, stefnir að kirkjutröppunum með strák sinn í eftirdragi. Þegar þau nálgast tröppurnar brestur drengurinn í grát og segist hræddur við ljóta manninn. Hann átti þó ekki við Íslendinginn sem stóð eins og fornkappi á torginu heldur ölmusumann sem var reyndar nokkuð ófrýnilegur. Sat hann með útréttan lófa á kirkjutröppunum og vonaðist eftir því að svolítið fyrirfyndist af guði í fólkinu sem fór í guðshús. Hann sat á samanbrotnum pappakassa í slitnum görmum og með raunir sínar ristar í andlitið.

**ÉG ÁTTI** von á því að móðirin myndi útskýra að maðurinn þyrfti ekki að vera vondur þó vissulega væri hann ekki frýnilegur. En þess í stað segir hún: „Svona, svona, þetta er allt í lagi, mamma passar þig.“ Svo strunsar hún með drenginn inn í kirkjuna.

**EFLAUST** var það af tímaskorti eða hugsunarleysi sem konan kristallaði þarna þá hugmynd í unga kollinum að ölmusumenn væru hættulegir, eða það sem krakkar kalla ó, ó. Þar með var ölmusumaðurinn kominn í hóp með innstungum, hnífum, bílum og svona mætti lengi telja því nóg er af ó,ó, í heimi hér.

**ÞETTA** er náttúrulega gömul stjórnunartaktík. Það er að segja að viðhalda ótta og bjóða um leið vernd og fá þannig fólk til að fylgja sér umyrðalaust. Það mætti kalla hana ó, ó, taktíkina. Hún hefur líka gefist vel í pólitíkinni. Til dæmis gerði hún George Bush kleift að fara um eins og byssubrenndur meðan hann var að koma hættum heimsins fyrir kattarnef. Fann hann meira að segja einn undirflokk í ó, ó, listanum og kallaði hann „öxul hins illa“.

**ÉG VEIT** ekki hvað það er sem fer svona í taugarnar á mér við þessa taktík. Auðvitað er þetta ekki hættulaus heimur svo hún á kannski alveg fullan rétt á sér. En ég fæ það oft á tilfinninguna að það sé illa raðað á ó, ó listann. Til dæmis gæti ég best trúað því að tímaskortur og hugsunarleysi okkar góðborgaranna sé mun hættulegra en ölmusumaður á kirkjutröppunum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.
vísir

# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA





**NIKE WOMAN'S INCINERATE**
Hlaupa- og æfingaskór.
Stærðir: 36,5-42.

11.990



7.990

**NIKE KENDRA FULLZIP HOODY**
Rennd hettupeysa úr þunnu og teygjanlegu bómullarefni. Dömustærðir.



3.990

**NIKE DRI-FIT COTTON TEE**
Stuttermabolur úr teygjanlegu DRI FIT-bómullarefni með öndun. Margir litir. Dömustærðir.



8.990

**NIKE DRI-FIT COTTON PANT**
Æfingabuxur úr teygjanlegu efni. 63% bómull, 30% polyester og 7% teygjuefni. Dömustærðir.

## KLÚBBTILBOÐ

GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

CLUB INTERSPORT



**NIKE MICRO FIBER WARMUP**
Hlaupa- og æfingalli úr léttu efni.
Dömu- og herrastærðir.

10.990
(fullt verð 15.990)



5.990

**NIKE BRASILIA 4**
Íþróttataska. Stærð: Medium.



3.990

**NIKE DRI-FIT COTTON TEE**
Æfingabolur úr teygjanlegu DRI FIT-bómullarefni með öndun. Herrastærðir.



6.990

**NIKE SOFT NYLON PANT**
Íþróttabuxur með netfóðri.
Herrastærðir.

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 21. – 27. SEPTEMBER

EXPO • www.expo.is

# menning

menning@frettabladid.is

**FJALLA-EYVINDUR TIL AKUREYRAR** Leikritið Fjalla-Eyvindur eftir Jóhann Sigurjónsson, sem sýnt hefur verið í Norðurpólnum í vetur, mun nú færa sig um set og verður sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar í Rýminu föstudaginn 23. september klukkan 21 og laugardaginn 24. september klukkan 19 og 21. Leikstjóri er Marta Nordal og aðalhlutverk leika Edda Björg Eyjólfsdóttir, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Valdimar Örn Flygenring og Bjartur Guðmundsson.

## Sláturtíð í Reykjavík

Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík standa fyrir reykvískri Sláturtíð í þriðja sinn. Hátíðin hefst miðvikudaginn í næstu viku, 28. september og stendur til 3. október.

Meðal þeirra sem koma fram eru dúettinn Fagverk, skipaður Frank Aarnink og Snorra Heimissyni, og svissneski spunameistarinn og spínetleikarinn Christoph Schiller. Svo verða verk eftir Áka Ásgeirsson, Erlu Axelsdóttur og Guðmund Stein Gunnarsson flutt á sjálfspilandi hljóðfæri.

Í hádeginu föstudaginn 30. september fjalla Bernhard Gál og Belma Beslic-Gál úr Vortex Project um margmiðlun í listsköpun sinni en á laugardagskvöld flytja þau nokkur verk á tónleikum í Hafnarhúsi.

Nánari upplýsingar um hátíðina má lesa á vefsíðunni www.slatur.is.




**SLÁTUR** Frá hátíðinni í fyrra.

Vettvangur hátíðarinnar er í Hafnarhúsinu fyrir utan tónleika á mánudagskvöld sem verða í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda, Laugavegi 21. Hún er haldin í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur, tónleikaröðina Jaðarber, Austurríska sendiráðið í Kaupmannahöfn, Reykjavíkurborg og prentsmiðjuna GuðjónÓ.






## Leit að hugrekki, hjarta og heila

Leikhús ★★★★

**Galdrakarlinn í Oz**

Höfundur: Frank L. Baum. Íslensk þýðing: Bergur Þór Ingólfsson. Leikarar: Lára Jóhanna Jónsdóttir, Halldór Gylfason, Þórir Sæmundsson, Hilmar Guðjónsson, Jóhann Sigurðarson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Laddi, Tíkin Myrra. Leikmynd: Snorri Freyr Hilmarsson. Leikstjórn: Bergur Þór Ingólfsson.

**Stóra svið Borgarleikhússins**

Sagan um Galdrakarlinn í Oz eftir Frank Baum var óhemjuvinsæl þegar hún kom út snemma á síðustu öld og er fyrir löngu orðin klassísk, ekki síst fyrir tilstilli samnefndrar kvikmyndar með Judy Garland. Þar segir frá Dóróteu, lítilli foreldralausri stúlku sem elst upp hjá frændfólki sínu á búgarði í Kansas, en er hrifin burt í hvirfilbyl og lendir í ævintýralandinu Oz, beint ofan á vondu austannorninni.

Leikmyndin í Borgarleikhúsinu er margbreytileg og skemmtileg, ýkt en skýr. Lára Jóhanna Jónsdóttir fer með hlutverk Dórótheu og minnti mjög á Judy Garland forðum. Hún skilaði hlutverki sínu vel og var falleg og skýr andstæða hinna persónanna. Nornir tvær koma mjög við sögu, önnur leiðir hana til galdrakarlsins en hin vill bara vera vond. Sama leikkona lék gæðablóðið Emmu frænku og góðu nornina meðan önnur leikkona túlkaði bæði vondu nornina og Frenju fúlu, nágrannakonuna í Kansas sem vill taka hundinn af Dóróteu.

Þessi tvöföldu hlutverk eru heillandi og opna á túlkunina um hvort ævintýri Dóróteu séu draumur eða hugarórar eða bara það sem getur gerst þegar hvirfilbylur setur allt á annan endann. Allir ungu leikararnir í gervi mismunandi smáfólks og fugla léku vel og sumum tókst að kitla hláturtaugar áhorfenda með fettum sínum og brettum. Hópatriðin voru örugg og vel skipulögð.



**SKILAR HLUTVERKI SÍNU VEL** Lára Jóhanna Jónsdóttir stendur sig vel í hlutverki Dóróteu í Galdrakarlinum í Oz að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.

Þremenningarnir, ljónið huglausa, tinkarlinn (sem áður hét pjáturkarl) og fuglahræðan voru skemmtilegir; hver með sitt stóra vandamál sem leystist farsællega. Halldór Gylfason skilaði hlutverki ljónsins með elskulegu vandræðalegu viðmóti og hefur vafalítið verið í uppáhaldi hjá mörgum áhorfendum. Hilmar Guðjónsson skilaði fuglahræðunni af mikilli fimi og fyndni og sömuleiðis var Þórir Sæmundsson hjákátlega sniðugur í hlutverki tinkarlsins sem vantaði hjarta en var þó svo hjartahlýr.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir í hlutverki Emmu frænku og góðu nornarinnar Gildu var sterk og raddmikil að vanda. Vesturnornina lék Katla Margrét Þorgeirsdóttir og þótti mörgum ungum furðulegt og flott þegar hún breyttist í slím og henti eldglæringum út í loftið, en það hefði verið í lagi að gera hana ögn meira ógnvekjandi. Laddi birtist í gervi galdrakarlsins sem mynd á tjaldi og kækir hans þóttu fyndnir. Eins var hann hinn elskulegasti þegar hann birtist í eigin persónu. Kannski ekki nógu afgerandi sem galdrakarl en samt mjög góður karl. Jóhann Sigurðarson lék frændann og smellinn dyravörð hjá galdrakarlinum, sem opnar mismunandi lúgur og gerir út á misskilning. Mjög skemmtilegur.

Möguleikar leikhússins eru vel nýttir. Það er mikið að gerast á sviðinu og athygli áhorfenda allan tímann við efnið, sem má nú teljast ein bestu meðmæli sem hægt er að fá á barnasýningu. Samferðakonu minni varð að orði á heimleiðinni að einn leikari hafi verið langlangbestur: tíkin Myrra í hlutverki Tótó. Ásta Dóra Ingadóttir þjálfar Myrru, sem hlýtur að vera einstaklega prúð og greind skepna. Óhætt að lofa margbreytilegri og góðri skemmtun.

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Vel lukkuð sviðsetning á klassísku ævintýri.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 21. september**

### ➜ Tónleikar

**20.30** Bubbi Morthens heldur tónleika á Klifi í Ólafsvík. Miðaverð er kr. 2.500.

**20.30** Söngvaskáldakvöld á Boston. Þar koma fram Gunnbjörn Þorsteinsson, HEK, Gímaldin, Skúli mennski og Hjalti Þorkelsson. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Elín Ey og Myrra Rós spila á tónleikum á Trúnó. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Sævar Magnússon heldur útgáfutónleika ásamt hljómsveit á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Benni Hemm Hemm með tónleika á Faktorý. Borko og DJ Biggi Maus spila einnig. Miðaverð er kr. 1.500.

### ➜ Fundir

**12.25** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ræðir friðarhorfur í Palestínu og segir frá starfi sínu með alþjóðlegum friðarsamtökum ísraelskra og palestínskra kvenna. Fundurinn er haldinn í tilefni af útkomu bókarinnar Ríkisfang: Ekkert og er haldinn í Odda 101, Háskóla Íslands.

### ➜ Kvikmyndir

**20.00** Kvikmyndin The red shoes í leikstjórn Michael Powell frá árinu 1948 er sýnd í Menningarhúsinu Hofi af KvikYndi. Miðaverð er kr. 1.200.

### ➜ Tónlist

**22.00** DJ Óli Dóri stjórnar tónlistinni á Bakkusi.

**22.00** Plötusnúðurinn DJ Emo Beats þeytir skífum á Prikinu.

**22.00** Popp quiz með Hreimi á Den Danske Kro.

**22.00** Extreme Chill-kvöld á Kaffibarnum.

### ➜ Eldri borgarar

**13.30** Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi standa fyrir félagsvist á Korpúlfsstöðum. Allir velkomnir.

### ➜ Fyrirlestrar

**20.00** Þórhallur Eyþórsson flytur fyrirlestur sem hann nefnir Gagn að gögnum. Staðreyndir og kenningar í málvísindum. Fundurinn er haldinn í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3.

### ➜ Fótbolti

**19.30** Landslið kvenna í fótbolta mætir Belgíu á Laugardalsvelli í undankeppni fyrir EM 2013. Miðaverð er kr. 1.000. Frítt fyrir börn 16 ára og yngri.

### ➜ Samkoma

**20.00** Heimspekikaffi í Gerðubergi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Fyrsta heimspekikaffi haustsins

Gunnar Hersveinn, heimspekingur og rithöfundur, stjórnar fyrsta heimspekikaffi haustsins í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi sem fram fer í kvöld, 21. september, klukkan 20. Umfjöllunarefni kvöldsins er hvernig æfa má hjálpsemi og rækta vináttu til að bæta samfélagið. Gestur Gunnars verður Sigríður Víðis Jónsdóttir þróunarfræðingur og höfundur bókarinnar Ríkisfang: Ekkert – Flóttinn frá Írak á Akranes.

Heimspekikaffið er nýjung í dagskrá Gerðubergs en boðið verður upp á dagskrá í kaffihúsinu þriðja miðvikudagskvöld hvers mánaðar frá september og fram í byrjun desember. Fyrsta miðvikudagskvöld mánaðarins er Handverkskaffi, annað miðvikudagskvöld er Hverfiskaffi, það þriðja er Heimspekikaffi og það fjórða Bókakaffi.

Gunnar Hersveinn hefur tekið virkan þátt í samfélagsumræðunni til margra ára og skrifað bækur um gildi lífs og þjóðar. Þær heita Gæfuspor – gildin í lífinu, Orðspor – gildin í samfélaginu og Þjóðgildin – sprottin af visku þjóðar. Hann hefur jafnframt gefið út ljóðabækur, nú síðast ljóðaumslagið Sjöund, og starfað sem blaðamaður.



**HJÁLPSEMI** Gunnar Hersveinn stjórnar umræðum í heimspekikaffi í Gerðubergi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


www.visindavaka.is

STEFNUMÓT VIÐ VÍSINDAMENN Á KAFFIHÚSI

Vísindakaffi

á Súfistanum, Laugavegi

í kvöld 21. september kl. 20-21:30

Allir velkomnir!

Sagnfræðingar eru frá Mars, valdhafar frá Venus. Af hverju getum við ekki verið sammála um söguna?

Þekking á liðinni tíð er til margra hluta nytsamleg, eða svo segja margir. Dr. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur fjallar um nýtingu sögunnar á Íslandi, allt frá landnámi til okkar daga. Ari fróði sagðist vilja hafa það sem sannara reynist en var það nú satt? Fyrir hvern skrifaði hann? Á hinn bóginn má spyrja hvers vegna sagnfræðingar samtímans ættu að nöldra um stórmenni sögunnar. Skilja þeir ekki að sagan á að sameina okkur, gera okkur stolt af afrekum forfeðranna? Segjum að sagnfræðingar séu frá Mars og valdhafar frá Venus. Er þá nokkuð hægt að mætast á miðri leið? Í hvaða tómarúmi yrði það eiginlega?



SÚFISTINN KAFFIHÚS

Vísinda Vaka

Látið sjá ykkur í Háskólabíói föstudaginn 23. september!

PEOPLE rannís

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





www.penninn.is

ALLT SEM KLÆÐIR SKRIFSTOFUNA VEL

Penninn býður **gríðarlega mikið úrval** af stórum og smáum **gæðavörum** fyrir **skrifstofuna**. Jafnframt veitum við **frábæra þjónustu og ráðgjöf** varðandi **rekstrarvörur, húsgögn** og skipulag skrifstofunnar á einum og sama staðnum! Nýttu þér þægindin og pantaðu allt fyrir skrifstofuna á sama stað.

**Hafðu samband við Fyrirtækjasvið Pennans í síma 540 2050 eða fyrirspurn@penninn.is.**
Vertu jafnframt velkomin/n í verslanir okkar í Hallarmúla 2-4. Söluráðgjafar Pennans eru fyrirtækjum innanhandar með faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu.

Penninn
Með þér í vinnunni

ENNEMM / SÍA / NM48198

# Píanói stolið af tökustaðnum

**Hljómsveitin Vigri varð fyrir þeirri makalausu reynslu að píanói var stolið frá sveitinni við tökur á nýju myndbandi. Um eitt hundrað aukaleikarar tóku þátt í tökunum.**

Píanói var stolið frá hljómsveitinni Vigra við tökur á myndbandi hennar við lagið Skikkan Skaparans. Tökurnar fóru fram við Slippinn í Reykjavíkurhöfn og átti píanóið að vera í sjónum í myndbandinu.

„Við komum þarna með píanóið í sendiferðabíl og skutumst svo frá í eina klukkustund. Síðan var það bara horfið,“ segir Bjarki Pjetursson, liðsmaður Vigra. „Við fórum í Sorpu og tékkuðum hvort einhver hefði hent því en þar kannaðist enginn við píanóið. Við löbbuðum líka út með sjónum til að athuga hvort sjórinn hefði tekið það en svo var ekki. Þetta var mjög furðulegt,“ segir Bjarki og undrast að einhver hafi gerst svo kræfur að stela níðþungu píanóinu. „Það er eins og það hafi gufað upp. Þetta var alveg ótrúlegt.“

Myndbandið var tekið í einni töku í leikstjórn Ragnars Snorrasonar og fjallar um jarðarför. Það verður frumsýnt á tónleikum Vigra í Fríkirkjunni á fimmtudagskvöld þar sem útgáfu plötunnar Pink Boats, sem kom út í júní, verður fagnað.

Hátt í eitt hundrað aukaleikarar mættu í Slippinn til að leggja hljómsveitinni lið við gerð myndbandsins, þar á meðal knattspyrnukapparnir Guðmundur Reynir Gunnarsson og Skúli Jón Friðgeirsson úr KR sem eru vinir þeirra Vigra-manna.

Hljómsveitin hefur áður sent frá sér myndband við lagið Sleep, einnig í leikstjórn Ragnars. Það vakti mikla athygli og hlaut tilnefningar til verðlauna á erlendum kvikmyndahátíðum í vor.



**HORFIÐ PÍANÓ** Píanói sem átti að nota í myndbandi hljómsveitarinnar Vigra var stolið af tökustaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

freyr@frettabladid.is





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| DRIVE LUXUS VIP | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 - 6:30 - 8:30 | 2D | 16 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 10:30 | 3D | VIP |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 7 |
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 2D | 7 |
| GREEN LANTERN | kl. 10.10 | 2D | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 5:50 (vip) - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 8 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 8 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| ONE DAY | kl. 10:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 6 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 5:30 - 7 - 8 - -9:15 - 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 5 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 7 |
| FRIGHT NIGHT | kl. 8 | 3D | 16 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 5 | 2D | L |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:30 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| FRIGHT NIGHT - 3D | kl. 10:20 | 3D | 16 |

Kvikmyndahátíð Auka sýningar vegna mikla eftirspurna

| | | |
|---|---|---|
| THE TREE OF LIFE Ótextuð | kl. 6 | 10 |
| RED CLIFF enskur texti | kl. 9 | 14 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| I DON´T KNOW HOW... Í LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| WARRIOR | KL. 8 - 10.50 | 16 |
| SPY KIDS 4D | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| OUR IDIOT BROTHER | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STRUMPARNIR 3D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 - 10 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| COLOMBIANA | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MELANCHOLIA | KL. 6 - 9 | 12 |
| Á ANNAN VEG | KL. 6 - 8.30 | 10 |
| SPY KIDS 4D | KL. 5.50 | L |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 10 | 14 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| COLOMBIANA | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| COLOMBIANA | 8 og 10.15(POWER) |
| WARRIOR | 7 og 10 |
| THE DEVILS DOUBLE | 10.15 |
| CHANGE UP | 5.50 og 8 |
| STRUMPARNIR - 2D | 6 - ISL TAL |




BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

MIÐVIKUDAGUR: JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARNARHREIÐRIÐ: MAGNÚS (Q&A) 20:00 ■ *SVÍNASTÍAN* (allra síðustu sýn.) 18:00, 20:00, 22:00 ■ GE9N *22:00* ■ ANDLIT NORÐURSINS 18:00, 22:00

ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!





**LAGAHÖFUNDUR** Einar Oddsson er maðurinn á bak við hljómsveitina Grúsk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Grúskarar með plötu

Fyrsta plata Grúsks er komin út og er það Zonet sem dreifir. Á plötunni eru ellefu lög eftir Einar Oddsson sem einnig gerir textana ásamt Magnúsi Þór Sigmundssyni. Tvö laganna eru við ljóð eftir Þórarin Eldjárn og Davíð Stefánsson.

„Platan átti að koma út í fyrra en hún tafðist, eins og gerist stundum,“ segir Einar, sem er mjög ánægður með útkomuna. „Þetta byrjaði fyrir fimm árum, þannig að þetta er búið að vera langt ferli.“

Grúsk er óvenjuleg hljómsveit því hún samanstendur af 22 manna hópi söngvara og hljóðfæraleikara. Meðal þeirra sem koma við sögu á plötunni eru Pétur Hjaltested, sem er jafnframt upptökustjóri, Ásgeir Óskarsson, Birkir Rafn Gíslason, Haraldur Þorsteinsson, Björgvin Gíslason, Bergsveinn Arilíusson, Björgvin Ploder, Egill Rafnsson og Heiða Ólafsdóttur. Grúsk flytur popptónlist þar sem má greina áhrif frá Bítlunum og listarokki 8. áratugarins, í bland við nútímalegri strauma. Grúskarar hafa áður sent frá sér tvö lög sem fengu góðar viðtökur, Góða skapið og Til lífs á ný. Útgáfutónleikar verða í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði 20. október. „Ætli þetta verði ekki sex til átta manna hópur á sviðinu,“ segir Einar og lofar skemmtilegum tónleikum. - fb



**DIMMA** Frá vinstri: Birgir Jónsson, Silli Geirdal, Stefán Jakobsson og Ingó Geirdal. MYND/IGOR VERESHAGIN

# Tveir til liðs við Dimmu

**Rokksveitin Dimma ætlar að hljóðrita tónleika sína á Gauki á Stöng á fimmtudagskvöld og gefa út á stuttskífu ásamt glænýju efni í október. Skífunni er ætlað að kynna nýja liðsmenn sveitarinnar, trommarann Birgi Jónsson, sem jafnframt er forstjóri Iceland Express, og söngvarann Stefán Jakobsson. Þeir gengu til liðs við bræðurna Silla og Ingó Geirdal fyrr á árinu. Dimma er einnig að undirbúa sína þriðju breiðskífu sem kemur út á næsta ári.**

**Í október spilar sveitin á Airwaves-hátíðinni og fer í tónleikaferð til Rússlands. Þar spilar hún meðal annars á tónlistarhátíðinni Rock Immune í St. Pétursborg.**

# Stefna á nýtt samstarf í hverjum þætti

„Það er eitt „concept“ í hverjum þætti, listamennirnir eiga það sameiginlegt og þess vegna eru þeir leiddir saman,“ segir Guðmundur Kristinn Jónsson, betur þekktur sem Kiddi í Hjálmum. Hann stjórnar nýjum tónlistarþætti, Hljómskálanum, á RÚV ásamt Sigtryggi Baldurssyni.

Samstarfsverkefni þáttanna eiga eflaust eftir að vekja mikla athygli en meðal þeirra sem leiða saman hesta sína má nefna Retro Stefson og Egil Sæbjörnsson. „Retro og Egill eiga það til að mynda sameiginlegt að búa í Berlín,“ útskýrir Kiddi en meðal annarra samstarfsfélaga má nefna Magnús Eiríksson og hljómsveitina Valdimar, Jóhann Helgason og FM Belfast og Of Monsters and Men og Snorra Helgason. „Menn verða bara að geta sér til hvernig þessir listamenn tengjast,“ útskýrir Kiddi.

Áhorfendur fá að fylgjast með því þegar listamennirnir hittast og semja saman. Og svo verður lagið frumflutt í þáttunum. Kiddi upplýsir að enginn listamaður hafi sagt nei við þá þegar leitað var til hans. „Það voru allir boðnir og búnir að gera þetta. Hins vegar er ekkert einfalt að gera lag og það getur stundum tekið langan tíma. Enda eiga allir, sem koma að þættinum, það sameiginlegt að hafa prófað að búa til lag. Sem var mjög gott.“ - fgg



**STÓRSKOTALIÐ** Meðal þeirra sem semja saman lag í nýjum sjónvarpsþætti RÚV eru Valdimar og Magnús Eiríksson, Retro Stefson og Egill Sæbjörnsson og Jóhann Helgason og FM Belfast.



# sport

sport@frettabladid.is



**ÞRETTÁN LEIKMENN** úr Pepsi-deild karla voru dæmdir í leikbann í gær. Þeir eru Kristinn Jónsson og Rafn Andri Haraldsson úr Breiðabliki, Björn Daníel Sverrisson og Pétur Viðarsson úr FH, Halldór Hermann Jónsson og Hólmbert Aron Friðjónsson úr Fram, Davíð Þór Ásbjörnsson úr Fylki, Matthías Örn Friðriksson, Grindavík, Brynjar Gauti Guðjónsson og Þórarinn Ingi Valdimarsson úr ÍBV, Gunnar Þór Gunnarsson og Kjartan Henry Finnbogason úr KR og Halldór Kristinn Halldórsson úr Val.

# FH vann eftir vítakeppni

**Íslandsmeistarar FH-inga eru meistarar meistaranna í handboltanum eftir 39-38 sigur á bikarmeisurum Vals í maraþonleik í Meistarakeppni HSÍ í gær.**

**HANDBOLTI** Handboltatímabilið hófst með veislu í Kaplakrika í gær þegar FH sigraði Val 39-38 eftir tvær framlengingar og vítakeppni í Meistarakeppni HSÍ í gær í sannkölluðum háspennuleik.

FH hóf leikinn af krafti og skoraði fjögur fyrstu mörkin. Valsmenn virkuðu ryðgaðir í upphafi og töpuðu boltanum þrisvar á fjórum fyrstu mínútunum sem lagði grunninn að forystu FH sem Íslandsmeistararnir héldu allt til hálfleiks.

Allt annað var að sjá til Vals í seinni hálfleik. Menn fóru að berjast og minnkuðu muninn fljótt. Valur komst yfir í fyrsta sinn í leiknum þegar fjórar mínútur voru eftir en FH skoraði síðasta mark venjulegs leiktíma og því var framlengt.

Aftur var jafnt að lokinni framlengingu og því þurfti að framlengja aftur en FH-ingar voru þremur fleiri í lok fyrri framlengingar og lét Ingvar Guðmundsson verja frá sér í tvígang í þeirri stöðu áður en þeim tókst að jafna.

Spennan náði hámarki í seinni framlengingunni en þrátt fyrir fín færi hjá báðum liðum til að tryggja sér sigur var enn jafnt og því þurfti að grípa til vítakeppni. Í henni skoraði FH fjögur mörk gegn þremur og fagnaði sigrinum í leikslok.

„Það var karakter hjá okkur að koma til baka í venjulegum leiktíma. Mér fannst við hafa yfirhöndina þegar á leið og það varð erfiðara hjá þeim að skora," sagði jákvæður Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, í leikslok þrátt fyrir ósigurinn.

„Tvíframlengt og vítakeppni er það skemmtilegasta sem strákarnir fá. Frábær leikur," sagði Óskar.

„Þetta er fyrsti meistari meistaranna sem FH vinnur. Að vinna hann eftir svona tvíframlengdan leik og vítakeppni er mjög sætt," sagði Kristján Arason, þjálfari FH, í leikslok.

„Við erum með nýja leikmenn í stöðunum fyrir utan og ég held að það taki sinn tíma að púsla þessu saman til að láta ekki eins einfalt atriði og klippa út loka á sig. Ég er meira svekktur með vörnina en þeir eru með mjög gott línuspil sem er erfitt að stoppa," sagði Kristján að lokum. - gmi



**KLIKKAÐI Í LOKIN** Sturla Ásgeirsson skaut í slána í síðasta víti Valsmanna og sigur FH var þá í höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**OWEN** Nýtti tækifærið sitt vel. MYND/AFP

Enski deildarbikarinn í gær:

## Owen með tvö

**FÓTBOLTI** Ensku úrvalsdeildarliðin Manchester United, Arsenal, Bolton Blackburn, Newcastle og Stoke komust öll áfram í enska deildarbikarnum í gærkvöldi en Aston Villa og Tottenham eru úr leik.

Michael Owen fékk sitt fyrsta tækifæri á tímabilinu í byrjunarliði Manchester United og skoraði tvö fyrstu mörkin í 3-0 sigri á Leeds á Elland Road. Ryan Giggs innsiglaði sigurinn á lokamínútu fyrri hálfleiksins.

Kieran Gibbs, Alex Oxlade-Chamberlain og Yossi Benayoun skoruðu öll sín fyrstu mörk fyrir Arsenal sem vann 3-1 sigur á Shrewsbury Town eftir að hafa lent 0-1 undir.

Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Bolton sem vann 2-0 sigur á Aston Villa á Villa Park. Chris Eagles og Gaël Kakuta skoruðu mörkin í seinni hálfleik.

Stoke vann síðan 7-6 sigur á Tottenham eftir magnaða vítaspyrnukeppni eftir að liðunum tókst ekki að skora í 120 mínútur. - óój



**GARY MARTIN** Fór fyrir Skagaliðinu í sumar. MYND/GUÐMUNDUR BJARKI HALLDÓRSSON

Uppgjör Fótbolti.net í 1. deild:

## Gary var bestur

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Gary Martin var í gær valinn besti leikmaður 1. deildar karla í fótbolta í sumar en vefsíðan Fótbolti.net fékk þjálfara og fyrirliða deildarinnar til að velja úrvalsliðið, besta leikmanninn, besta þjálfarann og efnilegasta leikmanninum.

Gary Martin fór fyrir Skagaliðinu í sumar sem tryggði sér sæti á ný í úrvalsdeild karla. Martin skoraði 9 mörk í 16 leikjum í deildinni en hann fór á láni til Hjörring í ágúst.

Þórður Þórðarson, þjálfari ÍA, var valinn besti þjálfarinn og Selfyssingurinn Jón Daði Böðvarsson var kosinn efnilegasti leikmaður deildarinnar. - óój

**Úrvalslið 1. deildar karla:**

**Markvörður:** Kristján Finnbogason (Grótta)

**Varnarmenn:** Illugi Þór Gunnarsson (Fjölnir), Reynir Leósson (ÍA), Guðjón Heiðar Sveinsson (ÍA), Haukur Heiðar Hauksson (KA)

**Miðjumenn:** Mark Doninger (ÍA), Babacarr Sarr (Selfoss), Jón Daði Böðvarsson (Selfoss)

**Sóknarmenn:** Gary Martin (ÍA), Hjörtur Júlíus Hjartarson (ÍA), Sveinbjörn Jónasson (Þróttur)



# Gerum þá kröfu að vinna

**Íslenska kvennalandsliðið tekur á móti Belgíu á Laugardalsvelli í kvöld. Landsliðsþjálfarinn segir liðið ætla að vinna riðilinn og verði því að vinna í kvöld.**

**FÓTBOLTI** „Stelpurnar eru á jörðinni þó svo þær hafi unnið frábæran sigur á Noregi. Þær eru farnar að venjast því að vinna góðu liðin og þetta er ekki eins mikið tiltökumál í dag,“ segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvennalandsliðsins, sem mætir Belgíu í undankeppni EM í kvöld. Stelpurnar okkar lögðu Noreg um helgina og fara því í leikinn gegn Belgíu með vind í seglunum.

„Einbeitingin og andinn í hópnum hefur verið mjög góður. Það er stutt á milli leikja og því er lítið tempó á æfingum. Stelpurnar ættu því að vera ferskar þegar blásið er til leiks. Fókusinn er í lagi hjá þeim og hefur alltaf verið það hjá þessum stelpum.“

Belgíska liðið er ekki eins hátt skrifað og íslenska liðið og því má gera þá kröfu að Ísland vinni þennan leik. Stelpurnar mega heldur ekki misstíga sig í þessum leikjum gegn lakari liðum ef þær ætla að ná því markmiði sínu að komast í lokakeppni EM.

„Þetta belgíska lið byggir leik sinn upp á góðum varnarleik og þær reyna síðan að sækja hratt. Liðið er með tvo fína framherja. Liðið hefur samt ákveðna veikleika sem við munum reyna að herja á. Ég vil kannski ekki gefa það allt upp en við munum halda okkar striki og einblína á okkar leik. Við spiluðum hratt gegn Noregi og munum reyna að gera það áfram. Við viljum sækja upp í hornin og koma með fyrirgjafir. Það er okkar styrkleiki og við munum reyna að nýta hann,“ segir Sigurður Ragnar en hann gerir þá kröfu til liðsins að það vinni leikinn.



**KLÁRAR Í BÁTANA** Stelpurnar hafa æft vel síðustu daga og eru klárar í slaginn gegn Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við gerum þær kröfu á okkur sjálf að vinna. Við ætlum að vinna riðilinn og þá verðum við að vinna þennan leik. Ef við gerum það ekki þá er búið að eyðileggja leikinn góða gegn Noregi.“

Íslenska liðið brenndi sig um árið gegn Slóveníu og Sigurður segir liðið hafa lært mikið af þeim leik. Hann gleymist ekki.

„Við reynum samt að hugsa jákvætt í stað þess að hafa áhyggjur af vanmati eða álíka. Ef við einblínum of mikið á eitthvað neikvætt er meiri hætta á að eitthvað neikvætt gerist. Þess vegna viljum við hugsa jákvætt. Auðvitað brenndum við okkur um árið en við lærðum af þessum leik og hann situr sterkt í minningunni hjá öllum út af svekkelsinu,“ segir Sigurður, sem getur teflt sínu sterkasta liði fram en aðeins Katrín Ómarsdóttir hefur verið að glíma við smá meiðsli.

„Belgía hefur unnið sterk lið eins og Rússland og Suður-Kóreu. Þetta er hörkulið sem getur unnið sterkar þjóðir. Við þurfum því að vera á tánum og brjóta þær niður.“

henry@frettabladid.is

## Byrjunarlið Íslands í leiknum á móti Belgíu í kvöld

**Markvörður:** Þóra Björg Helgadóttir. **Hægri bakvörður:** Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir. **Miðverðir:** Katrín Jónsdóttir og Sif Atladóttir. **Vinstri bakvörður: Hallbera Guðný Gísladóttir.** **Tengiliðir:** Katrín Ómarsdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir og Dóra María Lárusdóttir. **Hægri kantur:** Fanndís Friðriksdóttir. **Vinstri kantur:** Hólmfríður Magnúsdóttir. **Framherji:** Margrét Lára Viðarsdóttir. Þetta er sama lið og á móti Noregi.

**Leikurinn hefst á Laugardalsvellinum klukkan 19.30**

**Þjálfarastyrkir ÍSÍ 2011**

Íþrótta- og Ólympíusamband Ísl. auglýsir eftir umsóknum um þjálfarastyrki v. menntunar erlendis 2011. Umsóknir berist á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 14. okt. nk. Uppl. gefur sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ í síma 460-1467 og á vidar@isi.is.

Sjá einnig á www.isi.is

Í dag er magnaður miðvikudagur! Fylgstu með tilboðunum

Síminn

150.000.000
+1.250.000.000

00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 150 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.250 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 21. SEPTEMBER 2011

A. 12 14 17 21 41 48
B. 05 16 23 36 37 38
C. 07 09 13 22 34 38
D. 03 06 19 24 25 31
E. 11 19 21 25 38 42
F. 01 25 35 36 39 46
G. 18 19 20 23 28 46
H. 22 27 29 39 40 42

## > Eva Mendes

„Mig langaði að vera nunna þegar ég var yngri. Áhuginn hvarf þó fljótt eftir að systir mín sagði mér að þær fengju engin laun.“

***Eva Mendes leikur í gamanmyndinni The Women, sem fjallar um konu sem kemst að framhjáhaldi eiginmanns síns og skilur við hann eftir hvatningu vinkvenna sinna. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 16.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** **ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR** **SKIPTIR ÚT GARÐPARTÝUM FYRIR SJÓNVARPSGLÁP**

## *Reynslusögur ástarlífsins á mánudagskvöldi*

Haustið. Það kemur á hverju ári og hefur alltaf sömu áhrif á heimilislífið. Garðpartýum er skipt út fyrir sófahangs og sjónvarpsgláp.

Undirrituð verður kertaóð, dregur fram alla stjaka heimilisins og reynir að fylla allar gluggakistur. Húsbóndinn hins vegar byrjar að hamast á fjarstýringunni, sem er rykfallin eftir sumarið, og leitar að hinu fullkomna sjónvarpsefni. Já, þegar sólin lækkar á lofti á imbakassinn að sjá um skemmtiatriði kvöldsins.



Það var fyrst núna í vikunni sem ég gaf mér tíma til að fara á smá stöðvaflakk og skoða hvað íslenskar sjónvarpsstöðvar bjóða landsmönnum upp á. Eins og gefur að skilja eru sjónvarpsvenjur heimilisfólksins nokkuð ólíkar og með allar þessar stöðvar verður annað hvort okkar að bíða lægri hlut.

Á mánudagskvöldið vann ég kapphlaupið um fjarstýringuna og datt inn í nýjan þátt sem ber nafnið Love Bites eða Ástin bítur. „Enn einn þátturinn sem á að kryfja samskipti kynjanna,“ hugsaði ég og byrjaði full efasemda að horfa á þáttinn. Samskiptum kynjanna hafa verið gerð góð skil í þáttum sem snúast annaðhvort um hið bitra hjónalíf, vonlausa stefnumótamenningu eða hina miklu makaleit.

Þessi þáttur kom mér hins vegar á óvart og ég lagði fjarstýringuna frá mér. Hann er byggður upp með óvanalegu sniði og fær áhorfandinn að fylgjast með nokkrum pörum í hverjum þætti. Svolítið eins og að lesa reynslusögur í tímaritum á borð við Cosmopolitan. Sumar hverjar furðu skemmtilegar og í takt við raunveruleikann þó með amerískum blæ að venju.

Meira að segja betri helmingurinn rak hausinn inn í stofu í miðjum þætti og endaði með að planta sér í sófann án þess að teygja sig í fjarstýringuna. Það eru ágætis meðmæli.

## RÚV

**15.50 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti. Einnig verður farið yfir feril einstakra listamanna. Umsjónarmenn eru Þórhallur Gunnarsson, Sigríður Pétursdóttir, Vera Sölvadóttir og Guðmundur Oddur Magnússon. (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Loftslagsvinir** (7:10) (Klima nørd) Dönsk þáttaröð. Hvað er að gerast í loftslagsmálum? Og hvað getum við gert? (e)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Finnbogi og Felix** (35:35)

**18.24 Sígildar teiknimyndir** (10:10)

**18.32 Gló magnaða** (9:10)

**18.54 Víkingalottó** (3:52)

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veðurfréttir**

**19.25 Landsleikur í fótbolta** (Ísland - Belgía) Bein útsending frá leik kvennalandsliða Íslands og Belgíu í undankeppni HM.

**21.25** Kiljan Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 MS GRM** Upptaka frá útgáfutónleikum GRM sem haldnir voru í Austurbæ 4. nóvember 2010. GRM eru þeir Gylfi Ægisson, Rúnar Þór og Megas og á þessum tónleikum komu þeir í fyrsta skipti fram þrír saman.

**00.00 Landinn** (e)

**00.30 Fréttir**

**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Land of the Lost**

**10.00 The Women**

**12.00 Kapteinn Skögultönn**

**14.00 Land of the Lost**

**16.00 The Women**

**18.00 Kapteinn Skögultönn**

**20.00 The Chumscrubber**

**22.00 The Mechanik**

**00.00 The Rookie**

**02.00 Road Trip**

**04.00 The Mechanik**

**06.00 Waterboy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (37:175)

**10.15 Cold Case** (13:22)

**11.00 Glee** (12:22)

**11.45 Grey's Anatomy** (23:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 In Treatment** (48:78)

**13.25 Gossip Girl** (21:22)

**14.10 Ghost Whisperer** (6:22)

**14.55 iCarly** (31:45)

**15.25 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Simpsons**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (3:24)

**19.45 Modern Family** (11:24)

**20.10 Borgarilmur** (5:8) Matur, kaffi, ást, tungumál og erkitýpur eru meðal viðfangsefna Ilmar í heimsókn sinni til Parísar. Ilmur eldar á minnsta veitingastað Parísarborgar, lærir að haga sér eins og frönsk dama og prófar hátísku, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

**20.45 Hot In Cleveland** (10:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland og vinkonurnar ákveða að dvelja þar um tíma og hefja nýtt líf.

**21.10 Cougar Town** (10:22)

**21.35 Hawthorne** (3:10)

**22.20 True Blood** (9:12)

**23.20 Satisfaction** (2:10)

**00.10 The Closer** (8:15)

**00.55 The Good Guys** (8:20)

**01.40 Sons of Anarchy** (8:13)

**02.25 Adam and Eve**

**04.00 Medium** (18:22)

**04.45 Cold Case** (13:22)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildarbikarinn: Leeds - Man. Utd.** Útsending frá leik Leeds United og Manchester United í enska deildarbikarnum.

**16.00 Evrópudeildarmörkin** Öll mörkin og bestu tilþrifin í síðustu leikjum í Evrópudeildinni.

**16.50 Enski deildarbikarinn: Leeds - Man. Utd.** Útsending frá leik Leeds United og Manchester United í enska deildarbikarnum.

**18.35 Enski deildarbikarinn: Brighton - Liverpool** Bein útsending frá leik Brighton og Liverpool í enska deildarbikarnum.

**20.45 Spænski boltinn: Racing - Real Madrid** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.

**22.30 Spænski boltinn: Valencia - Barcelona** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.

**00.15 Enski deildarbikarinn: Brighton - Liverpool** Útsending frá leik Brighton og Liverpool í enska deildarbikarnum.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Swansea - WBA** Útsending frá leik Swansea City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.

**18.20 Wolves - QPR** Útsending frá leik Wolverhampton Wanderers og Queens Park Rangers í ensku úrvalsdeildinni.

**20.10 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**21.05 Puskas** Skemmtilegur þáttur um bestu knattspyrnumenn sögunnar. Að þessu sinni er fjallað um Ungverjann Ference Puskas.

**21.35 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.

**22.05 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.

**23.20 Blackburn - Arsenal** Útsending frá leik Blackburn Rovers og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.25 Outsourced** (2:22) (e)

**16.50 The Marriage Ref** (4:10) (e)

**17.35 Rachael Ray**

**18.20 Nýtt útlit** (2:12) (e)

**18.50 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (36:50)

**19.15 Rules of Engagement - OPIÐ** (8:13) (e) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp.

**19.40 Hæ Gosi - OPIÐ** (3:6) (e) Íslensk gamanþáttarröð sem fékk frábærar viðtökur í sumar.

**20.10 Friday Night Lights** (5:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.

**21.00 Life Unexpected** (3:13) Bandarísk þáttaröð sem notið hefur mikilla vinsælda.

**21.45 Tobba - NÝTT** (1:12) Hin eina sanna Tobba Marinósdóttir er óhrædd við að segja skoðun sína og kafa ofan í óþægileg mál til að komast að kjarnanum. Þessi glænýi málefna- og skemmtiþáttur er stútfullur af upplýsingum, hlátri og einlægni.

**22.15 The Bridge** (12:13)

**23.05 Dexter** (11:12) (e)

**23.55 The Borgias** (4:9) (e)

**00.45 Psych** (12:16) (e)

**01.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**

**08.10 BMW Championship** (2:4)

**11.10 Golfing World**

**12.50 BMW Championship** (2:4)

**15.45 US Open 2008 - Official Film**

**16.45 Ryder Cup Official Film 2008**

**18.00 Golfing World**

**18.50 Inside the PGA Tour** (37:45)

**19.20 LPGA Highlights** (14:20)

**20.40 Champions Tour - Highlights** (18:25)

**21.35 Inside the PGA Tour** (38:45)

**22.00 Golfing World**

**22.50 PGA Tour - Highlights** (33:45)

**23.45 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**

**20.15 Gilmore Girls** (8:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Mike & Molly** (2:24) Stórskemmtilegir rómantískir gamanþættir úr smiðju Chucks Lorre og fjalla um Mike og Molly, tvo ofurvenjulega og viðkunnalega einstaklinga sem kynnast á fundi fyrir fólk sem glímir við matarfíkn, og verða ástfangin upp fyrir haus. Saman standa þau í baráttunni gegn öllum fordómunum og lélega offitugríninu - og beittasta vopn þeirra er að slá á létta strengi og svara í sömu mynt.

**22.20 Chuck** (2:24) Chuck Bartowski er mættur í fjórða sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

**23.05 Come Fly With Me** (6:6) Frábær ný gamanþáttaröð.

**23.35 Entourage** (12:12)

**00.00 Daily Show: Global Edition**

**00.25 Gilmore Girls** (8:22)

**01.10 The Doctors** (117:175)

**01.55 Fréttir Stöðvar 2**

**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason** Rætt við nýkjörinn formann SUS.

**20.30 Veiðisumarið** Bender og félagar með fullt af flottu efni.

**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg matreiðir eitthvað nýtt og spennandi.

**21.30 Gunnar Dal** Jón Kristinn við fótskör meistarans, þriðji þáttur.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


Magnaður miðvikudagur

SkjárEinn í opinni dagskrá í dag!



Ef þú er með Sjónvarp Símans sérðu SkjáEinn í opinni dagskrá í dag.

Þú færð meira hjá Símanum!

siminn.is

Síminn

Greidd eru mánaðargjöld skv. verðskrá, nánar á siminn.is

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT KL. 18.35

### Brighton - Liverpool

Bein útsending frá leik Brighton og Liverpool í þriðju umferð ensku deildarbikarkeppninnar. Það er einnig leikið í spænska boltanum í kvöld og kl. 17.55 hefst útsending frá leik Racing Santander og Real Madrid á Sport 3 og kl. 19.55 tekur við stórleikur Valencia og Barcelona.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Kynslóðir mætast **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ennislokkur einvaldsins **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Þá mun ljóð mitt koma til þín **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.10** Fawlty Towers **11.45** ,Allo ,Allo! **12.15** ,Allo ,Allo! **12.50** The Inspector Lynley Mysteries **13.35** The Inspector Lynley Mysteries **14.20** Keeping Up Appearances **14.50** Keeping Up Appearances **15.20** ,Allo ,Allo! **15.55** ,Allo ,Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.05** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** The Thick of It **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.10** Live at the Apollo **23.55** QI **00.25** The Thick of It

### DR 1

**10.10** Kontant **10.35** Dage i haven **11.05** Vores Liv: Skattejægerne **11.35** Aftenshowet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Stor & Lille **14.30** Shanes verden **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv: Hos Lægen **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Dronningeofret **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Damages **20.40** Damages **21.25** Onsdags Lotto **21.30** OBS **21.35** Ved du hvem du er?

### NRK 1

**09.30** Magasin **10.00** Nyheter **10.15** Filmavisen **10.25** VM sykkel **11.00** Nyheter **11.05** VM sykkel **12.00** Nyheter **12.05** VM sykkel **13.00** Nyheter **13.10** VM sykkel **14.00** Nyheter **14.10** VM sykkel **15.00** Nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** 4-4-2 **18.55** Distriktsnyheter **20.05** House **20.50** Vikinglotto **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.45** Jimmys matfabrikk **22.15** Folk i farta **22.45** Jobben er livet

### SVT 1

**10.30** Cykel-VM **14.00** Rapport **14.05** Cykel-VM **15.00** Mannen som vet **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Bron **20.00** True Blood **20.55** Bored to Death **21.25** Skavlan **22.25** Landet Brunsås **22.55** Rapport **23.00** Dox **00.30** Damages **01.10** Tillfällets hjältar **01.40** Rapport **01.45** Hübinette **02.15** Korrespondenterna **02.45** Rapport

Í OPINNI DAGSKRÁ
KL. 21.45 Í KVÖLD




GLÆNÝIR ÞÆTTIR Á MIÐVIKUDÖGUM Á SKJÁEINUM

SkjárEinn býður þér vandaða dagskrá, einfalda og auðskiljanlega verðskrá og svo geturðu horft á uppáhaldsþættina þína í SkjáEinum Netfrelsi þegar þér hentar. Áskrift að SkjáEinum kostar aðeins 3.490 kr. á mánuði meðan Stöð 2 kostar 7.490.

**Tryggðu þér áskrift í 595 6000 eða smelltu þér á skjareinn.is**

Með áskriftinni færðu **Netfrelsi** og getur séð alla uppáhaldsþættina þína í fullum gæðum á netinu hvar og hvenær sem er.

SKJÁREINN Í SJÓNVARPINU + SKJÁREINN Í TÖLVUNNI + SKJÁREINN Í IPADINUM + SKJÁREINN Í SÍMANUM

SKJÁREINN AÐEINS
3.490 KR.
Á MÁNUÐI

EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

LANDMARK
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS
512 4900
www.landmark.is!



Magnús Einarsson, löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen, sölustjóri
Sigurður Samúelsson, löggiltur fasteignasali
Sveinn Eyland, löggiltur fasteignasali
Kristberg Snjólfsson, sölufulltrúi
Friðbert Bragason, sölufulltrúi
Eggert Maríuson, sölufulltrúi
Sigrún Hákonardóttir, viðskiptafræðingur - skjalagerð

Árangur - Fagmennska - Framsækni

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Foster the People - Pumped up Kicks, Kanye West og Jay Z - Otis og Okkar leið með Emmsjé Gauta og Friðriki Dór. Gleði og gír lekur af þessum snilldarlögum. Eðalefni í eyrun á góðum degi.“*

Jón Gunnar Geirdal, hugmyndasmiður og markaðssérfræðingur hjá N1.

# Sigurjón krafinn um sex milljónir króna

„Stefnan hefur ekki verið birt og því er líklegt að hér hafi bara verið um tilraun til að reyna að fá okkur til að semja um þessa upphæð til að varna því að fréttin færi í loftið,“ segir Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi í Hollywood.

Vefsíðan TheWrap.com birti fyrir skemmstu frétt þess efnis að maður að nafni Jay Burnley, fyrrverandi þróunarstjóri Sigurjóns í Hollywood, hefði lagt fram kröfu fyrir héraðsdómi Los Angeles þar sem hann krefur Sigurjón Sighvatsson um greiðslu 50 þúsund dollara, um 5,8 milljónir íslenskra króna, fyrir svik og samningsrof vegna kvikmyndarinnar Killer Elite. Myndin verður frumsýnd á föstudaginn. Burnley segist hafa unnið að myndinni í sjö ár og hjálpað til við að koma henni á hvíta tjaldið. Honum hafi í staðinn verið boðin staða meðframleiðanda og áðurnefnda upphæð en ekki hafi verið staðið við þau loforð.

Sigurjón segir mál af þessu tagi algeng í Hollywood og nefnir sem dæmi frægt húðflúrsmál í tengslum við Hangover 2. „Þar sem ljósin eru skærust eru skuggarnir stærstir. Og það er ýmislegt ljótt sem býr í skugganum.“ Hann segir málið hið undarlegasta því Burnley þessi hafi fyrir það fyrsta ekkert skriflegt í höndunum. Þá sé hann auk þess starfsmaður vefmiðilsins sem birti fréttina upphaflega. Sem kemur einnig fram í frétt TheWrap.com. „Krafan er algerlega staðlaus. Þar að auki er hún svo lág að viðkomandi aðili vill hvetja okkur til að greiða og semja því það kostar í það minnsta tvöfalt meira að verja sig gagnvart henni.“ Sigurjón bendir jafnframt á að krafan kemur rétt áður en myndin er frumsýnd en Burnley þessi hafi hætt störfum hjá sér fyrir tveimur árum. „Ég er nánast alveg handviss um að þessu máli verði vísað frá eftir viku.“ - fgg



**UNDARLEGT MÁL** Sigurjón Sighvatsson segir mál Jay Burnley vera hið undarlegasta og hann á ekki von á öðru en að því verði vísað frá eftir viku.






**GÓÐUR HÓPUR**
Breski tónlistarmaðurinn **Example** fór á topp breska listans með nýjustu plötu sína á dögunum. Hann tók upp myndband við lagið Midnight Run á dögunum. **Þorsteinn Bachmann**, **Fjölnir tattú** og fyrirsætan **Svala Lind** koma fram í myndbandinu ásamt Example sjálfum.

**ÞORSTEINN BACHMANN:** ILLMENNI Í TÓNLISTARMYNDBANDI EXAMPLE

# Svala, Þorsteinn og Fjölnir í myndbandi spútnikstjörnu

„Elliot er mjög hress og þetta var bara gaman,“ segir leikarinn Þorsteinn Bachmann, sem var í roki á Reykjanesi þegar Fréttablaðið náði í hann.

Breski tónlistarmaðurinn Elliot John Gleave, sem gengur undir listamannsnafninu Example, tók upp tónlistarmyndband við lagið Midnight Run hér á landi í byrjun vikunnar. Þorsteinn Bachmann, fyrirsætan Svala Lind Þorvaldsdóttir og húðflúrarinn Fjölnir Geir Bragason koma fram í myndbandinu, sem var meðal annars tekið upp í eyðibýli við Stokkseyri og á Reykjanesi.

Þorsteinn leikur í myndbandinu illmenni í anda Daniels Day-Lewis úr kvikmyndinni There Will Be Blood. Hann skartar glæsilegu skeggi þessa dagana og smellpassar því í hlutverkið. „Ég er ansi illur í myndbandinu, eins og þú getur ímyndað þér, með þetta skegg. Ég er vondi karlinn. Einhver Coen-bræðra-olíukóngur. Ég er að kaupa hann til að vinna. Með peningum náttúrulega. Þetta er svona eins og tónlistarmyndbönd eru, söguþráðurinn er frekar lauslegur.“

Example er gríðarlega vinsæll í heimalandi sínu um þessar mundir. Hann gaf út þriðju breiðskífuna sína á dögunum og rauk hún beint á topp breska listans. Platan er í þriðja sæti listans í dag, sæti fyrir neðan Adele, sem hefur notið gríðarlegra vinsælda undanfarna mánuði. Þá á hann tvö lög á breska smáskífulistanum, Stay Awake, í sjötta sæti, og Change the Way You Kiss Me í 29. sæti.

Eftir að tökum á myndbandinu lauk þurfti Example að drífa sig upp í næstu vél til London, en þaðan heldur hann svo til Ástralíu á næstu dögum. „Mér skilst að það sé búið að fá leyfi fyrir því að hann komi seint inn í vélina,“ segir Þorsteinn léttur. „Þannig að það var kappkostað að fá sem mest af kappanum.“ atlifannar@frettabladid.is

# Sissel Kirkjebø aftur til Íslands

Einn heppinn drengjasópran fær að syngja með norsku stórsöngkonunni Sissel Kyrkjebø á Frostrósar-tónleikum í Hörpu 10. desember. Haldnar verða sérstakar áheyrnarprufur um miðjan október þar sem strákar geta látið ljós sitt skína. Að sögn Samúels Kristjánssonar tónleikahaldara er ekki enn orðið ljóst hvert lagið verður sem hinn útvaldi fær að syngja.

Tónleikarnir nefnast Frostrósir klassík en þetta er annað árið í röð sem slíkir tónleikar eru haldnir samhliða Frostrósa-tónleikunum sjálfum.

Einvalalið söngvara kemur fram með Kyrkjebø en hún mun meðal annars syngja dúett með Garðari Thor Cortes. Þetta er í annað sinn sem Sissel kemur fram á Frostrósa-tónleikum og Samúel segir hana vera mikinn feng.

„Tónleikarnir hennar 2006 heppnuðust alveg feikilega vel og hún er mjög spennt fyrir því að koma aftur hingað,“ segir Samúel en þeim tónleikum var sjónvarpað út um allan heim og er talið að alls hafi 150 milljónir manna horft á þá.

Þetta er tíunda árið sem Frostrósir eru haldnar en af því tilefni verða haldnir veglegir afmælistónleikar í Hörpu 3.-5. desember þar sem fram koma helstu söngvarar hinna íslensku Frostrósa frá upphafi en miðasala hefst í október. - fgg



**VINSÆL** Sissel Kyrkjebø nýtur mikilla vinsælda en plötur hennar hafa selst í milljónum eintaka.




Borgarilmur er ný þáttaröð þar sem Ilmur Kristjánsdóttir heimsækir 8 af 31 áfangastað Icelandair í Evrópu og Norður-Ameríku. Fylgstu með á Stöð 2 næstu miðvikudaga.

Og fyrst þú ert að hugsa um ferðalög þá er ekki úr vegi að kíkja inn á www.icelandair.is.

ICELANDAIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fjórir fyrir einn

Stjórnarliðar VG í ríkisstjórn höfðu í nógu að snúast þegar þeir gengu í störf kollega sinna í gær. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra var jafnframt utanríkisráðherra í fjarveru Össurar Skarphéðinssonar og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hafði velferðarráðuneytið á sinni könnu. Enginn komst þó með tærnar þar sem **Svandís Svavarsdóttir** umhverfisráðherra hafði hælana í gær. Hún er mennta- og menningarmálaráðherra fyrir Katrínu Jakobsdóttur auk þess að sinna starfi efnahags- og viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra – allt á sama tíma.



### Slegist um Berndsen

Tónlistarmaðurinn **Davíð Berndsen** er að flytjast til Portúgals þar sem hann hyggst dveljast um hríð. Flutningarnir eru honum eflaust kærkomnir enda hafa símnæðir Berndsens rokið upp úr öllu valdi eftir samstarf hans og Bubba Morthens í laginu Úlfur úlfur. Berndsen hefur nýlega lokið við gerð plötu með söngkonunni Þórunni Antoníu og síminn hefur vart stoppað hjá tónlistarmönnum sem vilja vinna með honum. Þeirra á meðal eru Herbert Guðmundsson og Helgi Björnsson sem greinilega kunna að meta eitís-tónlist kappans.

- jab, hdm



## Mest lesið Vísir

1. Hvað ef Lakagígar myndu gjósa í dag?
2. Landið þolir hesta verr en fjórhjól
3. Óþverralegt athæfi sem verður rannsakað
4. Stálbrú frá 1899 fær andlitslyftingu
5. Fjölskylda Milly Dowler fær milljónir frá Murdoch





